

FJÁRMÁLATÍÐINDI

TÍMARIT UM EFNAHAGSMÁL

GEFIÐ ÚT AF HAGFRÆÐIDEILD
SEÐLABANKA ÍSLANDS

RITSTJÓRAR: JÓHANNES NORDAL
VALDIMAR KRISTINSSON

APRÍL—JÚLÍ 1968

EFTA og breyttar útflutningshorfur	83
Frá ársfundi Seðlabankans	85
Um þróun iðnaðar og viðskipta í EFTA	93
Álit og tillögur um áætlunargerð	104
Tillögur um hagnýta áætlunargerð á Íslandi eftir Albert Waterston ..	112
Samgöngur	127
Innlánsstofnanir 1967	140
Gjaldeyrisviðskipti	151
Erlend lán 1967	158

Töflur og línurit

165—183

Þjóðarframleiðsla og verðmæta- ráðstöfun	165	Greiðslujöfnuður við útlönd og við- skiptakjör	173
Fiskaflokkur og hagnýting hans	166	Yfirlit um peningamál	174
Framleiðsla mjólkurafurða og sala þeirra innan lands	167	Úr reikningum Seðlabankans	175
Iðnaðarframleiðsla	167	Innlán og útlán viðskiptabanka og sparisjóða	176
Samgöngur	167	Peningamálalínurit	177
Visitölur verðlags og tekna	168	Efnahagsreikningur Seðlabank- ans	178—179
Inn- og útflutningur og vöruskipta- jöfnuður eftir mánuðum	169	Efnahagur viðskiptabankanna	180
Inn- og útflutningur og vöruskipta- jöfnuður, línurit	169	Efnahagur sparisjóða	181
Útflutningur helztu vöruflokka ..	170	Innlánsdeildir kaupfélaga og Söfn- unarsjóður Íslands	181
Viðskipti við einstök lönd	171	Gengisskráning hjá Seðlabanka Íslands	182—183
Gjaldeyrisstaða bankanna	172		

ÍSARFOLDARPRENTSMIÐJA HF.

EFTA og breyttar útflutningshorfur

Pað er kunnara en frá þurfi að segja, að þróun efnahagsmála á Íslandi hefur verið mjög óhagstæð undanfarið hálf tannað ár, og hefur hún einkennzt af miklum samdrætti útflutningstekna vegna verðfalls og minnkandi aflamagns. Annars staðar í þessu hefti Fjármálatíðinda er fjallað allrækilega um þróunina á árinu 1967, en því ári lauk með gengisbreytingu íslensku krónunnar og ýmsum fleiri ráðstöfunum til lausnar á efnahagsvandamálunum. Of snemmt virðist enn sem komið er að leggja nokkurn fullnaðardóm á það, hvern árangur þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, muni bera. Enginn vafi er á því, að gengisbreytingin hefur þegar haft mikil áhrif í þá átt að leiðrétta þann mikla halla, sem orðinn var á greiðslujöfnuðinum. Hefur innflutningur og gjaldeyrisnotkun dregið verulega saman, ef miðað er við undanfarið ár og reiknað á sama gengi. Hin óhagstæða þróun gjaldeyrisstöðunnar fyrstu fimm mánuði ársins er að talsverðu leyti árstíðabundin, en jafnframt hefur átt sér stað veruleg aukning útflutningsvörubirgða gagnstætt því, sem var á sama tíma 1967. Vertíðarframleiðsla hefur einnig reynzt meiri nú en í fyrra.

Sú þáttur þróunarinnar undanfarna mánuði, sem mestum áhyggjum hlýtur að valda, eru áframhaldandi erfiðleikar

á sölu sjávarafurða og lágt eða fallandi verðlag á mörgum mikilvægum sjávarafurðum. Segja má, að fiskveiðar og fiskiðnaður flestra landa eigi nú við margvislega fjárhagslega örðugleika að etja og hvergi sjáist merki, er bendi til þess, að skjóts bata megi vænta. Sú spurning hlýtur að verða áleitin við þessar aðstæður, hvort þau umskipti, sem átt hafa sér stað undanfarið hálf tannað ár, marki varanlega breytingu að því er varðar þróun útflutningstekna Íslendinga af sjávarafurðum. Hin mikla aukning verðmætis útflutnings á árunum 1961—1965 byggðist bæði á hækkandi verðlagi og mikilli aukningu aflamagns vegna sterkra súldarárganga og nýrrar veiðitækni, þar sem Íslendingar voru í fararbroddi. Þessi tækni breiðist nú óðfluga til annarra þjóða, sem leggja kapp á að auka fiskframleiðslu sína, og hefur þannig áhrif í þá átt að þrýsta niður afurðaverði. Hin mikla vernd, sem fiskiðnaður og fiskveiðar njóta í mörgum löndum, svo og mikill beinn stuðningur við þessa atvinnugrein, veldur því, að framleiðsla er haldið uppi, jafnvel þótt hún hætti að borga sig. Hlýtur þetta að þrengja mjög hag þeirra þjóða, sem háðar eru útflutningi sjávarafurða, en þar hafa Íslendingar algera sérstöðu.

Fari svo, að sá grunur reynist réttur, að þróunin varðandi verðlag og sölu

sjávarafurða erlendis hafi breytt varanlega til hins verra, hlýtur það að hafa afdrifarík áhrif á stefnu Íslendinga í efnahagsmálum á næstu árum. Ekki svo að skilja, að sjávarútvegurinn haldi ekki áfram að verða burðarás hins íslenska efnahagskerfis, heldur þyrfti þá að koma til endurskoðun stefnunnar í sjávarútvegsmálum, jafnframt því sem aðrar framleiðslugreinar þyrftu að eftast og renna yrði fleiri stöðum undir gjaldeyrisöflun þjóðarinnar. Það er á engan hátt ætlunin að reyna í þessu stutta spjalli að rekja þær breytingar á efnahagsmálastefnu Íslendinga, sem þessi nýju viðhorf krefjast. Aðeins skal á það bent, hve mikilvægt þetta viðhorf er varðandi mat manna á því, hvers virði Íslendingum sé aðild að fríverzlun- arbandalagi Evrópu, en um það mál er fjallað í grein, sem Einar Benediktsson ritar í þetta hefti Fjármálatíðinda.

Efnahagsörðugleikar Íslendinga að undanfögnu hafa tvímælalaust sýnt það betur en nokkru sinni fyrr, hve hættulegt það er fyrir smáþjóð, sem á alla afkomu sína undir hagstæðum utanríkisviðskiptum, að standa ein utan allra markaðsbandalaga. Hér kemur ekki aðins til sá beini hagur, sem sjávarútvegur Íslendinga mundi hafa af tollalækkunum í EFTA löndum, heldur ekki síður sú aðstaða til þátttöku í myndun viðskiptastefnunnar á þessu sviði, sem að-

ild að EFTA mundi hafa í för með sér. Sé lítið á aðrar greinar en sjávarútveginn, og þá fyrst og fremst iðnaðinn, er nokkurn veginn augljóst, að engin von er um verulega aukningu útflutnings, nema Íslendingar fái greiðan og tollfrjálsan aðgang að stórum mörkuðum. Eitt nærtækt dæmi um þetta mætti nefna að lokum.

Þegar byggingu álbræðslunnar í Straumsvík er lokið, verður til fyrir íslenskan iðnað á mjög hagstæðu verði, nýtt innlent hráefni, sem gæti orðið undirstaða margvíslegs málmíðnaðar. Íslenski markaðurinn er hins vegar allt of lítill til þess, að hægt sé að byggja hér álvinnsluver, er sé af hagstæðri stærð og samkeppnishæft við stórfyrtæki annarra landa. Framleiðsluvörur úr áli eru alls staðar tollaðar, enda þótt tollur af hráefninu sé yfirleitt lítill eða enginn. Lítil von er því til þess, að verulegur álíðnaður vaxi upp hér á landi, nema Íslendingar fái aðgang að erlendum mörkuðum, svo sem með aðild að EFTA. Sama máli gegnir um ullariðnaðinn og ýmsar aðrar iðnaðargreinar, þar sem aðstaða Íslendinga ætti að geta verið allgóð. Eigi hér að vaxa upp fjölbreyttur og samkeppnishæfur útflutningsiðnaður, verður hann því að byggjast á miklu stærri markaði en nokkurn tímann verður fyrir hendi hér á landi.

J. N

Frá ársfundi Seðlabankans

Hér fer á eftir erindi það, er dr. Jóhannes Nordal, bankastjóri, formaður bankastjórnar Seðlabankans, flutti í tilfni ársfundar bankans 9. apríl 1968.

Í ársskýrslu Seðlabankans fyrir árið 1967, sem bankastjórnin hefur lagt fram í dag, er að finna margvíslegar tölulegar upplýsingar um starfsemi bankans á liðnu ári og um þá þætti í þróun þjóðarbúskaparins, er varða hann sérstaklega. Ég mun hér að venju leitast við að draga fram nokkur meginatriði í þróun efnahagsmála, en nánari tölulegar upplýsingar um einstök atriði er að finna í ársskýrslunni sjálfri. Í upphafi mun ég þó víkja stuttlega að reikningum Seðlabankans og nokkrum málum, er varða starfsemi hans og skipulag.

Nú eru í fyrsta skipti birtir í ársskýrslunni reikningar Framkvæmdasjóðs Íslands og Ríkisábyrgðasjóðs, auk reikninga Seðlabankans sjálfs. Árið 1967 var fyrsta starfsár hins nýja Framkvæmdasjóðs, en hann tók við af Framkvæmdabanka Íslands með lögum, er sett voru á árinu 1966. Hefur Framkvæmdasjóði verið falið það meginhlutverk að afla fjár til fjárfestingarlánasjóða og opinberra framkvæmda og að annast hina fjármálalegu hlið hinna árlegru framkvæmdaáætlana ríkisins. Reikningar Ríkisábyrgðasjóðs eru nú einnig í fyrsta sinn birtir með reikningum Seðlabankans, enda þótt Seðlabankinn hafi annast rekstur hans og bókhald síðan 1962, en með því móti er gefin betri heildarmynd af þeirri starfsemi,

sem bankinn hefur með höndum. Auk ríkisábyrgða hefur Ríkisábyrgðasjóður nú tekið við umsjá allra erlendra og innlendra lána, sem ríkissjóður hefur tekið og endurlánað innan lands. Óhætt er að segja, að nokkrum áfanga sé nú náð í því endurskipulagningarstarfi, sem unnið hefur verið í þessum efnum undanfarin ár og stefnt hefur að því, að Seðlabankinn taki við og annist alla bankalega þjónustu, sem ríkissjóður þarf á að halda, þar á meðal lántökur, endurlán og innheimtustörf. Það er skoðun bankastjórnar Seðlabankans, að með þessu fyrirkomulagi sé stigið stórt skref til aukinnar hagkvæmni og eðlilegrar verkaskiptingar innan fjármálakerfisins. Seðlabankinn og þær tvær stofnanir, sem hann nú annast rekstur á, Framkvæmdasjóður og Ríkisábyrgðasjóður, höfðu í árslok 1967 samanlagðan efnahagsreikning, er nam 10.300 millj. kr., og gefur sameining þessarar starfsemi tækifæri bæði til aukinnar hagkvæmni í rekstri og til sérhæfingar í lausn vandasamra viðfangsefna. Nokkur tími hlýtur þó að líða, áður en þetta geti gefið fullan ávöxt, og stendur þar m. a. á því, að Seðlabankinn fái hagkvæmara húsnæði fyrir starfsemi sína.

Annað mál, sem tafizt hefur vegna húsnæðisskorts bankans, er yfirtaka myntsláttu úr höndum ríkissjóðs. Úr

Þessu er nú að rætast, þar sem bankinn hefur fengið nokkuð rýmri afgreiðsluskilyrði í vesturhluta hússins nr. 10 við Hafnarstræti. Mun bankastjórn Seðlabankans bráðlega birta tillögur sínar og fyrirætlanir að því er varðar endurskipulagningu myntsláttu og seðlaútgáfu.

Um rekstrarafkomu Seðlabankans á árinu 1967 er það að segja, að hún hefur reynzt lítið eitt hagstæðari en á undanförnum árum, enda þótt segja megi, að afkoma bankans sé næsta rýr, þegar tekið er tillit til hins mikla fjármagns, sem hann hefur undir höndum. Veldur þar mestu um, að mikill hluti útlána bankans, sérstaklega endurkaup afurðalána, eru veitt með vöxtum, sem eru mun lægri en þeir vextir, sem Seðlabankinn borgar af bundnu fé og öðrum innlánnum. Tekur Seðlabankinn þannig á sig verulegar vaxtabyrðar til þess að tryggja útflutningsatvinnuvegunum hagstæðari vaxtakjör en ella mundi verða. Þrátt fyrir þetta hefur bankaráð Seðlabankans ákveðið að hækka arðgreiðslur af stofnfé bankans úr 6% í 7%, en arðgreiðslan rennur í sérstakan sjóð, en helmingi tekna hans árlega er varið til starfsemi Vísindasjóðs. Hefur hér verið haft í huga, að Vísindasjóði er þörf vaxandi tekna til styrkveitinga, m. a. vegna áhrifa gengisbreytingarinnar á dvalarkostnað erlendis.

Kem ég þá að þróun efnahagsmála á árinu 1967, en óhætt mun að segja, að hún hafi reynzt Íslendingum erfiðari en nokkurn grunaði fyrir ári. Var orsaka erfiðleikanna að leita í óhagstæðum ytri skilyrðum, svo sem verðlækkunum erlendis, breyttum fiskigöngum og erfiðum veðurskilyrðum, sem Íslendingar gátu engu um ráðið.

Þótt þróunin á erlendum mörkuðum hafi þegar á árinu 1966 verið farið að breytast til hins verra vegna verðfalls

mikilvægra útflutningsafurða, benti þó margt til þess framan af, að brátt myndi úr rætast. Allar slíkar vonir hafa til þessa algjörlega brugðizt. Í þess stað varð útflutningsframleiðslan á árinu 1967 fyrir stórfelldum nýjum áföllum, sem í heild leiddu til þess, að verðmæti útflutningsframleiðslunnar lækkaði um 30% á árinu. Sé borið saman við árið 1966 reyndist lækkun verðlags á útfluttum sjávarafurðum 12% á árinu, og átti sú lækkun einkum rætur að rekja til verðfalls á þremur mikilvægum flokkum afurða, síldarlýsi lækkaði um 20%, síldarmjöli, er lækkaði um 15%, og frystum fiskflökum, er lækkuðu um 16%. Ofan á þetta verðfall kom síðan lokun skreiðarmarkaðsins í Nígíeríu vegna borgarastyrjaldar þar í landi, og lá meginhluti skreiðarframleiðslunnar óseldur í árslok. Við þessa óhagstæðu markaðsþróun erlendis bættust loks áhrif versnandi aflabragða, einkum í síldveiðum, miðað við undanfarin ár. Lækkaði sjávarafli á árinu 1967 um 344 þús. lestir eða 28% miðað við árið áður, en þar sem meginhluti lækkunarinnar kom fram á síldaraflanum varð verðmætislækkun aflans nokkuð minni eða um 21% miðað við fast verðlag.

Þegar þess er gætt, að yfir 90% vöru útflutningsins eru sjávarafurðir í einhverri mynd, en bein hlutdeild sjávarútvegsins í þjóðarframleiðslunni hefur síðustu árin numið um einum fimmta hluta, gat ekki hjá því farið, að 30% lækkun framleiðsluverðmætis sjávarútvegsins hefði gagngær áhrif bæði á biðartekjur og greiðsluiöfnuð. Sé fyrst lítið á þjóðartekjur, þá benda bráðabirgðaáætlanir til þess, að þær hafi lækkað á árinu um 8%, og áttu versnandi viðskiptakjör drjúgan bátt í beirri breytingu. Til samanburðar má geta þess, að á árinu 1966 nam aukning þjóðartekna 3,7%, en 9,2% árið 1965. Þó

verkaði hér á móti, að byggingarstarfsemi jókst um 10% á árinu, einkum vegna þeirra stórframkvæmda, sem þá fór að gæta fyrir alvöru, og kom það tvímælalaust í veg fyrir enn frekari rýrnun þjóðartekna.

Lækkun útflutningsverðmætisins, en hún nam 1700 millj. kr. á árinu, kom þó með mestum þunga fram í greiðslujöfnuðinum við útlönd. Samkvæmt þeim bráðabirgðaáætlunum, sem nú liggja fyrir, varð hallinn á viðskiptajöfnuðinum, þ. e. a. s. viðskiptum með vörur og þjónustu, 2.350 millj. kr. á árinu 1967, en árið áður hafði hann verið óhagstæður um 321 millj. kr. Við mat á þessum tölum er rétt að hafa í huga, að sérstakar aðstæður voru þess valdandi, að viðskiptajöfnuður ársins 1967 var að ýmsu leyti ósambærilegur við það, sem var árin á undan. Má þar fyrst til nefna hinar miklu nýju framkvæmdir við Búrfellsvirkjun og álbræðslu í Straumsvík, en vegna þeirra átti sér stað mikill fjármagnsinnflutningur á árinu. Einnig var um að ræða mikinn innflutning skipa og flugvéla, sem greiddur var að stórum hluta með erlendum lánum. Átti þetta hvort tveggja meginþátt í því, að fjármagnsjöfnuðurinn varð hagstæður á árinu um 1180 millj. kr., en það jafnaði um helming viðskiptahallans. Þegar innkomnar fjármagnshreyfingar og skyldar greiðslur hafa verið dregnar frá hallanum á viðskiptajöfnuðinum, kemur fram heildargreiðslujöfnuður ársins, en það er sú upphæð, sem mæta varð með lækkun gjaldeyrisforðans.

Var heildargreiðslujöfnuðurinn á árinu 1967 neikvæður um 1070 millj. kr., og rýrnaði gjaldeyrisstaða bankanna um sömu fjárhæð. Er þetta í fyrsta skipti síðan 1959, sem gjaldeyrisstaðan hefur rýrnað. Hin reikningslega rýrnun gjaldeyrisstöðunnar á árinu var þó 200 millj. kr. minni en þetta, vegna þess að gjald-

eyrisforðinn jókst í krónum talið við gengisbreytinguna. Sé reiknað með gildandi gengi á hverjum tíma, rýrnaði gjaldeyrisstaðan á árinu úr 1915 millj. í árslok 1966 í 1041 millj. í árslok 1967. Um einstaka liði gjaldeyrisstöðunnar er það að segja, að eign Seðlabankans í gulli og frjálsum gjaldeyri lækkaði um tæpar 500 millj., en jafnframt jukust stuttar skuldir hans um 383 millj. kr., og er þar meðtalið 214 millj. kr. jöfnunarlán, sem tekið var hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á árinu. Enn fremur rýrnaði staða viðskiptabankanna við útlönd á árinu um 162 millj. kr., og var nettóskuld þeirra í árslok að meðtöldum freðfisksöluvixlum í Bandaríkjunum 475 millj. kr.

Hin miklu vandamál, sem sigldu í kjölfar minnkandi útflutnings og lækkandi þjóðartekna, hlutu að setja svipsinn á allar aðgerðir í efnahagsmálum á árinu 1967. Má reyndar segja, að stjórn Íslenzkra efnahagsmála hafi allt frá síðasta ársfjórðungi 1966 og til þessa dags stefnt að því einu að verjast afleiðingum þeirra áfalla, sem þjóðarbúið varð fyrir. Þegar haft er í huga, að Íslendingar hafa ekki orðið fyrir jafnmiklu tekjutapi síðan í heimskreppunni eftir 1930, verður með engu móti sagt, að þessi varnarbarátta hafi verið árangurslítill, en hún hlaut að krefjast sífellt nýrra aðgerða og endurskoðunar stefnumiða, eftir því sem ný vandamál komu til sögunnar.

Sú efnahagsstefna, sem mörkuð var í upphafi árs 1967, hafði tvö meginmarkmið. Í fyrsta lagi var reynt að koma í veg fyrir, að verðfall afurða hefði í för með sér samdrátt eða stöðvun mikilvægrar útflutningsframleiðslu. Var þetta gert bæði með beinum stuðningi við sjávarútveginn, jafnframt því sem gerðar voru víðtækar ráðstafanir til verðstöðvunar, en með þeim tókst að halda bæði verðlagi og kaupgjaldi ó-

breyttu allt frá haustinu 1966 og fram í nóvembermánuð sl.

Í öðru lagi var stefnt að því að tryggja viðunandi atvinnu, þrátt fyrir þau samdráttaráhrif, sem versnandi afkoma sjávarútvegsins hlaut að hafa í för með sér. Var á árinu haldið uppi miklum opinberum framkvæmdum, auk stórfamkvæmda við virkjun Þjórsár við Búrfell og í Straumsvík. Aðgerðir í peningamálum voru einnig við það miðaðar að koma í veg fyrir, að efnahagserfiðleikarnir hefðu í för með sér snöggan og alvarlegan samdrátt í atvinnustarfsemi og fjárfestingu.

Í þessari stefnu fólst, að neyzla og fjárfesting yrði að miklu leyti varin fyrir áhrifum þeirrar almennu tekjurýrnunar þjóðarbúsins, er fylgdi minnkandi útflutningsverðmæti. Mismunurinn hlaut að koma fram í auknum greiðsluhalla við útlönd, sem jafnaður yrði að nokkru með erlendum lántökum, en að nokkru með rýrnun gjaldeyrisstöðunnar. Hversu lengi þetta yrði framkvæmanlegt án óhóflegs gjaldeyristaps, var komið undir þróun útflutningstekna á árinu. Voru efnahagsáætlanir á fyrri hluta árs 1967 byggðar á því, að útflutningsframleiðslan lækkaði ekki nema um 10—15% frá fyrra ári, en þá hefði gjaldeyrisstaðan varla rýrnað meira en um 300—400 millj. kr. Þetta fór þó á annan veg, þar sem þróun útflutningstekna versnaði að mun, eftir því sem á árið leið, svo að tekjulækkunin varð að lokum helmingi meiri en búizt hafði verið við. Komu áhrif þess fram með vaxandi þunga á síðari helmingi ársins, rýrnun gjaldeyrisstöðunnar varð örari, en samdráttar fór að gæta í tekjuþróun og eftirspurn. Einkasparnaður minnkaði og afkoma atvinnufyrirtækja fór versnandi.

Samdráttaráhrifa gætti síðar í innflutningi og gjaldeyriseftirspurn á öðrum sviðum, og kom því lækkun út-

flutningsteknanna að miklu leyti fram í rýrnun gjaldeyrisstöðunnar. Var því þegar um haustið orðið ljóst, að grípa þyrfti til sérstakra ráðstafana til þess að draga úr greiðsluhallanum við útlönd og koma á jöfnuði í fjármálum ríkisins. Voru gerðar beinar ráðstafanir til að draga úr gjaldeyrisnotkun, m. a. til ferðalaga, jafnframt því sem dregið var úr útgjöldum ríkisins með lækkun niðurgreiðslna. Áður en séð varð, hver árangur yrði af þessum ráðstöfunum eða öðrum, sem undirbúnar höfðu verið, breyttust viðhorfin vegna gengislækkunar sterlingspundsins.

Varð þá ljóst, að gengislækkun íslensku krónunnar yrði ekki lengur umflúin, og var nýtt stofngengi, sem er 24,6% lægra en það gengi, er gilt hafði, ákveðið af Seðlabankanum með samþykki ríkisstjórnarinnar og tilkynnt hinn 24. nóvember. Var hið nýja gengi ákveðið með tilliti til þeirra erfiðleika, sem útflutningsatvinnuvegirnir höfðu átt við að búa vegna minnkandi framleiðsluverðmætis, jafnframt því sem stefnt var að því að draga úr innflutningi og koma á viðunandi greiðslujöfnuði. Ekki leikur vafi á því, að gengisbreytingin hefur þegar haft mikilvæg áhrif í þá átt að bæta greiðslujöfnuðinn, enda þótt afkoma útflutningsatvinnuveganna sé enn erfið vegna óhagstæðrar þróunar útflutningsmarkaða. Hins vegar hlaut gengisbreytingin að hafa í för með sér ný vandamál í launa- og verðlagsmálum.

Vík ég þá að þróun peningamála, en þar komu áhrif hinnar óhagstæðu framleiðslu og útflutningsþróunar fram með fullum þunga. Jukust erfiðleikarnir á peningamarkaðnum ört, eftir því sem á árið leið. Áttu atvinnufyrirtæki, sérstaklega í sjávarútvegi, við vaxandi lausafjárerfiðleika að etja á árinu vegna versnandi afkomu, en auk þess hafði

fjöldi fyrirtækja og einstaklinga ráð-
 izt í miklar fjárfestingarframkvæmdir
 á árinu 1965 og 1966, sem nú varð
 ekki snúið aftur með, þótt aðstæður
 til að framkvæma þær hefðu gjör-
 breytt. Jafnframt hafði stöðnun í tekju-
 um og ótryggara efnahagsútlit áhrif á
 almennan sparnað og fjármagnsmýndun,
 svo að mjög dró úr innlánsaukningu
 bankakerfisins, jafnframt því sem eftir-
 spurn eftir lánsfé hélzt mikil vegna
 greiðsluerfiðleika fyrirtækja. Varð útlánaaukning bankanna á árinu langt umfram ráðstöfunarfé þeirra, og var mismunurinn að stórum hluta jafnaður með peningaúttreymi úr Seðlabankanum. Rekstrarerfiðleikar fyrirtækja og minnkandi fjármagnsmýndun komu einnig fram í fjárhag fjárfestingarlánastofnana, svo að staða þeirra gagnvart Seðlabankanum versnaði stórlega á árinu. Loks átti sér stað stórfelld breyting til hins verra í fjárhag ríkissjóðs, en hann hafði orðið að taka á sig mikla aukningu útgjalda vegna niðurgreiðslna á vöruverði og erfiðleika sjávarútvegsins, jafnframt því sem stöðnun eftirspurnar hafði í för með sér lakari tekjuöflun en búizt hafði verið við.

Hið mikla peningaúttreymi úr Seðlabankanum, sem af þessu leiddi, kom beint fram í lækkun gjaldeyriseignar bankans, og átti hann því erfiða hlutverki að gegna að reyna að sporna við alvarlegri rýrnun gjaldeyrisforðans með peningalegu aðhaldi, jafnframt því sem hann reyndi að leysa úr óhjákvæmilegum vandamálum peningastofnana og atvinnuvega vegna rekstrarerfiðleika. Skal ég nú rekja nokkrar tölur, er sýna hina peningalegu þróun á árinu.

Mikill samdráttur varð í aukningu innlána hjá bönkum og sparissjóðum, og jukust þau aðeins um 577 millj. kr. eða 6,4%. Var þetta nærri helmingi minni innlánsaukning en á árinu 1966 og um

þriðjungur þess, sem verið hafði 1965. Einnig dró á árinu úr hinni miklu útlánaþenslu, sem átt hafði sér stað undanfarin tvö ár, en þó nam útlánaaukningin árið 1967 987 millj., og varð hún þannig 400 millj. meiri en aukning innlána. Þessi mismunur jafnaðist að nokkru af eiginfjárukningu bankanna og af rýrnandi stöðu gjaldeyrisbankanna erlendis, en 175 millj. kr. komu fram sem skuldaföfnun við Seðlabankann umfram aukningu bundins fjár.

Einnig varð Seðlabankinn að veita fjárfestingarlánasjóðum verulega aðstoð, til þess að þeir gætu staðið við skuldbindingar sínar, en alls versnaði staða þeirra við bankann um 192 millj. kr. á árinu.

Mest munaði þó um það, að staða ríkissjóðs og ríkisstofnana við Seðlabankann versnaði um 458 millj. kr., en hún hafði batnað um 331 millj. á árinu 1966. Þótt hér komi fleira til en bein afkoma ríkissjóðs sjálfs, gefur þetta þó skýra mynd af þeirri miklu breytingu, sem átt hefur sér stað í þróun ríkisfjármála undanfarin tvö ár.

Séu nokkrir aðrir liðir meðtaldir, svo sem lækkun seðlaveltu og mótvirðisfjár, kemur í ljós, að heildarúttreymi fjár vegna innlendra viðskipta Seðlabankans á árinu 1967 nam nær 1000 millj. kr., og er þá sleppt bókhaldsbreytingum á krónutölu erlendra liða vegna gengisbreytingarinnar. Er í þessum tölum búíð að reikna aukningu bundinna innstæðna til frádráttar, en hún nam 181 millj. kr. á árinu. Rétt er að vekja sérstaka athygli á þessum tölum, þar sem margir virðast vera þeirrar skoðunar, að í innlánsbindingunni hljóti að felast, að Seðlabankinn sé sífellt að soga til sín fjármagn frá bankakerfinu, sem ella gæti gengið til útlána. Því fer fjarri, að þetta hafi verið raunin á árið 1967, þar sem aukning bundins fjár var aðeins lít-

ill hluti þess fjármagns, sem Seðlabankinn lét peningastofnunum og ríkissjóði í té á árinu. Minni innlánsbinding hefði aðeins leitt til þess, að geta Seðlabankans til að veita slíka aðstoð hefði orðið þeim mun minni.

Rétt er að benda hér á það, að megin-tilgangur innlánsbindingarinnar hefur ætíð verið sá að gera Seðlabankanum kleift að veita lán til forgangsparfa og rekstrar og hafa þannig áhrif á skiptingu lánsfjár milli atvinnuvega. Með endurkaupum afurðalána og ýmiss konar annarri fyrirgreiðslu við bankana hefur Seðlabankinn séð mikilvægum framleiðslugreinum fyrir rekstrarfé með hagkvæmum kjörum, en vegna uppbyggingar bankakerfisins og mismunandi útlánagetu bankanna, er vafasamt, hvort hægt væri að tryggja þetta með öðru móti. Slíka lánastarfsemi getur Seðlabankinn því aðeins rekið, að hann fái með innlánsbindingunni hlutdeild í innlánsaukningu bankakerfisins. Tölulega kemur þetta dæmi þannig út í árslok 1967, að bundnar innstæður námu 1908 millj. kr., en útlán Seðlabankans til banka og fjárfestingarlánastofnana og aðila, annarra en ríkissjóðs, námu 2457 millj. kr. Bankinn hafði því í þessum útlánum 549 millj. kr. umfram innlánsbindinguna. Um það má að sjálfsögðu deila, hvort þessi milliganga Seðlabankans í útlánamálum sé nauðsynleg og hvort hagstæðara væri fyrir bankakerfið og atvinnuvegina, að innlánsbindingin væri lækkuð að mun, en jafnframt dregið úr þeirri miklu lánastarfsemi, sem Seðlabankinn nú rekur. Slík breyting væri vissulega í samræmi við það, sem tíðkast í nágrannalöndunum, en aðstæður eru þar á margan hátt ólíkar og geta viðskiptabankanna til að leysa rekstrarfjávandamál viðskiptalífsins miklu meiri en hér á landi.

Að þessu tilefni er ekki úr vegi að

víkja nokkrum orðum að skipulagi bankakerfisins og hvort það fullnægi þeim kröfum, sem til þess eigi að gera. Á síðustu fimmtán árum hefur orðið á þessu sviði ör þróun, þrír viðskiptabankar hafa verið stofnaðir, 40 bankaútibú hafa verið sett á laggirnar, þar af 30 utan Reykjavíkur og 10 í Reykjavík. Tíu sparisjóðir hafa bætzt við, en á móti hefur tólf verið breytt í bankaútibú. Enginn vafi er á því, að þörf var orðin fjölbreyttari bankþjónustu, ekki sízt úti á landi, enda hafði bankaútibúum og sparisjóðum til samans aðeins fjölgað úr 57 1920 í 71 1953. Með eflingu bankakerfisins síðustu árin hefur þjónustan verið stóraukin og bætt til hags fyrir almenning og atvinnufyrirtæki. Á hinn bóginn hefur þróunin verið örari en svo, að ætíð yrði tryggt, að hún legðist í æskilegasta farveg. Það er því skoðun bankastjórnar Seðlabankans, að tímabært sé orðið að huga gaumgæfilega að skipulagi bankakerfisins í ljósi reynslu undanfarinna ára. Benda má á, að þróunin alls staðar í heiminum stefnir nú að samruna banka og innlánsstofnana í stærri og starfhæfari heildir. Veldur því margt, svo sem betri nýting sérhæfs vinnuafls og nýtizku véltækni í bókhaldi og skýrslugerð, en bó ekki sízt börf stærri og sterkari bankastofnana til að síá æ fjármagnsfrækari atvinnurekstri fyrir hagkvæmu lánsfé. Til viðbótar þessu háir það miög bankastarfsemi hér á landi, hve sumir bankarnir eru einhæfir og viðskipti þeirra um of bundin einstökum atvinnuvegum, en slíkt hlýtur oft að valda erfiðleikum, þar sem atvinnulíf er jafn óstöðugt og hér á landi.

Það er á engan hátt tímabært að gera í þessu efni ákveðnar tillögur, en bankastjórn Seðlabankans er þeirrar skoðunar, að æskilegt sé að hefja athugun á því sem allra fyrst, hvort ekki sé hagstætt að vinna að samruna bankastofn-

ana hér á landi, þannig að í stað sex viðskiptabanka nú verði þeir aðeins þrír til fjórir að nokkrum árum liðnum, en sú tala ætti að nægja til að tryggja eðlilega samkeppni. Sérstaklega virðist ástæða til að athuga, hvort ekki sé rétt að fækka ríkisbönkunum úr þremur í tvo, t. d. með sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans, en úr þeirri sameiningu ætti að geta myndast mjög sterkur alhliða viðskiptabanki. Hliðstæð rök má að sjálfsögðu færa fyrir sameiningu cinkabanka, án þess að ég vilji nefna neina ákveðna tillögu í því efni. Loks má minna á, að mikil þörf er orðin á endurskoðun laga og reglna bæði um sparisjóði og innlánsdeildir kaupfélaga og nýrrar skilgreiningar á verkaskiptingu þessara stofnana annars vegar og viðskiptabankanna hins vegar.

Ég vil nú ljúka máli mínu með því að fara nokkrum orðum um þróun mála, það sem af er þessu ári, og horfurnar framundan. Ég sagði áðan, að sú varnarbarátta í efnahagsmálum, sem háð hefur verið hér á landi gegn afleiðingum hinna stórfelldu efnahagsáfalla undanfarið hálf tveimur árum, hafi borið verulegan árangur. Tekið hefur að draga úr áhrifum samdráttarins á atvinnu- og framleiðslustarfsemi, jafnframt því sem neyðla og fjárfesting hafa smám saman hneigzt til aðlögunar við hin breyttu viðhorf. Með gengislækkuninni var stigið stórt skref í átt til betra jafnvægis út á við og í atvinnumálum, enda þótt ekki yrði hjá því komið, að hún raskaði því jafnvægi, sem náðst hafði í kaupgjalds- og verðlagsmálum. Varla verður þó annað sagt en nokkur skilningur hafi náðst fyrir nauðsyn þess að koma í veg fyrir, að ávinningi gengisbreytingarinnar verði eytt af víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags.

Á hinn bóginn hefur þróun verðlags útflutningsafurða haldizt óhagstæð und-

anfarna mánuði, og er enn ekki neitt útlit fyrir skjótan bata í því efni. Hefur því afkoma útflutningsatvinnuveganna reynzt lakari en vonir stóðu til, þegar gengisbreytingin var ákveðin í nóvember sl., og hefur orðið að veita þeim margvíslega aðstoð til að tryggja eðlilega framleiðslu.

Af þessu má ljóst verða, að ekki er enn séð fyrir enda þeirra efnahagsöruggleika, sem Íslendingar hafa átt við að glíma undanfarið hálf tveimur árum. Jafnframt vill bankastjórn Seðlabankans leggja áherzlu á það, að ekki verður lengur hægt að brúa bilið milli tekna og eftirspurnar í þjóðfélaginu með notkun gjaldeyrisforðans, ef koma á í veg fyrir það, að hann falli niður fyrir það mark, sem samrýmanlegt er fjárhagslegu öruggi þjóðarinnar og frjálsum viðskiptum. Íslensk stjórnvöld verða því að vera við því búin að grípa til frekari efnahagsaðgerða, ef þróunin verður óhagstæðari en nú er gert ráð fyrir eða ef þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, bera ekki tilætlaðan árangur.

Þótt þannig megi gera ráð fyrir, að lausn aðsteðjandi vandamála haldi áfram að krefjast athygli íslenskra stjórnvalda á næstunni, þarf einnig að gefast tóm til að sinna undirbúningi þeirra mála, er varða þróun þjóðarþrúskaparins til lengri tíma. Hinar miklu framkvæmdir við Búrfell og í Straumsvík, sem standa munu fram um mitt árið 1969, auka atvinnu verulega í bili. Jafnframt því sem þær leggja grundvöll aukningar þjóðartekna í framtíðinni. Væri mikilvægt, að nýjar framkvæmdir, sem tryggt geti vaxandi þjóðartekjur, yrðu tilbúnar til að taka við, þegar þeim sleppir.

Hitt skiptir þó ekki minna máli, að hagstæð skilyrði verði fyrir vexti og viðgangi þeirra atvinnuvega, sem fyrir eru, og Íslendingar hafa til þessa byggt af-

komu sína á. Menn verða að gera sér ljóst, að þróun undanfarins hálfars annars árs hefur gengið nærri afkomu margra fyrirtækja í landinu. Hefur meginhluti samdráttaráhrifanna komið fram á afkomu fyrirtækja, en aðeins lítill hluti í minni neyzlu og ekkert í lægri útgjöldum eða minni fjárfestingu ríkis og sveitarfélaga. Þessi útkoma var ekki óeðlileg, eins og þróunin hefur verið, þar sem lengi var búizt við því, að brátt

mundi rætast úr erfiðleikum útflutningsframleiðslunnar. Hættan er sú, að menn gleymi, að þetta ástand má aðeins standa skamma hríð, því að án blómlegrar afkomu atvinnufyrirtækja, er óhugsandi, að hér á landi eigi sér stað sú aukning þjóðartekna og atvinnu, sem nauðsynleg er til þess, að lífskjör þjóðarinnar geti á ný farið að batna með svipuðum hraða og meðal annarra þjóða.

Einar Benediktsson:

Um þróun iðnaðar og viðskipta í EFTA

Sú þróun, sem leitt hefur til stofnunar Sveggja markaðsbandalaga í Vestur-Evrópu, er flestum vel kunn, því að þau mál hafa verið einna efst á baugi um langt skeið. Í þessum efnum markast þáttaskil við það, að Fríverzlunarbandalag Evrópu — EFTA — lauk hinn 1. janúar sl. að fullu þeirri innbyrðis lækkun tolla, sem til hafði verið stofnað, og við það, að hinn sameiginlegi markaður Efnahagsbandalags Evrópu tekur að fullu til starfa 1. júlí næstkomandi. Eru þá tíu ár, frá því að Efnahagsbandalagið tók til starfa, en átta ár, frá því að sá atburður leiddi til stofnunar EFTA, eftir að mistekizt hafði að stofna til fríverzlunar á breiðum grundvelli af öðrum þjóðum Vestur-Evrópu við sexveldin. Sá tími, sem liðinn er, hefur að sjálf-sögðu fært aðildarþjóðunum margvíslega reynslu af samstarfinu. Verða fríverzlunarbandalaginu hér gerð nokkur skil hvað snertir áhrif af stofnun þess á viðskipti og iðnað í aðildarríkjunum, en kjarni EFTA-samkomulagsins er fríverzlun um iðnaðarvörur og tilteknar sjávarafurðir.

Það er reyndar gamalt verkefni hagfræðinga að setja fram kenningar um efnahagsleg áhrif frjálsra viðskipta

landa í milli. Samkvæmt þeim kennisetingum hefur löngum þótt einsætt, að frjáls verzlun leiði til nýsköpunar viðskipta og framleiðslu, sem sé hreinn ávinningur með tilliti til nýrrar eða betri nýtingar framleiðsluþáttanna. Við slík skilyrði er talið, að framleiðni, og þar með hagvöxturinn, aukist jafnan hraðar en ella. Örðugt er að meta gildi margra þátta, sem mikla þýðingu kunna að hafa, svo sem þeirra sambanda eða tengsla, sem þá spretta frekar upp milli manna og fyrirtækja en ella, og áhrif þeirra á framleiðsluna, aukna velferð neytandans vegna meira vöruúrvals, meiri stöðugleika verðlags og fleira. Það er ljóst af reynslunni, að aðgangur að erlendum markaði eykur viðleitni til framleiðslunýjunga og þróun nýrra iðngreina og leiðir þannig í heild til betri nýtingar framleiðsluþáttanna.

Þótt öll séu þessi atriði yfir vafa hafin, eru ýmsir örðugleikar á því að meta á öruggum grundvelli áhrif þeirrar fríverzlunar, sem stofnað hefur verið til, en veruleg vinna hefur einmitt verið lögð í slíkt mat á seinni árum eftir tilkomu Efnahagsbandalags Evrópu og EFTA, svo sem að líkum lætur. Þeir erfiðleikar, sem hér um ræðir, eru ekki hvað

sízt þeir, að talnalegar upplýsingar eru oft ekki nægilega tæmandi og auk þess einatt það á eftir tímanum, að ekki verður kastað ljósi á þá síðustu þróun, sem efst er í hugum manna.

Slík athugun á efnahagsþróuninni í EFTA-ríkjunum hefur verið gerð, og eru þar teknar til samanburðar upplýsingar frá árunum 1954 og 1959, en það ár hóf bandalagið, eins og kunnugt er, starfsemi sína, og síðan frá árinu 1965, en það ár er síðasta árið, sem til eru frá nægilega sundurliðaðar framleiðsluskýrslur. Er hér um að ræða samanburð á hinn raunverulegu þróun árána 1959—1965 og þeirri ímynduðu þróun, að EFTA hefði ekki verið til á þessum árum, miðað við reynslu árána 1954—1959. Slíkur samanburður ætti að gefa nokkra hugmynd um, hver hin efnahagslegu og viðskiptalegu áhrif af stofnun EFTA hafa verið í viðkomandi löndum. Verður hér stiklað á stóru hvað snertir þróunina í einstökum aðildarríkjum.

Á árunum 1959 til 1965, þegar EFTA var að komast á laggirnar, var efnahagsþróunin í Noregi mjög hagstæð. Öll þessi ár var hagvöxturinn ekki undir 5% árlega, að árinu 1962 undanskildu, en þá var heildarframleiðsluaukningin yfir 3%, sem var góð útkoma miðað við mörg önnur lönd. Meðalhagvöxturinn á árunum 1959—1965 er talinn 5,2%, en var aðeins 3% síðustu 5 árin fyrir stofnun EFTA. Sérstaklega er athyglisvert, að framleiðsla í iðnaði hefur aukizt til muna meira, síðan EFTA komst á, en árin þar á undan, að aukning í þeim greinum hefur verið jafnari og yfirleitt til muna meiri en aukning heildarframleiðslu. Hlutdeild hinna gömlu undir-

stöðuáttvinnugreina Norðmanna, landbúnaðar, sjávarútvegs og skógarhöggs, hefur því í heild minnkað. Á árunum frá stofnun EFTA er og athyglisvert, að Norðmenn virðast hafa átt greiðari aðgang að erlendum lántökum til iðnaðaruppbyggingar, sem stuðlaði að því, að fjármunamyndun tók að aukast meira eftir stofnun EFTA en verið hafði fyrr. Á þessum tíma virðist og svo, að viðleitni hins opinbera til að halda jafnvægi í efnahagslífinu hafi borið betri árangur.

Norðmenn eru sem kunnugt er mikil siglinga- og verzlunarþjóð, en heildarinn- og útflutningur vöru og þjónustu er um 40% þjóðarframleiðslu. Vöruútflutningur, sem er yfir fimmti hluti þjóðarframleiðslunnar, hvílir í raun á allþröngu framleiðsluviði, eftir því sem gerist meðal iðnaðarþjóða, en þar skipta mestu máli trjákvöða og pappír, framleiðsla efnaiðngreina, ódýrir málmar, framleiðsla úr málmum, vélar og skip og sjávarafurðir.

Á árunum eftir stofnun EFTA hefur útflutningur til aðildarríkja bandalagsins stóráukizt, en miklu hægari hefur sú aukning verið til annarra landa og landsvæða. Mest hefur útflutningsaukningin verið til Svíþjóðar. Hvað innflutninginn snertir, hefur hlutdeild EFTAlandanna að vonum aukizt, en hlutdeild Efnahagsbandalagsins, einkum Þýzka-lands, minnkað. Talið er, að á árinu 1965 hafi útflutningur Noregs til EFTAlandanna verið um \$ 75 millj. hærri en verið hefði, ef EFTA hefði þá ekki verið til. Hefði þá árleg aukning útflutnings á tímabilinu 1959—1965 verið 8%, ef EFTA hefði ekki komið til, í stað rúmlega 9%, eins og raun var á. En inn-

flutningur frá EFTA-ríkjum jókst að sjálfsögðu líka vegna tilkomu bandalagsins, og nam sú aukning \$ 82 millj. árið 1965. Þess ber þó að gæta, að fjórðungur þeirrar uphæðar eða \$ 22 millj. er talinn á kostnað annarra landa en EFTA-landanna vegna lakari tollakjara hinna fyrrnefndu, þannig að raunveruleg heildaraukning hafi því verið \$ 60 millj. Eru þá nettóáhrif á vöruskiptajöfnuðinn hagstæð um mismuninn á aukningu út- og innflutnings, sem er \$ 15 millj. Sú upphæð er að vísu ekki há miðað við greiðsluhalla Norðmanna á vörum og þjónustu árið 1965, en sú upphæð nam \$ 125 millj.

Þótt heildaráhrifin á efnahagslífið virðist þannig ekki hafa verið mikil, séð í þessu ljósi, er talið, að tilkoma EFTA hafi haft, og muni hafa, miklu djúpstæðari áhrif en ætla mætti samkvæmt hinum beina mælikvarða upphæðanna. Hér er um að ræða breytingu á efnahagslegri uppbyggingu — struktur — atvinnuveganna, sem miða að betri nýtingu gæða landsins, meiri sérhæfni og aukinni framleiðni. Slík þróun hefur án efa raunverulega átt sér stað í Noregi í miklu ríkari mæli en ella hefði verið vegna tilkomu EFTA, en þýðing hennar verður ekki metin eða vegin nákvæmlega.

Lítum þá á Danmörku. Þar í landi hefur mikil aukning iðnaðarframleiðslu verið eitt aðaleinkenni þróunarinnar frá stríðslokum. Um miðjan síðasta áratug var framlag landbúnaðar og iðnaðar til þjóðarframleiðslunnar um það bil jafnt. Þá var útflutningur landbúnaðarafurða $\frac{2}{3}$ hlutar útflutningsins, en útflutningur iðnaðarvara $\frac{1}{3}$ hluti útflutningsins. Árið 1965, eða 10 árum síðar, var hlut-

deild iðnaðarins í heildarframleiðslu landsins orðin tvöfalt hærri en landbúnaðarins og útflutningur iðnaðarvara orðinn meira en helmingur heildarútflutnings Dana. Séu nú borin saman tímabilið rétt fyrir stofnun EFTA, þ. e. árin 1954—1959, og árin þar rétt á eftir, árin 1959—1965, kemur í ljós, að þróun efnahagsmála í Danmörku hefur verið með allólíkum hætti. Hagvöxturinn var um 3% á árunum rétt fyrir stofnun EFTA, en jókst yfir 5% á árunum eftir að stofnað var til bandalagsins. Á sl. áratug voru efnahagsserfiðleikar Dana einkum þeir, að útflutningur á landbúnaðarvörum staðnaði vegna verndarstefnu innflutningslandanna, en útflutningur iðnaðarvara var þá ónógur til að mæta aukinni innflutningsþörf. Gjaldcyrisvarasjóðir Dana voru á þessum árum næsta litlir, og vegna þessa var oft á tíðum gripið til efnahagsráðstafana, sem höfðu óæskileg áhrif á framleiðsluþróunina. Eftir að kom til stofnunar EFTA, hefur þetta breytt verulega vegna mikið aukinnar eftirspurnar á iðnaðarútflutningi Dana. Einnig hafa Danir breytt um stefnu að verulegu leyti hvað snertir innflutning fjármagns, frá því sem áður var, sem gerir þeim fremur kleift að afla sér fjár með langstímalánum erlendis til að mæta greiðsluhalla út á við.

Samanburður á hinum tveim tímabilum fyrir og eftir stofnun EFTA sýnir þá í stuttu máli það, að landbúnaðurinn hefur haft sífellt minnkandi þýðingu fyrir danska þjóðarbúið. Aukning framleiðslu hefur hins vegar verið mikil í iðnaði, en þangað hefur fjármagnið og vinnuaflið leitað. Það kemur í ljós, sem athyglisvert er, að mest aukning fram-

leiðslu er í þeim iðngreinum, sem háðastar eru erlendum markaði. Í efnaframleiðslu, vélaframleiðslu, elektróniskri framleiðslu og framleiðslu húsgagna, flytja Danir út frá um þriðjung í helming framleiðslunnar, en allar þessar iðngreinar hafa sýnt örvari aukningu framleiðslu en meðaltal alls iðnaðar í landinu. Hvað útflutninginn snertir er einkum athyglisvert, hversu mjög hann hefur aukizt til aðildarríkja EFTA síðan 1959.

Þegar metin eru áhrif stofnunar EFTA á aukningu dansks útflutnings til bandalagsríkjanna, verður niðurstaðan sú, að á milli áráanna 1959 og 1965 hefur útflutningurinn aukizt um minnst \$ 90 millj. og mest \$ 140 millj. vegna stofnunar EFTA, en þessar tölur svara til $\frac{1}{5}$ eða $\frac{1}{4}$ af heildaraukningu iðnaðarútflutningsins á þessum árum. Virðist áhrifanna gæta meira á útflutning neyzluvara en útflutnings véla og tækja. Frá 1959 til 1965 jókst iðnaðarvöruútflutningurinn um 15% árlega. Hefði EFTA ekki komið til, er reiknað með, að þessi aukning hefði numið 12% árlega. Sennilegt þykir, að áhrif stofnunar EFTA á innflutning Dana hafi verið svipuð og hvað útflutning snertir, þannig að nettóáhrif á greiðslujöfnuð hefðu verið lítil sem engin. Hitt, sem skiptir meira máli, er, að samfara mikilli framleiðsluaukningu hefur samkeppnisaðstaða hinna ýmsu iðngreina í Danmörku á þessum tíma batnað til mikilla muna með verulegri aukningu í framleiðni o.fl.

Þýðingarmikið atriði í þróun, eða réttara sagt stjórn, efnahagsmála í Finnlandi síðastliðinn áratug eða svo, er, að efnahagskerfið hefur þróazt frá því að vera fremur lokað fyrir utanaðkomandi áhrif til þess að vera opið út á við. Er

þetta ekki hvað sízt vegna þátttöku Finna í EFTA, en hið aukna viðskiptafrelsi, sem komið hefur verið á, mun án efa hafa þýðingarmikil áhrif á framtíðarþróun finnsk efnahagslífs.

Afkoma Finna er mjög háð þróun utanríkisviðskipta. Vegna takmarkaðra náttúrugaða og tiltölulega þröngs framleiðslugrundvöllu hefur aukinn innflutningur fjárfestingarvara og hráefnis venjulega verið forsenda fyrir aukinni iðnaðarframleiðslu, en það kallar þá aftur á auknar útflutningstekjur, nema bilið sé brúað um skeið með erlendum lántökum. Forsenda blómlegs efnahagslífs í Finnlandi hefur því verið mikill útflutningur, en $\frac{2}{3}$ hlutar hans eru enn tré og trjávörur. Óhagstæður greiðslujöfnuður hefur á sama hátt verið forboði samdráttar efnahagslífsins.

Á seinni hluta síðastliðins áratugs, þ. e. á árunum 1954—1959, var hagvöxtur í Finnlandi hægur, eða um 3% á ári að jafnaði. Komu þar m. a. til ýmsar séraðstæður. Á árunum 1959—1965, þ. e. á aðlögunartíma fríverzlunarinnar, var árangurinn ólíkur, en þau ár nam heildarframleiðsluaukningin 6% á ári. Ýmsar séraðstæður voru þar einnig að verki, en þátttaka Finna í EFTA er einn þáttur þeirrar hagstæðu þróunar, sem hér um ræðir. Hins vegar ber einnig að geta þess, að framleiðsluaukningin varð aftur hægari á árunum frá 1965 og fram á síðastliðið ár vegna efnahagsstefnu, sem fylgt var af greiðslujafnaðarástæðum, en í fyrria felldu svo Finnar gengið á undan sterlingspundinu, eins og menn muna.

Veigamikill þáttur í hraðari aukningu þjóðarframleiðslu, sem hér um ræðir, er aukning iðnaðarframleiðslu, sem á ár-

unum eftir 1960 hefur notið aukinnar eftirspurnar erlendis frá, einkum og sér í lagi í þeim greinum, sem áður fyrr framleiddu fyrir heimamarkaðinn. Allt fram á síðastliðinn áratug var trjávöru-iðnaðurinn eina iðngreinin í Finnlandi, sem talizt gat samkeppnisfær á heimsmarkaðnum, en þær vörur voru þá um 70% heildarútflutnings Finna. Að öðru leyti var mestur hluti útflutningsins málmar og vélar. Sú iðngrein var byggð upp á sínum tíma til að greiða Sovétríkj-unum stríðsskaðabætur, hafði enn alla sína markaði undir tvíhliða viðskipta-samningum við Austur-Evrópulöndin og gat varla talizt samkeppnisfær á mörkuðum hinna vestrænu landa. Annar iðnaður í Finnlandi naut yfirleitt verndartolla og hafta, og aukning í framleiðslu kom, eins og oftast er undir slíkum kringumstæðum, frekar sem afleiðing af fjölbreyttari framleiðslu en vegna sérhæfni. Vegna vöntunar á samkeppni utan frá leiddi hærri framleiðslukostnaður vegna launahækkana ævinlega til herra söluverðs, sem kallaði á enn nýjar kauphækkanir. Af þessu hlaut óhjákvæmlega að leiða mikla verðbólgu, og Finn-ar urðu af þeim sökum að fella gengi gjaldmiðils síns þrisvar á árunum 1949—1958.

Eftir 1958 tóku Finnar að fylgja frjálsari viðskiptastefnu, en þýðingarmesta sporið í þeim efnum var tekið með þátttöku landsins í EFTA árið 1961. Samtímis því, sem iðnaður fyrir heima-markaðinn varð nú fyrir æ harðari samkeppni utan frá, naut hann góðs af frjálsum aðgangi að markaði allra EFTA-landanna, en þar búa um 100 milljónir manna. Framleiðsluaukningin í þessum iðngreinum hefur að vísu ekki

verið jöfn og í hinum eldri og stærri iðngreinum, eftir að Finnar hófu þátttöku í fríverzlun. Hins vegar er það athyglisvert, að þessar greinar, eins og vefnaðariðnaður, leðuriðnaður, fataerð og skógerð, tóku að flytja út vaxandi hluta framleiðslu sinnar, þannig að ekki er um að ræða lengur í mörgum tilvikum þá aðgreiningu heimaframleiðslu og útflutningsiðnaðar, sem áður var. Þessi nýi útflutningur iðnaðarvara hefur aðallega verið til EFTA-landanna og hlýtur því að verulegu leyti, að teljast afleiðing af þátttöku Finna í bandalaginu.

Þegar á heildina er litið, er talið, að útflutningur Finna árið 1965 hafi verið \$ 120 millj. hærri vegna þátttöku þeirra í EFTA en ella hefði verið. Nemur þessi upphæð $\frac{1}{5}$ aukningarinnar í iðnaðarvöruútflutningnum frá 1959—1965. Talið er, að um $\frac{1}{3}$ hluti aukningarinnar í útflutningi á málmum og vélum sé vegna þátttöku landsins í EFTA og að um $\frac{2}{3}$ hlutar aukningarinnar á útflutningi annarra iðnaðarvara, sem áður voru framleiddar fyrir heimamarkaðinn, hafi komið til af þessum sökum. Má þá reikna með, að aukningin í útflutningi Finna hefði verið 1—1½% lægri milli áranna 1959 og 1965, ef ekki hefði komið til þátttaka í EFTA. Aukning innflutningsins vegna þátttöku í EFTA er talin nema um \$ 80 millj. á umræddu tímabili og talið, að um helmingur þessarar aukningar sé á kostnað innflutnings frá löndum utan EFTA, sem nutu lakari tollakjara í Finnlandi en aðildarríkin. Nettóáhrifin á greiðslujöfnuðinn eiga því að vera Finnum hagstæð um \$ 80—90 millj. miðað við árið 1965. Enn er það þó ótalið, að þátttaka í EFTA hefur stuðlað að aukningu í framleiðni í nær öllum iðn-

greinum, átt þátt í því að minnka verðbólguáhrif og skapa öruggari grundvöll hvað snertir traustari samkeppnisaðstöðu út á við.

Þau EFTA-lönd, sem hér hefur verið fjallað um, Noregur, Danmörk og Finnland, teljast að sjálfsögðu í hópi iðnaðarlanda. Þótt þau lönd séu innbyrðis ólík, eiga þau það þó sammerkt, að eiginleg framleiðsla iðnaðarvara hefur fram á síðustu tíma ekki verið undirstöðuatvinnuvegur í neinu þeirra. Meðal hinna smærri EFTA-landa eru Svíþjóð og Sviss lengst komin í iðnþróuninni. Áhrifin af aðild EFTA á efnahag þessara tveggja landa eru nokkuð frábrugðin því, sem áður er greint.

Bæði rétt fyrir og eftir stofnun EFTA var efnahagsþróunin í Svíþjóð verulega hagstæð. Hagvöxturinn jókst úr rúmlega 3% í tæp 5% á þeim tveim tímabilum, sem ég hef hér tekið til samanburðar. Frá 1954—1965 hafa þær iðngreinar, sem standa fremst á tæknisviðinu og eru fjármagnsfrækastar, þróast örast. Iðnaðarframleiðsla og viðskipti hafa aukizt á kostnað landbúnaðar. Innan iðnaðarframleiðslunnar hefur mest aukningin orðið á sviði vélaframleiðslu. Með aukinni alþjóðlegri samkeppni á síðustu árum hefur aðaláherzla verið lögð á aðferðir við framleiðslu, sem spari vinnuafli, og á fjöldaframleiðslu. Mikil nýting framleiðslupáttanna hefur skapað sérstök vandamál, og hefur, t. d. hvað vinnuaflið snertir, þurft að leggja vaxandi áherzlu á endurmenntun og þjálfun verkafólks vegna breyttra framleiðsluhátta.

Hvað þróun viðskipta Svía snertir, er athyglisvert, að hlutdeild EFTA-landanna í innflutningi til Svíþjóðar hefur

aukizt til muna meira en hlutdeild EFTA í útflutningi Svía á árunum eftir að stofnað var til EFTA. Viðskipti Svía við grannlöndin á Norðurlöndum hafa aukizt mjög verulega, en hin hlutfallslega þýðing brezka markaðsins farið mjög minnkandi. Er þar um kennt eftirspurnartregðu vegna lítillar grósku í brezku efnahagslífi fremur en því, að Svíar séu ekki fyllilega samkeppnisfærir á þeim markaði. Þegar á heildina er litið, er álitid, að áhrifin af stofnun EFTA hafi í heild haft hagstæð áhrif á sænskan greiðslujöfnuð, en að þau áhrif hafi verið næsta lítil, þegar litið er á heildarframleiðsluna eða einstakar iðngreinar.

Almennt séð er ekki talið, að EFTA hafi haft nema lítil áhrif á heildarframleiðslu í Sviss. Að vísu hefur innflutningur frá EFTA-ríkjunum aukizt og er að hlutdeild til verulega meiri en var fyrir stofnun bandalagsins, en sú aukning er ekki nema í fáum og takmörkuðum tilvikum tilkomin vegna vaxandi erfiðleika heimaframleiðslu í Sviss. Skýringu þessa er að sjálfsögðu að leita í því, að iðnaður í Sviss er yfirleitt mjög vel samkeppnisfær, að tollvernd var þar lítil fyrir og að framleiðslan takmarkast mjög við fáa vöruflokka, sem byggja á mikilli sérhæfni. Aukning innflutnings virðist því aðallega vera á kostnað landa utan EFTA.

Áhrifin á útflutning Svisslendinga hafa hins vegar verið miklu meiri en á innflutninginn. Hlutdeild svissnesks útflutnings í heildarneyzlu EFTA-landanna jókst verulega á árunum 1960—1965 og meira en á árunum rétt fyrir stofnun EFTA. Er talið, að lækun tolla í öðrum EFTA-löndum eigi hér megin-

hlut að máli. Sömuleiðis kemur það til, að vegna vaxandi erfiðleika svissneskra iðnframleiðenda í ríkjum Efnahagsbandalags Evrópu hafa þeir gert mjög aukið söluáttak innan EFTA til að hagnýta sér aðstöðumun hvað tollakjör snertir.

Skal þá vikið að Bretlandi, langstærsta aðilanum í Fríverzlunarbandalagi Evrópu. Efnahagsþróun þar í landi hefur verið með allólíku móti samanborið við það, sem verið hefur hjá grannríkjunum innan og utan Fríverzlunarbandalagsins. Á árunum, sem hér um ræðir, var raunveruleg aukning þjóðarframleiðslu í Bretlandi minni en í allflestum öðrum iðnaðarríkjum. Á tímabilinu var svo til stöðugt verðbólguástand, sem brezk stjórnarvöld hafa leitað við að ráða bót á með ýmsu móti. Þá hafa síendurtekin vandamál vegna óhagstæðs greiðslujafnaðar og sett sinn svip á þróunina í Bretlandi undanfarið. Margendurtekin vandræði vegna útstreymis gjaldeyris enduðu, sem kunnugt er, í gengisfellingu pundins á síðastliðnu hausti, en þessi vandamál var lengi vel reynt að lækna með öðrum ráðum. Þær aðgerðir miðuðu að því að endurvekja traust á sterlingspundinu með skamms tíma ráðstöfunum, sem venjulega orsökuðu efnahagslegan samdrátt. Er hér að leita orsaka þess, sem Bretar hafa nefnt „stop-go“ þróunina. Hún auðkenndist af stuttum tímabilum efnahagslegs vaxtar og framfara, sem jafnan leiddu til greiðsluerfiðleika og vandrausts á gjaldmiðlinum, sem síðan leiddu til samdráttarráðstafana. Eins og áður er sagt, var hagvöxturinn í Bretlandi slakur á þessu tímabili, eða rétt

rúmlega 2% á árunum 1954—1959 og tæplega 3% á árunum 1959—1965.

Viðleitni Breta til að keppa á útflutningsmörkuðum og á heimamarkaðnum við innflutning hefur ekki borið þann árangur sem skyldi. Það, sem mestu máli skiptir hvað samkeppnisaðstöðuna snertir, er þróun kaupgjalds og framleiðni, svo og verðlag hráefna. Þróun framleiðninnar er þýðingarmikil, því að vinnandi fólki fjölgar tiltölulega hægt, og verður því hagvöxtur í Bretlandi einkum að eiga sér stað fyrir tilverknað aukinnar framleiðslu á hvern vinnandi mann. Sé nú litið á hina raunverulegu þróun fyrir og eftir stofnun EFTA, kemur í ljós, að tímakaup hefur aukizt til muna meira en framleiðsla á mann hverja klukkustund. Á þessum tíma hefur verðlag hráefna til notkunar í iðnaði hins vegar aðeins breytt lítilliga. Á árunum 1959—1965 hækkuðu tímalaun í iðnaði um 43%, en afköst á hverri klst. um aðeins 24%. Þó að þróun í þessa átt hafi verið í öðrum löndum, verður ekki betur séð en að samkeppnisaðstöðu Breta hafi sífellt hrakað, því að innflutningur er vaxandi hluti heildarfjárfestingar og -neyzlu, og útflutningurinn er minnkandi hluti þjóðarframleiðslunnar á þessu tímabili. Hlutdeild Breta í alheimsútflutningi iðnaðarvara var 21% árið 1954, rúmlega 18% árið 1959, en aðeins um 14% árið 1965, og endurspeglar þessar tölur sömu þróun. Hlutdeild Breta í iðnaðarvörumarkaðnum í Efnahagsbandalaginu, í Bandaríkjunum og annars staðar í heiminum fór minnkandi á tímabilinu fram til 1965, en stóð nokkurn veginn í stað í EFTA-ríkjum, sem bendir til þess, að stofn-

un EFTA hafi verið Bretum að því leyti til hagstæð.

Áætluð áhrif af aðild Breta að EFTA eru ekki mikil, þegar litið er á utanríkisviðskipti þeirra í heild. Áhrifin á viðskiptin við EFTA-löndin sjálf hafa þó verið allveruleg, en þau viðskipti eru aðeins takmarkaður hluti heildarutanríkisviðskiptanna. Talið er, að útflutningur iðnaðarvara hafi aukizt um \$ 250 millj. vegna stofnunar EFTA, en að nettó-innflutningsaukningin hafi numið \$ 80 millj. miðað við árið 1965. Annað hefði sjálfsagt verið uppi á teningnum, ef þessi athugun næði til ársins 1967 eða lengra, en um áramótin 1966—1967 var að fullu lokið afnámi tolla á iðnaðarvörum innan EFTA, og þá afnámu Bretar hið sérstaka innflutningsgjald, sem tekið var upp 1964 og nam 15% í byrjun, en var síðan afnumið í áföngum. Það verður því naumast sagt, að aðild Breta að EFTA hafi haft nein veruleg áhrif á efnahagslífið í heild. Slíkra áhrifa er þó talið gæta innan einstakra framleiðslugreina, svo sem pappírs- og pappaframleiðslu og vefnaðariðnaðar, svo að dæmi séu nefnd. En staðreynd er, að Bretum hefur gengið verr en öðrum EFTA-þjóðum að hagnýta sér aðstöðumun sinn innan bandalagsins.

Af EFTA-löndunum eru þá enn ótalín Austurríki og Portúgal, en bæði hafa þau að ýmsu leyti sérstöðu innan bandalagsins. Austurríki sker sig úr nálega öllum löndum Vestur-Evrópu að því leyti til, að á tímanum eftir 1960 hefur hagvöxtur þar í landi verið hægari en var á árunum á undan. Vöxtur utanríkisviðskipta, bæði hvað snertir útflutning og innflutning, var sömuleiðis hægari eftir 1960 en áður hafði verið. Aðalvið-

skiptavinir Austurríkis eru lönd Efnahagsbandalags Evrópu og þá einkum Vestur-Þýzkaland og Ítalía, en hlutdeild EFTA-landanna er aðeins um eða innan við 20% í heildarinn- og útflutningi, og er það svipað og er í löndum Austur-Evrópu. Vegna stofnunar EFTA er álit- ið, að um nokkra aukningu útflutnings hafi verið að ræða. Sömuleiðis er talið, að þótt hin hagstæðu áhrif hafi ekki verið ýkja mikil, hafi EFTA þó stuðlað að heilbrigðari þróun atvinnuveganna. Þá hafa félagsríki Austurríkis í EFTA í mörgum tilvikum getað komið í stað keppinauta utan bandalagsins, að því er innflutning snertir.

Portúgal er eitt af vanþróðu löndum V.-Evrópu, en þjóðartekjur á mann þar í landi eru sennilega um $\frac{1}{5}$ af því, sem er á Íslandi. Aðalatvinnuvegurinn er landbúnaður, en iðnþróun í Portúgal er skammt á veg komin. Það var ástæðan fyrir því, að Portúgal var heimilað helmingi lengra aðlögunartímabil til niðurfellingu tolla á iðnaðarvörum en EFTA-ríkin ráðgerðu í upphafi. Afnámi verndartolla í Portúgal lýkur árið 1980. Á þessu stigi þróunarinnar telja Portúgal- ar nauðsynlegt að byggja upp nýjan iðnað í landi sínu, en þeirri framleiðslu er ætlað að koma m. a. í stað innflutnings, enda kom heimaframleiðsla í vaxandi mæli í stað innflutnings á því tímabili, sem hér um ræðir. Aukinn innflutningur frá EFTA-löndum í Portúgal er nær einvörðungu talinn hafa stafað af aðstöðumun hvað snertir tolla við lönd utan bandalagsins. Á hinn bóginn var viðskiptafrelsi innan EFTA Portúgöllum sjálfum verulegt hagræði, og er talið að ávinningur þeirra hvað nýja útflutningsmarkaðinn snerti hafi verið árið

1965 \$ 40 millj. og að aðalframleiðslugreinar, sem þar nutu góðs af, hafi verið vefnaðarvörur, fatnaður og niðursoðin matvæli.

Ofangreindar upplýsingar gefa nokkra mynd af framleiðslu- og viðskiptaþróuninni í einstökum EFTA-löndum fyrstu árin, eftir að bandalagið tók til starfa. Eins og tekið var fram í upphafi, vantaði ýmsar tölfræðilegar upplýsingar um framleiðsluna, til að gera mætti slíka athugun fyrir tvö síðastliðin ár. Tölur um viðskiptin liggja þegar fyrir, en þær sýna innbyrðis aukningu viðskipta í bandalaginu um 9,7% árið 1967 samanborið við 9,4% árið 1966. Sá árangur er að vísu góður, en þess ber að geta, að heildarútflutningur EFTA-ríkjanna jókst um aðeins 2,4% á sl. ári, en útflutningur þeirra til aðildarríkja Efnahagsbandalagsins féll þá um rúmlega 2%. Er það fyrsta árið frá stofnun EFTA, að ekki er um að ræða aukningu útflutnings til sexveldanna. Óhagstæður viðskiptajöfnuður EFTA-landanna í heild jókst á árinu, en helzt réði þar um léleg útkoma í Bretlandi. Þess ber að geta, að frá upphafi EFTA hafa innbyrðis viðskipti bandalagsins aukizt um 129%, en á þeim tíma hafa innbyrðis viðskipti Norðurlandanna aukizt enn meira eða um 201%.

Eins og vikið var að, minnkaði útflutningur EFTA-landanna til Efnahagsbandalagsins árið 1967. Þetta kemur að sjálfsögðu að verulegu leyti til vegna mikils aðstöðumunar hvað snertir tollakjör við lönd innan bandalagsins, en sömu þróun má sjá í minni aukningu útflutnings aðildarríkja Efnahagsbandalagsins til EFTA-landanna milli áranna

1966 og 1967. Fyrsta árið var aukningin 6%, en hið síðara 4%.

Hin mikla aukning, sem víðast var hjá EFTA-ríkjunum, í framleiðslu og útflutningi iðnaðarvara á árunum fram til 1965, var án efa að nokkru leyti tilkomin vegna stofnunar bandalagsins, sem þó er langt því frá að vera fullkomin viðskiptaheild. Að öðru leyti átti hún rætur sínar að rekja til mikillar eftirspurnar í Efnahagsbandalaginu og Bandaríkjunum á þessu tímabili, en á þessum árum var hagvöxtur með eindæmum ör og mikil grózká í milliríkja viðskiptum. Vegna ofþenslu og vaxandi verðbólgu á árinu 1966 var víða í löndum gripið til samdráttaraðgerða, sem höfðu hvað sterkust áhrif í Vestur-Þýskalandi. Aukning framleiðslu og eftirspurnar í iðnaðarlöndunum í heild varð því minni á árunum 1966 og sérstaklega 1967 en verið hafði árin á undan. Hér skal því skotið inn, að spáð var um áramót, að nokkuð örari hagvöxtur væri framundan.

Ef kleift hefði verið að taka árin 1966 og 1967 með í þá athugun þróunarinnar í EFTA-ríkjunum, sem hér á undan er gerð, en það var ekki hægt af tæknilegum ástæðum, sem þegar eru nefndar, hefði myndin sjálfsagt orðið nokkuð önnur. Aðalatriðin myndu þó standa óhögguguð, en þau má draga saman í örstuttu máli.

Á móti stöðnun eða samdrætti hjá lítt samkeppnisfærum iðngreinum í EFTA-ríkjunum hefur komið vöxtur þeirra samkeppnisfæru, sem gerir í senn meira en að vega þar upp á móti og skapar um leið langtum traustari grundvöll fyrir framtíðarþróun iðnaðarins og efnahags-

kerfisins í heild, sem miklu meira er um vert. Frjáls aðgangur að margfalt stærra markaði hefur gefið tækifæri til ýmiss konar heillavænlegra skipulagsbreytinga á fyrirtækjum og sterkari viðskiptasambönd hafa leitt til fyrirtækjasamstarfs landa á milli hvað snertir framleiðslu, lausn tæknilegra vandamála og hagræðingu almennt. Alkunna er, að slíkt samstarf hefur þróast mjög milli Norðurlandanna og átt afar drjúgan þátt í hinni miklu aukningu viðskipta, sem orðið hefur þeirra á milli. Þá er það almenn reynsla, að þau áhrif tollalækkana, sem fyrst koma í ljós, þ. e. til lækkunar verðlags, hafa haft jákvæð áhrif til þess að halda aftur af verðbólgu. Þegar á allt þetta er litið, hafa forsvarsmenn EFTA-þjóðanna því vafalaust haft tilefni til að lýsa yfir ánægju sinni yfir að hafa stofnað til þessa samstarfs, en það gera þeir við mörg tækifæri.

Þó ber ekki svo að skilja, að EFTA sé í neins augum lokatakmark. Aðildarríkin stofnuðu til bandalagsins eftir að ekki tókst að mynda fríverzlunarsvæði í Evrópu á árunum 1958—1959. Enn á ný var reynt að ná því takmarki að sameina Evrópu í viðskiptalegu tilliti með aðildarviðræðum Breta og annarra þjóða að Efnahagsbandalaginu á árunum 1962—1965 og aftur á sl. ári, en í hvorugt skiptið leiddi það til árangurs vegna andstöðu Frakka, eins og menn vita. Ekki getur talizt líklegt, að slíkar viðræður verði teknar upp í bráð, né heldur, að þau vandamál, sem leiða af stöðu markaðsmálanna í Evrópu verði leyst með viðskiptasamningum milli bandalaganna, en þeirri hugmynd hefur skotið

upp á síðustu mánuðum. Það er því ljóst, að EFTA sem bandalag á sér enn líf framundan, og er vel tímabært að taka til umræðu atriði varðandi hugsanlega aðild Íslands að bandalaginu, svo sem gert hefur verið undanfarið. Ýmis atriði koma þar til athugunar, en framtíð íslenzks iðnaðar við slíkar aðstæður hefur verið ofarlega á baugi, svo sem von er.

Í þessu sambandi hefur athygli manna meðal annars beint að fyrirsjáanlegri þróun mannfjölda á Íslandi næstu áratugi. Ekki er talið ólíklegt, að um næstu aldamót verði Íslendingar nálægt 350 þúsundum að fjölda. Þá er og athyglisvert, að á næstu tveim áratugum, að minnsta kosti, mun vinnufæru fólki fjölga mun örur en áður hefur verið, og er bent á, að árgangarnir, sem bætast á vinnumarkaðinn frá 1970 til 1980 verði t. d. 85% fjölmennari en þeir, sem bættust við á áratugnum frá 1950 til 1960. Þessar staðreyndir er vert að hafa í huga, þegar menn hugleiða að taka afstöðu til hugsanlegrar þátttöku í EFTA, því að ljóst er, að atvinnuvegir Íslendinga í sinni núverandi mynd taka ekki við þessari fjölgun vinnandi fólks. Núverandi uppbygging atvinnuveganna verður m. ö. o. að breytast í átt til miklu meiri eiginlegrar iðnvæðingar, ef ekki á að verða hér efnahagsleg stöðnun og atvinnuleysi.

Eitt skilyrði þess, að hér rísi upp iðnaður, sem geti verið nýr vaxtarmeiddur í íslenzkum þjóðarbúskap, er, að hann njóti hvað tollakjör snertir í sem ríkustum mæli jafnrar samkeppnisaðstöðu erlendis við iðnað annarra þjóða.

Aðild Íslands að EFTA er okkur ekki fremur en bandalagsþjóðunum, fullkom-

in lausn á markaðsmálunum. Ljóst er hins vegar, að slík aðild, með þeim sérstöku kjörum, sem Íslandi hentar, myndi veita íslenskum iðnaði og þjóðarbúskap tækifæri, sem ekki næst ella. Mætti ekki

ætla, með tilliti til reynslu aðildarríkjanna af samstarfinu innan EFTA, að þau tækifæri yrðu hagnýtt þjóðinni til farsældar?



Álit og tillögur um áætlunargerð

Álit það og tillögur um áætlunargerð, sem hér fara á eftir eru samdar af stjórn Efnahagsstofnunarinnar, með hliðsjón af skýrslu Alberts Waterstons frá 20. nóv. 1967, um hagnýta áætlunargerð á Íslandi. Var frá skýrslunni gengið 26. marz 1968, og var hún ásamt skýrslu Waterstons rædd á fundi Hagráðs 9. apríl. Í stjórn Efnahagsstofnunarinnar eru: Jónas H. Haralz, formaður, Gísli Blöndal, Jóhannes Nordal, Klemens Tryggvason og Sigtryggur Klemenzson.

Um áætlunargerð almennt.

Áætlanir um þjóðarbúskap, einstakar greinar atvinnulífs og framkvæmda eða um einstakar byggðir fjalla fyrst og fremst um æskilega og sennilega þróun þjóðarbúskapar, greinar eða byggðar á tilteknu tímabili og þá stefnu, sem stjórnarvöld geti fylgt til þess að stuðla að þeirri þróun. Með því að veita yfirlit um þróun og stefnu geta áætlanir verið þýðingarmikið hjálpartæki, þegar ákvarðanir eru teknar um einstakar aðgerðir eða framkvæmdir. Þær fela hins vegar yfirleitt ekki í sér beinar ákvarðanir. Undantekningar frá þessu eru þó árleg fjárlög og árlegar framkvæmda-áætlanir, sem fela í sér ákveðnar fyrirætlanir, sem ákvarðanir hafa verið teknar um. Áætlanir fela heldur ekki í sér tæknilegan eða fjárhagslegan undirbúning einstakra verka. Á hinn bóginn eru þær nátengdar þessum undirbúningi á því stigi, sem er undanfari þess, að ákvarðanir séu teknar. Kemur þar hvort tveggja til, að áætlunargerð getur stuðlað að vandlegum undirbúningi verka og að slíkur undirbúningur er jafnframt forsenda góðrar áætlunargerðar.

Þær áætlanir, sem unnið hefur verið að hér á landi á undanförunum árum, eru þessar:

a) *Árlegar þjóðhagsáætlanir.*

Þessar áætlanir fjalla um þróun þjóðarbúskaparins á komandi ári, og hefur Efnahagsstofnunin unnið að samningu þeirra um allmörg undanfarin ár í samvinnu við Seðlabankann og fjármálaráðuneytið. Þessar áætlanir hafa verið notaðar í sambandi við mótun stefnu í efnahagsmálum yfirleitt og við undirbúning fjárlaga og árlegra framkvæmdaáætlana. Grein hefur verið gerð fyrir þessum áætlunum í skýrslu fjármálaráðherra til Alþingis um framkvæmdaáætlun ársins og í skýrslum til Hagráðs síðan það tók til starfa.

b) *Fjárlög og árlegar framkvæmda-áætlanir.*

Fjárlög eru árleg áætlun, sem lýsir fyrirætlunum ríkisvaldsins á komandi ári. Þar sem fjárlög hafa ekki náð yfir allt verksvið ríkisvaldsins, hafa sérstakar árlegar framkvæmda- og fjáröflunar-áætlanir verið undirbúnar síðan 1963. er tekið hafa til starfsemi fjárfestingarlánasióða og til meiriháttar opinberra framkvæmda, sem að einhverju eða öllu leyti eru utan fjárlaga. Efnahagsstofnunin, fjármálaráðuneytið og Seðlabankinn hafa séð um þessa áætlunargerð í samvinnu við hlutaðeigandi ráðuneyti

og stofnanir. Grein hefur verið gerð fyrir þessum áætlunum í árlegri skýrslu fjármálaráðherra til Alþingis.

c) *Almennar þjóðhags- og framkvæmdaáætlanir til langs tíma.*

Þessar áætlanir fjalla um alla þætti þjóðarþúskapar og framkvæmda og ná yfirleitt yfir fjögurra til sjö ára tímabil. Ein slík áætlun hefur verið samin hér á landi, eins og kunnugt er, þjóðhags- og framkvæmdaáætlunin fyrir árin 1963—1966, sem Efnahagsstofnunin gekk frá að afloknu undirbúningsstarfi norskra sérfræðinga.

d) *Áætlanir til langs tíma um einstakar greinar opinberrar þjónustu og framkvæmda.*

Allmikið hefur verið unnið að slíkri áætlunargerð hér á landi, einkum á sviði raforkumála, samgöngumála og menntamála. Hefur starfið farið fram á vegum hlutaðeigandi ráðuneyta og stofnana í samvinnu við Efnahagsstofnunina, fjármálaráðuneytið og Seðlabankann. Hins vegar hefur enn ekki verið gengið formlega frá neinum áætlunum af þessu tagi.

e) *Áætlanir til langs tíma um einstakar atvinnugreinar.*

Ekki hefur verið unnið að slíkri áætlunargerð hér á landi, ef frá eru taldar tvær tíu-ára áætlanir um þróun landbúnaðar, sem unnar hafa verið á vegum hændasamtakanna. Á hinn bóginn hafa ýmsar athuganir farið fram á sjávarútvegi og iðnaði, sem eru svipaðs eðlis og áætlunargerð af þessu tagi.

f) *Byggðaáætlanir.*

Með aðstoð norskra sérfræðinga var unnið að undirbúningi byggðaáætlunar fyrir Vestfirði á árinu 1964 og gengið frá fjögurra ára samgönguáætlun fyrir þennan landsfjórðung árið eftir. Síðan

1966 hefur Efnahagsstofnunin unnið að byggðaáætlun fyrir Norðurland. Starfið lá þó að mestu niðri á síðastliðnu ári af óviðráðanlegum ástæðum, en hefur nú verið hafið að nýju.

Reynslan af áætlunargerð.

Sú áætlunargerð, er reynzt hefur hagnýtust bæði hér á landi og í öðrum löndum, er, auk fjárlagagerðar, annars vegar gerð almennra þjóðhagsáætlana og áætlana um opinberar framkvæmdir til eins eða tveggja ára, hins vegar gerð áætlana um einstakar greinar atvinnulífs og opinberra framkvæmda og þjónustu til langs tíma, þ. e. yfirleitt fimm til tíu ára. Áætlanirnar til langs tíma um einstakar greinar framkvæmda eða atvinnulífs verða jafnframt að styðjast við almennt yfirlit um þróun efnahagsmála á því tímabili, sem þær fjalla um, og tengjast fjárlögum og árlegum framkvæmdaáætlunum. Á hinn bóginn bendir reynslan bæði hér á landi og annars staðar til þess, að þær almennu þjóðhags- og framkvæmdaáætlanir til fjögurra eða fimm ára, sem mjög hafa verið í tízku, hafi ekki mikið hagnýtt gildi, allra sízt í löndum, þar sem efnahagsþróunin er háð mikilli óvissu. Þar sem þessi tegund áætlunargerðar krefst geysimikils starfs, jafnframt því sem viðtæk áætlunargerð um einstakar greinar er í raun og veru forsenda hennar, virðist einsætt, að hér á landi beri á næstunni að leggja höfuðáherzlu á árlegar áætlanir annars vegar og áætlanir til langs tíma um einstakar greinar hins vegar. Sökum þess, hversu ófullkominn tæknilegur og fjárhagslegur undirbúningur einstakra verka hefur verið hér á landi og hversu óskýrar reglur gilda um frumkvæði og ábyrgð í opinberum framkvæmdum, er einnig þýðingarmikið, að áætlunargerðin leitist við að stuðla

að bættum undirbúningi verka og betra skipulagi framkvæmda. Gildir þetta ekki aðeins um opinberar framkvæmdir, heldur einnig um atvinnulífið, þar sem mat fyrirtækja og fjármálastofnana á gildi einstakra verka og á afkomu og fjárhag fyrirtækja hefur oft á tíðum reynzt mjög ófullkomið.

Tillögur um áætlunargerð á næstu árum og skipulag hennar.

Á grundvelli þeirra sjónarmiða, sem að framan er lýst, vill stjórn Efnahagsstofnunarinnar gera eftirfarandi tillögur um áætlunargerð næstu ára og skipulag hennar.

1. Almennar þjóðhagsáætlanir.

Haldið sé áfram gerð almennra þjóðhagsáætlana til eins eða tveggja ára, er notaðar séu sem hjálpartæki við mótun stefnu í efnahagsmálum og við undirbúning fjárlaga og árlegra framkvæmdaáætlana.

Eðlilegt er að Efnahagsstofnunin sjái, eins og að undanförnu, um gerð þessara áætlana í náinni samvinnu við fjárlaga- og hagsýslustofnun fjármálaráðuneytisins, Seðlabankann og Hagstofuna. Jafnframt er rétt, að ýmsar umbætur og skipulagsbreytingar séu framkvæmdar.

Gerð þjóðhagsáætlana er nátengd gerð þjóðhagsreikninga fyrir liðinn tíma. Heppilegast virðist, að Efnahagsstofnunin haldi áfram á næstu árum að sjá um gerð þjóðhagsreikninga. Jafnframt er þó rétt, eins og ætlunin hefur verið, að Efnahagsstofnunin fái sem minnst við söfnun grundvallarupplýsinga, sem stuðzt er við í þjóðhagsreikningum, en hún sé fyrst og fremst á ábyrgð Hagstofu Íslands. Er þýðingarmikið, að

söfnun slíkra upplýsinga sé aukin og endurbætt á næstu árum, og hafa Hagstofan og Efnahagsstofnunin ákveðið að vinna sameiginlega að áætlun um aukna skýrslugerð á þessu sviði og um verkskiptingu á milli einstakra stofnana í því sambandi.

Með tilkomu fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar hefur aðstaða fjármálaráðuneytisins við undirbúning fjárlaga gjörbreytt. Er því eðlilegt, að sá hluti undirbúnings þjóðhagsáætlana, sem tengdastur er undirbúningi fjárlaga, færist meir en verið hefur frá Efnahagsstofnuninni til fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar, enda þótt nán samvinna haldist á milli þessara stofnana, eins og verið hefur. Er hér einkum um að ræða tekjuáætlanir fjárlaga og áætlanir um fjárlagaþróunina og áhrif hennar á þjóðarbúskapinn.

Í sambandi við gerð þjóðhagsáætlana hefur Seðlabankinn einkum unnið að áætlunum um þróun greiðslujafnaðar og um hina peningalegu þróun og áhrif hennar á þróun eftirspurnar. eru þessar áætlanir að ýmsu leyti enn á frumstigi, einkum hinar peningalegu, og er æskilegt, að vaxandi áherzla verði lögð á þær í framtíðinni. Þá hefur Seðlabankinn unnið að skýrslugerð um fjármagnsmarkaðinn og þróun fjármagnsmyndunar í efnahagskerfinu. Þessi starfsemi, sem hefur þýðingu bæði við gerð þjóðhagsáætlana og undirbúning fjárlaga og framkvæmdaáætlana, hefur einkum beinzt að starfsemi fjárfestingarlánastofnana, tryggingarfélaganna og lífeyris-sjóða. Æskilegt er að auka skýrslugerð á þessu sviði, tengja hina ýmsu þætti hennar nánar innbyrðis og við skýrslur um notkun fjármagnsins og færa hana út til fjármagnsmyndunar á vegum einkafyrirtækja og einstaklinga. Með þeim hætti yrði skýrslugerðin hagnýtari við mat á útlánastefnu lánastofnana og

við áætlunargerð um myndun og ráðstöfun fjármagns.

2. *Undirbúningur fjárlaga og árlegra framkvæmda- og fjáröflunaráætlana.*

Haldið sé áfram þeim umbótum í undirbúningi fjárlaga, sem hafnar hafa verið undir forystu fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar. Haldið sé áfram samningu árlegra framkvæmda- og fjáröflunaráætlana, en jafnframt stefnt að því, að sá hluti þessara áætlana, sem fjallar um opinberar framkvæmdir, verði í framtíðinni felldur inn í fjárlög. Tekið sé til athugunar að hefja gerð áætlana um langtímaþróun ríkisfjármála, áður en langt um líður.

Starfsemi fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar á grundvelli nýs fyrirkomulags fjárlaga hefur þegar stórlega bætt undirbúning fjárlaga og gert fjárlögin að virkara tæki en áður var í stjórn efnahagsmála. Árangur þessara umbóta mun þó koma enn betur í ljós á næstu árum, einkum eftir því sem tekst að bæta undirbúning einstakra verka og koma betra skipulagi á töku ákvarðana um opinberar framkvæmdir og rekstur.

Undirbúningur árlegra framkvæmda- og fjáröflunaráætlana hefur að sínu leyti skapað betri yfirsýn um framkvæmdir og fjáröflun, stuðlað að bættu skipulagi í þessum efnum og vandaðri undirbúningi verka og verið nauðsynlegt tæki í stjórn efnahagsmála. Eðlilegast er, að sá hluti þessara árlegru framkvæmda- og fjáröflunaráætlana, sem fjallar um opinberar framkvæmdir, verði í framtíðinni beinlínis felldur inn í fjárlög. Þótt einhver bið verði á þessu, er rétt að undirbúningur árlegra áætlana um opinberar framkvæmdir færirist meira en verið hefur frá Efnahagsstofnuninni til fjárlaga- og hagsýslustofnun-

arinnar. Hlutverk Efnahagsstofnunarinnar í undirbúningi fjárlaga og árlegra áætlana um opinberar framkvæmdir yrði þá fyrst og fremst að tryggja tengsl þeirra við hinar almennu árlegu þjóðhagsáætlanir og við langtímaáætlanir um einstakar greinar opinberra framkvæmda. Enda þótt búið væri að fella þær áætlanir um opinberar framkvæmdir, sem nú eru utan fjárlaga, að fullu inn í fjárlög, væri eftir sem áður nauðsynlegt að gera sérstakar árlegar áætlanir um starfsemi og fjáröflun fjárfestingarlánasjóða. Myndi þetta vera verkefni Seðlabankans og Framkvæmdasjóðs, eins og verið hefur.

Eftir því sem umbótum í undirbúningi fjárlaga og gerð áætlana til langs tíma um einstakar greinar opinberra framkvæmda og þjónustu miðar áfram, gæti gerð áætlana um þróun fjármála ríkisins til langs tíma reynzt framkvæmanleg og gagnleg. Æskilegt er því, að tekið sé til athugunar, áður en langt um líður, hvort slík áætlunargerð sé tímabær.

3. *Áætlanir um einstakar greinar opinberra framkvæmda.*

Halda ætti áfram því starfi, sem hafið hefur verið í áætlunargerð til langs tíma um einstakar greinar opinberra framkvæmda, og auka það jafnframt og efla. Samhlíða þessu þarf að leggja áherslu á að bæta tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning einstakra verka.

Þau verkefni, sem mest eru aðkallandi á þessu sviði, eru að ljúka áætlunargerð um hina hagrænu hlið menntamála, sem unnið hefur verið að undanfarin tvö ár, og þeirri áætlun um samgöngumál, sem nú stendur til að ganga frá með erlendri tækniástoð. Starfið að menntamálaáætluninni hefur þegar leitt til mik-

ils hagnýts árangurs í sambandi við setningu og framkvæmd nýju skóla-kostnaðarlaganna og við framkvæmd skólabygginga á undanförunum árum. Stefnt er að því að ljúka áætlunargerðinni á þessu ári, en jafnframt er kappkostað að halda nánnum tengslum á milli áætlunargerðarinnar og þeirrar endurskipulagningar og umbóta í rekstri skólakerfisins og í skólabyggingum, sem unnið er að að koma á. Enn fremur er unnið að því að koma á tengslum við hina nýju nemendaskrá Hagstofunnar, sem mikil not ættu að geta orðið að í þessu sambandi. Mikið hefur verið unnið að áætlunargerð á sviði samgöngumála á undanförunum árum, nú síðast í sambandi við undirbúning að lagningu hraðbrauta. Í sambandi við þann undirbúning og væntanlega erlenda lántöku til hraðbrauta er nú ráðgert að fá erlent fyrirtæki til að framkvæma athugun á samgöngumálum með sérstöku tilliti til lagningar hraðbrauta í samvinnu við samgöngumálaráðuneytið, Efnahagsstofnunina og þær opinberar stofnanir aðrar, sem um samgöngumál fjalla. Á grundvelli þessarar athugunar mundi síðan verða samin áætlun til langs tíma um þróun samgöngumála.

Áætlunargerð í menntamálum og samgöngumálum mun áframhaldandi krefjast mikillar athygli, þótt þeim áætlunum sé lokið, sem hér hafa verið nefndar. Eigi að síður er rétt að taka þá til athugunar, að hve miklu leyti er fært að hefja sams konar starf í öðrum greinum, og þá ekki sízt í heilbrigðismálum.

Rétt er, að Efnahagsstofnunin hafi eins og áður yfirumsjón með gerð áætlana til langs tíma um einstakar greinar opinberra framkvæmda í náinni samvinnu við hlutaðeigandi ráðuneyti og stofnanir og við fjárlaga- og hagsýslustofnun fjármálaráðuneytisins. Nauðsynlegt er, að ráðuneyti og stofnanir feli

sérstökum starfsmönnum innan sinna vébanda að starfa að áætlunargerðinni í samvinnu við Efnahagsstofnunina og stefni að því að ráða til sín starfsmenn, er geti sinnt slíkum verkefnum, eða þjálfar í þessu skyni þá, sem fyrir eru. Æskilegt væri, að Efnahagsstofnunin stæði fyrir námskeiðum til þjálfunar starfsliðs í þessu skyni, og að fyrsta námskeiðið verði haldið á þessu ári, þar sem samgöngumál verði sérstaklega tekin til meðferðar.

Þýðingarmikið er, að samhliða aukinni áætlunargerð til langs tíma um opinberar framkvæmdir, verði stuðlað að bættum undirbúningi einstakra verka. Umsjónin með þessu er eitt af meginverkefnum fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar, en tengist mjög starfi Efnahagsstofnunarinnar. Frumvarp til laga um undirbúning opinberra framkvæmda, er lagt var fram á Alþingi á sl. ári, er nú til athugunar og endurskoðunar hjá þessum tveimur stofnunum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og er æskilegt, að lagasetningunni verði hraðað eins og föng eru á, þegar þeirri endurskoðun er lokið.

4. Áætlanir um einstakar greinar

atvinnulífsins.

Stefnt sé að því að vinna að áætlunargerð um þróun einstakra greina atvinnulífsins á víðtækari og skipulegri grundvelli en verið hefur. Hverjulegast virðist, að forysta fyrir slíkri áætlunargerð sé hjá hlutaðeigandi ráðuneytum, er komi á fót starfshópum til að vinna að henni með þátttöku samtaka atvinnugreina og hlutaðeigandi opinberra stofnana.

Þróun atvinnulífsins hér á landi er í óvenju ríkum mæli háð stefnu og að-

gerðum sjálfs ríkisvaldsins, jafnframt því sem öflun bæði stofnfjár og rekstrarfjár fyrirtækja er á vegum banka og fjárfestingarlánasjóða í opinberri eigu í miklu ríkara mæli en tíðkast víðast hvar annars staðar. Á hinn bóginn hefur sjaldan, og þá aðeins á takmörkuðum grundvelli, verið reynt að gera sér þess ljósa grein, hvert þróun atvinnulífsins stefndi og hver áhrif stefna hins opinbera hefði á þessa þróun. Jafnframt hafa bankar og fjárfestingarlánasjóðir orðið að taka ákvarðanir um lánveitingar og önnur atriði, er atvinnulífið snertir, án þess að geta byggt þær á yfirsýn um þróun greinarinnar og ljósu mati á gildi einstakra verka og stöðu fyrirtækja. Í þessu efni getur áætlunargerð um þróun einstakra greina atvinnulífsins til langs tíma komið að miklu gagni, einkum ef um leið eru gerðar ráðstafanir til að stuðla að betri undirbúningi einstakra verka, skynsamlegra mati á gildi þeirra og bættri fjárhagslegri uppbyggingu fyrirtækja.

Að undanfögnu hafa farið fram athuganir á fiskiðnaði, og þá einkum hraðfrystiðnaði, og á framtíð togaraútgerðar, sem eru sama eðlis og áætlunargerð til langs tíma um einstakar greinar atvinnulífsins. Æskilegt er, að þessu starfi sé haldið áfram, því hraðað og það látið ná til annarra undirgreina sjávarútvegsins, eftir því sem föng eru á. Í undirbúningi er að hefja athugun á verzlun og á iðnaði fyrir innlendan markað í sambandi við hugsanlega inngöngu Íslands í EFTA, sem einnig er sama eðlis og áætlunargerð af því tagi, sem að framan er lýst. Aðkallandi er einnig að samskonar athugun sé gerð á þróun landbúnaðar og stefnunni í landbúnaðarmálum.

Réttast er, að frumkvæði og ábyrgð á áætlunargerð um einstakar atvinnugreinar sé hjá hlutaðeigandi ráðuneytum í náinni samvinnu við samtök atvinnu-

greinanna sjálfra og þær stofnanir, sem að málefnum þeirra starfa. Myndi þessi samvinna geta farið fram með stofnun starfshópa áður nefndra aðila undir forystu hlutaðeigandi ráðuneytis.

Þýðingarmikið er, að Efnahagsstofnunin, fjárlaga- og hagsýslustofnunin, Seðlabankinn, Framkvæmdasjóður og Hagstofan eigi hlutdeild að starfshópunum, eftir því sem við á hverju sinni. Hlutverk Efnahagsstofnunarinnar myndi þá fyrst og fremst vera að láta í té upplýsingar og sjónarmið varðandi almenna efnahagsþróun landsins, tengja áætlunargerðina annarri áætlunargerð og framkvæma tæknilegar athuganir, eftir því sem geta hennar leyfði. Fjárlaga- og hagsýslustofnunin myndi hins vegar fyrst og fremst fjalla um tengsl áætlananna við opinbera starfsemi, fjárlög og fjárlagaþróun. Þátttaka Seðlabankans og Framkvæmdasjóðs myndi einkum beinast að fjármögnunarvandamálum og vandamálum varðandi fjárhagslega uppbyggingu fyrirtækja. Loks yrði það hlutverk Hagstofunnar og hagdeilda annarra stofnana að sjá starfshópunum fyrir nauðsynlegum skýrslum til starfseminnar.

Seðlabankinn og Framkvæmdasjóður eiga cinnig sérstöku hlutverki að gegna í sambandi við mat á stöðu einstakra fyrirtækja og gildi einstakra verka. Hafa þeir orðið að byggja upp vaxandi starfsemi í þessum efnum, og er nauðsynlegt, að hún sé eflað verulega í framtíðinni. Verkefnið beinist fyrst og fremst að vandamálum einkafyrirtækja og sjálfstæðra opinberra atvinnufyrirtækja. Er hér um tvo meginflokkva vandamála að ræða. Annars vegar eru áætlanir og mat á nýfjárfestingum í sambandi við stofnun nýrra fyrirtækja og meiri háttar stækkanir. Hins vegar eru vandamál varðandi endurskipulagningu á fjárhag starfandi fyrirtækja, er

stafa af rekstraráföllum, misheppnuðum fjárráðstöfunum o. s. frv. Jafnframt beinni þjónustu á þessu sviði, er veitt væri bæði í sambandi við starfsemi Framkvæmdasjóðs og Ríkisábyrgðasjóðs, er æskilegt, að Seðlabankinn gangist fyrir námskeiðum og þjálfun fyrir þá starfsmenn viðskiptabanka og fjárfestingarlánasjóða, er að sams konar málum vinna.

5. Byggðaáætlanir.

Lokið sé hið fyrsta byggðaáætlun þeirri um Norðurland, sem unnið hefur verið að, og jafnframt athugað, hvernig bezt sé að koma gerð byggðaáætlana fyrir.

Byggðaáætlanir hafa í senn sjálfstæða þýðingu fyrir byggðarlögin og eru eðlilegur hluti af almennri áætlunargerð til langs tíma fyrir einstakar greinar atvinnulífs og framkvæmda. Verður því að vinna að byggðaáætlunum í nánú samráði við aðila heima í byggðunum, og þá fyrst og fremst sveitarstjórnir og samtök þeirra, og einnig við þá aðila, sem fást við almenna áætlunargerð um opinberar framkvæmdir og einstakar atvinnugreinar. Jafnframt þarf að vinna slíkar áætlanir í samráði við fjármálastofnanir, sem stutt geta byggðapróunina, og þá einkum Atvinnuþróunarsjóð. Nægileg reynsla hefur ekki enn fengizt af því hér á landi, hvernig sé bezt að haga gerð byggðaáætlana og að hvaða notum hún geti komið. Þýðingarmikið er að ljúka sem fyrst því starfi, sem unnið hefur verið að Norðurlandsáætlun, og taka jafnframt til athugunar í ljósi reynslunnar, er af því starfi fæst, hvernig skuli unnið að byggðaáætlunum framvegis.

6. Skipulag og starfslið þeirra stofnana, sem að áætlunargerð vinna.

Stefnt sé að því að bæta skipulag þeirra stofnana, sem að áætlunargerð vinna, og auka sérhæft starfslið þeirra, eftir því sem aðstæður leyfa.

Eigi að reynast unnt að framkvæma þær tillögur um aukna og bættu áætlunargerð, sem hér hafa verið settar fram, verður að auka starfslið þeirra stofnana, sem að áætlunargerð vinna. Til þess að sú aukning geti haldizt í lágmarki, er jafnframt nauðsynlegt að koma á sem beztu skipulagi þessara stofnana. Af mörgum ástæðum er einnig þýðingarmikið að aukning starfsliðs sé sem hægust, enda ekki annað framkvæmanlegt vegna hins takmarkaða framboðs starfskrafta, er hafa þá menntun og reynslu, sem störf af þessu tagi krefjast.

Sú aukning starfsliðs, sem hér um ræðir, þarf að eiga sér stað hjá ráðuneytum og stofnunum, sem fjalla um opinberar framkvæmdir, hjá Efnahagsstofnuninni, fjárlaga- og hagsýslustofnuninni og hagfræðideild Seðlabankans. Síðast en ekki sízt verður hún að eiga sér stað hjá Hagstofunni og öðrum stofnunum, er safna og vinna úr frumgögnum.

Aukning starfsliðs, jafnvel starfsliðs, er hefur fulla hæfni til að bera, hrekkur þó skammt, nema til komi heppilegt skipulag og heilbrigð viðhorf innan hverrar stofnunar og gott samstarf þeirra á milli. Ráðuneytin hér á landi hafa allt fram á síðustu ár litið svo á, að stefnumörkun og áætlunargerð væri ekki í þeirra verkahring. Þessi viðhorf eru nú að breytast til samræmis við það, sem tíðkast í vaxandi mæli í öðrum löndum, að einmitt stefnumörkun og áætlunargerð sé meginverkefni ráðuneyta.

Jafnhliða breytingu viðhorfa verða verulegar skipulagsbreytingar víða að eiga sér stað, einkum að því er snertir ráðuneytin og opinberar eða hálfopinberar stofnanir, sem undir þau heyra.

Samstarf á milli ráðuneyta og stofnana er nær undantekningarlaust gott hér á landi, og er ekki að finna dæmi um tvíverknað eða það, að stofnanir þrengi sér inn á starfssvið hver annarrar, eins og algengt er í öðrum löndum. Á hinn bóginn er verkaskipting ekki alltaf eðlileg, og má í því sambandi einkum benda á dæmi þess, að stofnanir hafi orðið að taka upp starfsemi, sem aðrar stofnanir, sem nær stóðu verkefninu, höfðu ekki bolmagn eða áhuga á að sinna. Rétt er, að verkaskipting sé bætt, þegar þannig stendur á. Nán tengsl á milli Efnahagsstofnunarinnar, fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar, Hagstofunnar, Seðlabankans og Framkvæmdasjóðs, er m. a. koma fram í skipan stjórnar Efnahagsstofnunarinnar, tryggja eðlilega verkaskiptingu á milli þessara aðila. Náð samstarf Efnahagsstofnunarinnar og fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar við önnur ráðuneyti og stofnanir þjónar sama tilgangi.

Skipulag Efnahagsstofnunarinnar sjálfrar hefur sérstaka þýðingu í sambandi við umbætur áætlunargerðar, þar sem telja má, að stofnunin hafi að ýmsu leyti yfirumsjón með áætlunargerð hér á

landi. Fram að þessu hefur stofnunin starfað sem ein heild undir einum forstöðumanni, þrátt fyrir þau margvíslegu verkefni, sem hún hefur þurft að sinna. Þetta hefur orðið til þess, að stofnunin hefur ekki megnað að sinna langtíma-áætlunum og byggðaáætlunum eins mikil og æskilegt væri. Ef stofnunin á að vera fær um að leysa af hendi það hlutverk, sem henni er ætlað samkvæmt tillögnum hér að framan, er hins vegar nauðsynlegt, að hún starfi í tveimur aðgreindum deildum. Myndi önnur deildin (hagdeild) fjalla um gerð þjóðhagsreikninga og árlegra þjóðhagsáætlana og sinna öðrum verkefnum, er snerta stefnuna í efnahagsmálum og stjórn þeirra á hverjum tíma. Sennilega er heppilegt, að þessi deild væri einnig þátttakandi í áætlunargerð um þróun atvinnugreina til langs tíma, þar sem hún myndi hvort eð er mjög sinna málefnum atvinnulífsins. Hin deildin (áætlunardeild) myndi fjalla um áætlanir um einstakar greinar opinberra framkvæmda til langs tíma, um áætlanir um opinberar framkvæmdir til eins árs og um byggðaáætlanir. Að sjálfsögðu yrði náð samband að vera á milli þessara deilda og þær að mörgu leyti að styðjast við starf hvor annarrar. Einnig er rétt að gera ráð fyrir, að starfsfólk geti flutzt á milli þeirra.

Albert Waterston:

Tillögur um hagnýta áætlunargerð á Íslandi

Albert Waterston er aðalsérfræðingur Alþjóðabankans í áætlunargerð. Hann kom hingað á sl. ári til að vera íslenskum stjórnarvöldum til ráðuneytis um áætlunargerð og skilaði skýrslu um málið 20. nóv. 1967.

I. Formáli.

1. Í boði Íslensku ríkisstjórnarinnar dvaldist ég á Íslandi frá 28. maí til 10. júní, 1967 í því skyni að ráðgast við forstjóra Efnahagsstofnunarinnar um vandamál Íslands á sviði áætlunargerðar, meta þann árangur, sem náðst hefur í áætlunargerð, vera til ráðuneytis um þær tillögur, sem gerðar hafa verið um áætlunargerð og skipulag hennar, og taka þátt í ráðstefnum, ásamt bæði embættismönnum og fulltrúum atvinnulífsins. Eins og gerð er grein fyrir í III. kafla þessarar skýrslu, vill ríkisstjórn Íslands og embættismenn meta þá reynslu, sem fengizt hefur af áætlunargerð á Íslandi og í öðrum löndum í því skyni að samræma áætlunargerðina betur þörfum landsins en verið hefur. Það er af þessu tilefni, sem þessi skýrsla hefur verið samin og er lögð fram íslenskum stjórnarvöldum til íhugunar.

2. Meðan ég dvaldist á Íslandi, ferðaðist ég fljúgandi og í bifreið til ýmissa hluta landsins. Ég heimsótti landbúnaðarhéruð sunnan lands og norðan, sá fiskiskip, fisk- og kjötvinnslustöðvar, niðursuðuverksmiðjur, skipasmíðastöð, hvalveiðistöð, framkvæmdir við álbræðsluna, sem nú er verið að reisa, og hitaveitukerfið í Reykjavík.

3. Ég tók þátt í ráðstefnum, sem Efnahagsstofnunin boðaði til í því skyni að ræða sérstök atriði og vandamál áætlunargerðar. Ein þessara ráðstefna, sem 25 fulltrúar frá ráðuneytum og ríkisstofnunum tóku þátt í, ræddi áætlunargerð á sviði opinberra framkvæmda. Önnur ráðstefna með álíka mörgum þátttakendum frá ráðuneytum, samtökum atvinnuvega og hagsmunasamtökum ræddi áætlunargerð á sviði atvinnuvega.

Þriðja ráðstefnan með um 25 þátttakendum frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga, stjórn Reykjavíkurborgar og stjórnnum annarra sveitarfélaga í nágrenni Reykjavíkur ræddi áætlunargerð sveitarfélaga. Fjórdða ráðstefnan, sem fulltrúar sveitarfélaga frá Akureyri og nágrenni tóku þátt í, ræddi byggðaáætlanir. Ég tók einnig þátt í fundi Hagráðs, þar sem almenn vandamál áætlunargerðar voru rædd, en Hagráð er ráðgefandi stofnun, sem viðskiptaráðherra er formaður fyrir, en auk hans er ráðið skipað fjármálaráðherra og fulltrúum frá launþegasamtökum, samtökum bænda, útgerðarmanna, hraðfrystihúsa og annarra samtaka atvinnuvega, sömuleiðis samvinnufélaga og stjórnmalaflokka, en Efnahagsstofnunin undirbýr fundi ráðsins og útbýr skýrslur fyrir það. Loks ræddi ég þessi sömu vandamál, einkum þó skipulag áætlunargerðar, við stjórn Efnahagsstofnunarinnar og starfsmenn hennar.

4. Auk þess, sem að ofan er getið, hélt ég fyrirlestur um áætlunargerð fyrir um það bil 100 áheyrendum, þar á meðal embættismönnum, við Háskóla Íslands í Reykjavík, og ræddi áætlunargerð við forsætisráðherra, fjármálaráðherra, viðskiptaráðherra, forstjóra Efnahagsstofnunarinnar, bankastjóra Seðlabankans, hagsýslustjóra og aðra embættismenn. Ég ræddi einnig við allmarga atvinnurekendur, þar á meðal útgerðarmenn, kaupmenn og forstjóra iðnfyrirtækja, við leiðtoga og starfsmenn launþegasamtaka og við blaðamenn.

5. Hinir mörgu fundir og þau skoðanskípti, sem þar fóru fram, gerðu mér kleift að kynnast margvíslegum hugmyndum og hjálpuðu mér til skilnings á meginvanda-

málum Íslands á sviði efnahagsmála og þörfum þess í sambandi við áætlunargerð. Ég nota þetta tækifæri til að láta í ljós þakklæti mitt til íslensku ríkisstjórnarinnar, til forstjóra Efnahagsstofnunarinnar og starfsmanna hennar og til margra annarra embættismanna og einstaklinga, sem voru mér hjálplegir.

II. Meginniðurstöður og tillögur.

6. Með tilliti til hinnar ríkjandi óvissu í efnahagshorfum á Íslandi hefur ríkisstjórnin réttilega ákveðið að semja ekki að svo stöddu nýja fjögurra-ára áætlun.

7. Þrátt fyrir þetta mælir margt með því að beita áætlunargerð við lausn efnahags- og þróunarvandamála landsins.

8. Sá sveigjanleiki í áætlunargerð, sem núverandi aðstæður krefjast, myndi geta náðst með kerfi árlegra þjóðhagsáætlana og árlegra áætlana um opinberar framkvæmdir, er tengdar væru áætlunum til sjö eða fleiri ára fyrir þýðingarmestu greinar framleiðslu og þjónustu.

9. Efnahagsstofnunin ætti að halda áfram að semja árlegar þjóðhagsáætlanir. Ásamt árlegum áætlunum um opinberar framkvæmdir ættu þær að vera sá grundvöllur, sem hægt væri að marka á stefnu og aðgerðir í efnahagsmálum.

10. Efnahagsstofnunin ætti eins fljótt og tök eru á að framkvæma fyrirætlanir sínar um að láta byggðasamtökum og sveitarfélögum í té tækniástoð við undirbúning og mat verka.

11. Skipa ætti sérstakar nefndir til að vinna að aukinni hagræðingu og betra skipulagi í landbúnaði og iðnaði.

12. Auka ætti starfslið Efnahagsstofnunarinnar smám saman og gera stofnunina þannig færari um að sinna þeim verkefnum, sem á henni hvíla.

13. Það ætti hið fyrsta að framkvæma þá endurskipulagningu Efnahagsstofnunarinnar, sem ráðgerð hefur verið, og losa ætti forstjóra hennar undan daglegum önnum, þannig að hann geti betur sinnt grundvallaratriðum stefnunnar í efnahagsmálum.

14. Góð áætlunargerð á sviði opinberra framkvæmda krefst þess í fyrsta lagi, að

ráðuneytin séu færð til nýtizkulegra horfs, og í öðru lagi, að sérstakur starfsmaður eða starfsmenn sinni áætlunargerð í ráðuneytum og stofnunum.

15. Í fyrstu ættu endurbætur í gerð áætlana um opinberar framkvæmdir aðallega að beinast að samgöngumálum og skólumálum.

16. Halda ætti áfram undirbúningi að námskeiði til að kenna aðferðir við mat verka.

17. Hagsýslustjóri og forstjóri Efnahagsstofnunarinnar ættu að vera ábyrgir fyrir samræmingu þjóðhagsáætlana, fjárlaga og áætlana um opinberar framkvæmdir.

18. Til þess að tryggja það, að fjárlaga- og hagsýslustofnunin sé fær um að framkvæma þær umbætur í undirbúningi og framkvæmd fjárlaga, sem þegar hafa verið hafnar, ætti stofnunin að bæta við sig starfsmönnum, sérfróðum í þeim efnum.

19. Æskilegt væri, að stjórn Efnahagsstofnunarinnar endurskoðaði þessa skýrslu og gerði tillögur um framkvæmd hennar til ríkisstjórnarinnar, að því leyti sem ástæða þætti til.

III. Dómur reynslunnar.

A. *Hvað er átt við með áætlunargerð?*

20. Hinn þekkti 18. aldar heimspekingur Voltaire sagði eitt sinn: „Ef þú vilt rök-ræða við mig, gerðu þá grein fyrir merkingu þeirra orða, sem þú notar“. Óvída eiga þessi ummæli eins vel við og þegar rökrætt er um áætlunargerð, en með því er hér átt við áætlunargerð stjórnvalda um samræmdar aðgerðir, hagrænar, fjármálalegar og aðrar, til þess að ná settum markmiðum, bæði um almennan hagvöxt og um önnur atriði. Fólk lítur á áætlunargerð með furðulega margvíslegum hætti. Hjá þeim, sem setja hana í samband við einræðislegt stjórnarfar, vekur áætlunargerð hugmyndir um skjóta eða hægfara glötun frelsis. Í vitund þeirra, sem óttast árangursleysi einstakra, ósamræmdra aðgerða til þess að ráða við þau vandamál, sem nú eða síðar kunna að ógna efnahagslegu eða félagslegu lífi lands þeirra, vekur áætlunargerð vonir um að komast á brott frá stöðnun í efnahags-

málum og um sköpun tækifæra til örari eða öruggari hagvaxtar.

21. Þótt þessar skoðanir séu andstæður, þurfa þær ekki að vera ósamrýmanlegar. Margir, sem eru andsnúnir áætlunargerð í sínu eigin landi, telja hana gagnlega eða nauðsynlega í þróunarlöndum. Þeir viðurkenna, að í löndum, þar sem hegðun fólks er svo bundin gamalli hefð, að það getur litlu áorkað af sjálfsdáðum, verði ríkisstjórn yfirleitt að hafa forgöngu um framfarir. Þegar ríkisstjórn er ný eða reynslulítill eða á af öðrum ástæðum erfitt með að haga starfi sínu á þann skipulega hátt, sem áætlunargerð miðar að, játa andstæðingar opinberrar áætlunargerðar, að hún sé oft á tíðum eina raunhæfa leiðin til þess að komast hjá því, að viðleitnin til að ná örari hagvexti leiði aðeins til samhengislausra og árangurslétilla tilrauna.

22. Í þróuðum löndum telja hins vegar sumir, að þetta eigi ekki við um þeirra eigin lönd. Mikill skoðanamunur er um það í þessum löndum, hvort áætlunargerð sé æskileg eða ekki. Umræðurnar eru stundum svo heitar, að það vekur meiri pólitískan úlfarþyt að tala um „áætlun“ ríkisstjórnarinnar eða „áætlunargerð“ en jafnvel þeir, sem eru áætlunargerð fylgjandi, kæra sig um. Þess vegna eru stundum notuð önnur orð en áætlunargerð, án þess að merking þeirra sé í raun og veru önnur. Svo mikið er vald orðanna.

23. Það er af þessum ástæðum, sem skilgreining skiptir miklu máli. Erfiðleikarnir í umræðum um kosti og galla almennrar áætlunargerðar eru ekki sízt þeir, að þeir sem þátt taka í umræðunum, eru ekki að tala um hið sama. Áætlunargerð, hvort sem hún á við heimili, einkafyrirtæki, samvinnufélag, sveitarfélag, byggð eða þjóð, er fyrst og fremst fólgin í að setja fram kosti til að ná tilteknum markmiðum, vega þessa kosti og velja á milli þeirra á skynsemisgrundvelli. Allir eru fylgjandi því að beita aðferðum skynseminnar í glímunni við lausn vandamála, eða fyrir því verður að minnsta kosti að gera ráð. Skoðanamunur getur hins vegar risið, og gerir það oft, um þau markmið, sem áætlunin stefnir að, og enn þá

frekar um þær sérstöku aðferðir, sem beita á til þess að ná þessum markmiðum. Ágreiningi um markmið og aðferðir hættir hins vegar við að verða að ágreiningi um áætlunargerðina sjálfa.

24. Það er þess vegna erfitt að sannfæra fólk um, að áætlunargerð sé hlutlaus um markmið og leiðir. En það er hún, vegna þess að hún er *tæki* til þess að ná ákveðnum markmiðum og velja leiðir að þeim, ekki markmið í sjálfu sér. Þannig er alveg eins hægt að nota áætlunargerð til þess að draga úr þýðingu ríkisvaldsins, eins og til þess að auka hana, eins til þess að auka afskipta-leysi af hálfu ríkisins, eins og til þess að efla velferðarríkið.

25. Þar sem áætlunargerð er kerfisbundin aðferð til að glíma við vandamál á skynsemisgrundvelli, þá er hún í sjálfu sér ekki hliðholl sósiölskum hagkerfum, eða öðrum miðstjórnarhagkerfum, og andvíg kapitölskum hagkerfum, eða öðrum hagkerfum með dreifðu ákvörðunarvaldi. Það er að sjálfsögðu rétt, að lönd kommúnismans nota áætlunargerð og að flest þeirra hafa, að minnsta kosti fram að þessu, framkvæmt áætlanir sínar með miðstjórnarákvörðunum. En það er líka rétt, að lönd eins og Frakkland, Japan, Noregur og Svíþjóð hagnýta sér áætlunargerð og að þau leitast við að ná markmiðum áætlanna fyrst og fremst með fortölum.

26. Í blönduðum hagkerfum, þar sem einkafyrirtæki starfa undir eftirliti ríkisins og við hlið ríkisfyrirtækja, hlýtur áætlunargerð um þjóðarbúskapinn í heild að fela í sér frumkvæði og eftirlit af hálfu ríkisvaldsins. En áætlunargerðin þarf ekki í sjálfu sér að krefjast tilfinnanlegrar aukningar ríkisafskipta. Aukist afskipti ríkisvaldsins, er það vanalega af ástæðum, sem ekki koma áætlunargerðinni við. Á vorum dögum hafa menn í flestum löndum, þar sem blandað hagkerfi ríkir, fallizt á nauðsyn þess, að ríkið stjórni sumum þáttum efnahagslífsins, jafnvel þar sem enginn vottur finnst af áætlunargerð um þjóðarbúskapinn í heild. Um þetta viðhafði R. V. Roosa eftirfarandi ummæli, þegar hann var aðstoðar-fjármálaráðherra Bandaríkjanna: „Mörg

lönd forðast, líkt og Bandaríkin, að styðjast við heildaráætlunargerð, en næstum öll, hver sem afstaða þeirra er til áætlunargerðar sem slíkrar, ætlast til þess, að ríkisstjórnin móti umhverfi efnahagsstarfseminnar, að hún vinni gegn samdrætti, hafi hemil á ofpenslu og skerist í leikinn, ef svo mætti að orði komast, til að draga úr áhrifum þeirrar aðlögunar, sem fylgja myndi ströngum en handahófskenndum aga fullrar gulltryggingar“.

27. Í flestum löndum heims, jafnt í þróuðum löndum og þeim, sem eru skemmra komin á þróunarbraut, er áætlunargerð orðin staðreynd. Í þessum löndum er það ekki lengur meiri háttar ágreiningsatriði, hvort beita eigi áætlunargerð eða ekki. Það, sem ákveða þarf, er, hvers konar áætlunargerð eigi að beita og hvernig eigi að beita henni.

B. *Reynsla Íslands af áætlunargerð.*

28. Þessar spurningar hafa einnig þýðingu á Íslandi, þar sem áætlunargerð er enn skammt á veg komin. Áætlunargerð var mjög rædd á Íslandi á árunum milli 1930 og 1940, og á árunum 1945 til 1950 beitti ríkisstjórnin miklum afskiptum af starfsemi hagkerfisins til þess að laga það að nýjum og erfiðum aðstæðum á árunum eftir styrjöldina. En á hvorugu þessara tímabila var gerð alvarleg tilraun til áætlunargerðar. Skortur á hagrænum upplýsingum og reyndum sérfræðingum útilokaði þetta raunar með öllu.

29. Eins og önnur lönd, sem tóku þátt í Marshallaðstoðinni, undirbjó Ísland drög að áætlunum fyrir Efnahagssamvinnustofnunina (OECE). Sérstaklega má í þessu sambandi minnst á „Almenna greinargerð um áætlanir árána 1950/51 og 1951/52“, sem gengið var frá á árinu 1950. Þessi drög voru óhjákvæmilega byggð á ófullkomnum hagrænum upplýsingum og höfðu lítil áhrif á þróun efnahagsmála. Á árunum milli 1950 og 1960 beindist athyglin á Íslandi að langmestu leyti að því að draga úr áhrifum langvarandi verðbólgu, að halla á greiðslujöfnuðinum og að öðrum aðkallandi efnahagsvandamálum. Það var ekki fyrr en víð-

tækar umbætur í efnahagsmálum höfðu verið framkvæmdar árið 1960, að ríkisstjórnin taldi sig hafa aðstöðu til að snúa sér á skipulegan hátt að langæjum vandamálum.

30. Þegar hér var komið sögunni, höfðu hagrænar upplýsingar batnað mikið, fyrst og fremst vegna þeirra þjóðhagsreikninga-gerðar, sem unnið hafði verið að í Hagdeild Framkvæmdabanka Íslands. Hins vegar var enn mikill skortur á reyndum hagfræðingum. Þegar ríkisstjórnin ákvað að undirbúa áætlun til miðlungi langs tíma, eða fjögurra ára, fór hún því fram á tæknilega aðstoð frá Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD). Með aðstoð norskra sérfræðinga, er dvöldu á Íslandi á vegum OECD á árunum 1961—1962, gengu íslenskir embættismenn og sérfræðingar í apríl 1963 frá fjögurra ára áætlun fyrir árin 1963—66.

31. Þessi þjóðhags- og framkvæmdaáætlun hafði að geyma yfirlit um efnahagsþróun Íslands á árunum eftir styrjöldina og könnun á þeirri þróun. Var þetta fyrsta athugun af því tagi, sem gerð hafði verið í landinu. Áætlunin hafði einnig að geyma fjögurra ára almenna umgerð, er sýndi þróun þjóðarframleiðslu og meginþátta verðmætaráðstöfunar, eins og búizt var við, að hún yrði. Í því sambandi fór fram mat á því, hversu miklum fjármunum væri kleift og æskilegt að verja til fjármunamyndunar í megingreinum þjóðarbúskaparins og undirgreinum þeirra.

32. Ekki var talið kleift að ganga þannig frá þjóðhags- og framkvæmdaáætluninni, að hún fæli í sér beinar ákvarðanir um einstakar aðgerðir og verk. Kom hér hvort tveggja til, hin mikla óvissa, sem einkennir efnahagslíf landsins, og reynsluleysi ráðuneyta og stofnana í áætlunargerð, en það reynsluleysi var meginorsök þess, hversu ábótavant var undirbúningi einstakra verka. Í þess stað ákvað ríkisstjórnin að undirbúa á hverju ári sundurliðaða árlega framkvæmdaáætlun, er næði til opinberra framkvæmda og fjáröflunar til þeirra. Fyrsta árlega framkvæmdaáætlunin, er gilti fyrir árið 1963, var birt sem hluti af þjóðhags- og framkvæmdaáætluninni fyrir árin 1963—1966. Síðan hafa sams konar áætlanir

verið undirbúnað fyrir árin 1964, 1965, 1966 og 1967 til notkunar innan ráðuneyta og opinberra stofnana. Þessar skýrslur hafa ekki verið gefnar út opinberlega, en fjármálaráðherra hefur í sérstakri skýrslu til Alþingis á ári hverju gert grein fyrir áætlun ársins, jafnframt því sem hann hefur gefið sundurliðað yfirlit um þróun undanfarandi ára áætlunartímabilsins og sett fram almennt mat á efnahagshorfum á komandi ári.

33. Ríkisstjórnin hafði gert grein fyrir því í þjóðhags- og framkvæmdaáætluninni fyrir árin 1963—1966, að hún ætlaðist til þess, að þau ráðuneyti og stofnanir, er bæru ábyrgð á opinberum framkvæmdum, tækju upp það skipulag og þær starfsaðferðir, sem myndu gera kleift að undirbúa áætlanir fyrir einstakar greinar og undirgreinar þeirra innan ramma þjóðhagsáætlunarinnar. Með nokkurri erlendri tækniaðstoð var mikil vinna í þetta lögð, einkum í samgöngumálum, raforkumálum og menntamálum. Verulegt byrjunarstarf var einnig hafið í byggðaáætlunum. Hafnar voru athuganir á stefnunni í málum þess iðnaðar, sem vinnur fyrir innlendan markað. Á hinn bóginn varð ekki mikið ágengt í að setja stefnu í málefnum landbúnaðar og sjávarútvegs.

34. Því má bæta við, að yfirlitt hafi minna orðið ágengt í að bæta áætlunargerð fyrir opinberar framkvæmdir en vonast hafði verið til. Að nokkru leyti stafaði þetta af hinni miklu dreifingu ábyrgðar á opinberri fjárfestingu á milli ríkis og sveitarstjórna, sem gerir það erfitt að samræma áætlanir og framkvæmdir. Þar að auki skorti ráðuneytin, sem vinna samkvæmt hefðbundnum aðferðum, oft á tíðum það framtak, þá reynslu og þá starfskrafta, sem árangursrík þátttaka í skipulegri áætlunargerð krefst. Efnahagsstofnunin, er falin var yfirumsjón með áætlunargerðinni og ekki átti að starfa öðruvísi en sem ráðgefandi stofnun, gat aðeins sigrazt á þessum erfiðleikum smám saman með náinni samvinnu við þau ráðuneyti, sem um einstaka mála-flokka fjölluðu, og við fjármálaráðuneytið. Þýðingarmikið skref var tekið 1965/66 til þess að bæta aðferðir við opinberar fram-

kvæmdir, þegar fjárlaga- og hagsýslustofnun var sett á fót innan fjármálaráðuneytisins.

35. Önnur veigamikil ástæða fyrir því, hversu hægt umbætur í áætlunargerð gengu, var jafnvægisleysið, sem skapaðist í efnahagsmálum árið 1963 og sem gerði það óhjákvæmilegt að takmarka mjög opinbera fjárfestingu árin 1964 og 1965. Breyttar efnahagsaðstæður urðu ekki aðeins til að trufla þær fyrirætlanir, sem þjóðhags- og framkvæmdaáætlunin hafði gert ráð fyrir. Þær urðu þess einnig valdandi, að stjórnarvöld, embættismenn og sérfræðingar, urðu að beina athygli sinni frá langæjum að skammæjum efnahagsvandamálum og þá sérstaklega að launamálum.

36. Ríkisstjórnin hafði haft í huga að ljúka á árinu 1967 undirbúningi nýrrar fjögurra ára áætlunar fyrir árin 1967—1970. Ýmsar ástæður urðu þess þó valdandi, að ríkisstjórnin ákvað að hætta við þessar fyrirætlanir. Efnahagshorfurnar urðu mjög óvissar, þegar verðlag á helztu útflutningsafurðum landsins tók að lækka á miðju ári 1966. Þar sem Alþingiskosningar áttu að fara fram í júní 1967, virtist það einnig óráðlegt að undirbúa fjögurra ára áætlun seinasta árið, sem ríkisstjórn sæti að völdum. Síðast en ekki sízt taldi ríkisstjórnin og embættismenn hennar, að vegna skortsins á sérmenntuðum mönnum, er gætu unnið að áætlunargerð og hinnar miklu þarfar á starfskröftum þeirra til annarra verka, væri nauðsynlegt að gera sér ljóst, hver þörf væri á slíkri áætlun, áður en jafn umfangsmikið starf væri hafið. Í þessu skyni hefur ríkisstjórnin unnið að því að meta reynslu Íslands og annarra landa í þessum efnum með það fyrir augum að samræma áætlunargerð á Ísland sem bezt þörfum landsins. Að beiðni ríkisstjórnarinnar er þessi skýrsla lögð fram sem hluti af þessu mati.

C. Hlutverk áætlunargerðar á Íslandi.

37. Efnahagsþróun Íslands er í mörgu tilliti vel á veg komin, tekjur á mann eru háar og tekjuskipting jöfn. Eigi að síður eru þarfir á opinberri fjármunamyndun

miklar miðað við íbúafjölda, ekki sízt í samgöngumannvirkjum, vegna þess að fólksfjöldinn er lítill og um helmingur hans þar að auki dreifður víðs vegar um landið. Vegna loftslags landsins og þeirra lífskjara, sem Íslendingar hafa vanið, eru þarfir á fjármunamyndun í íbúðarhúsum einnig miklar. Aðstæður í heiminum gera íslenskum sjávarútvegi nauðsynlegt að festa miklar fjárhæðir til þess að geta staðizt samkeppni á mörkuðum heimsins. Á hinn bóginn hlýtur fjárfesting í sjávarútvegi óðum að nálgast það stig, þar sem hún gefur æ minna í aðra hönd og þess vegna er sennilegt, að hagvöxtur verði framvegis í vaxandi mæli að byggjast á fjárfestingu í nýjum iðngreinum til útflutnings, er grundvallist á náttúruauðefum landsins. Dæmi um slíkar greinar eru álbræðslan, sem nú er í byggingu og sem kleift reyndist að ráðast í vegna ódýrrar raforku, og kísilgúrverksmiðjan nýbyggða við Mývatn. Bæði af þeim ástæðum, sem að ofan er getið, og af öðrum ástæðum verður að gera ráð fyrir, að fjármunamyndun haldist mikil í landinu í fyrirsjáanlegri framtíð.

38. Þrátt fyrir það að fjármunamyndun í hlutfalli við þjóðarframleiðslu hafi verið á milli 25 og 30% á undanförunum árum, hafa þarfirmar stöðugt reynzt meiri heldur en útgjöldin. Þar sem örðugt myndi veitast að auka fjármunamyndun umfram það, sem hún hefur verið, er brýn nauðsyn að beita áætlunargerð til þess að vinna gegn tilhneigingunni til að dreifa fé til opinberra framkvæmda svo víða, að minni árangur náist en ella væri unnt. Þessi tilhneiging, sem nú er áberandi á stundum, enda þótt verið geti, að í minna mæli sé en áður, hefur í för með sér, að byggingartími lengist og kostnaður eykst. Ein veigamestu rök áætlunargerðar eru, að hún getur dregið úr kostnaði. Margir sérfræðingar í áætlunargerð halda því meira að segja fram, að áætlunargerð sé í raun og veru hið sama og að ná tilteknu markmiði með sem minnstum tilkostnaði, og þetta sé, þegar allt kemur til alls, hlutverk þeirra, sem að áætlunargerð starfa. Hvort sem falli er á þessa skilgreiningu eða ekki, er ljóst, að ef bilið á milli takmarkaðrar

getu og brýnna þarfa á að minnka, er nauðsynlegt, að fjármunamyndunin beinist að þeim verkum, sem þýðingarmest teljast samkvæmt ljóslega skilgreindum mælikvarða og á grundvelli raunhæfra athugana á kostnaði, hagnaði og fjármögnun, sem gerðar eru, áður en verkið hefst. Að þetta sé skoðun íslensku ríkisstjórnarinnar, kemur fram í því, að hún hefur lagt fyrir Alþingi frumvarp, sem kveður svo á, að ákvörðun skuli ekki tekin um að hefja opinbera framkvæmd, fyrr en nauðsynlegar undirbúningsathuganir hafi farið fram.

39. Áætlunargerð getur einnig verið gagnleg við að koma á skipulegum starfsháttum við opinberar framkvæmdir, þar sem frumkvæði og ábyrgð eru dreifð. Árið 1965 voru 37% opinberra framkvæmda á Íslandi á vegum sveitarstjórna og önnur 24% voru sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga, sem sveitarfélögin áttu frumkvæði að og báru ábyrgð á framkvæmdunum, en afgangurinn voru hreinar ríkisframkvæmdir. Dreifing ábyrgðar er enn meiri en þessar tölur gefa til kynna, vegna þess að ríkisstjórn og sveitarstjórnir leggja umsjá með framkvæmdunum vanalega í hendur ýmissa stofnana og nefnda, sem þær sjálfar hafa aðeins takmörkuð áhrif á. Nýleg lög um kostnað við byggingu og rekstur skóla og það frumvarp um opinberar framkvæmdir, sem lagt var fram á síðasta Alþingi, fjalla um þessi atriði. Eigi að síður ber nauðsyn til að glíma á enn víðtækari grundvelli við þau vandamál, sem hin mikla dreifing ábyrgðar á opinberum framkvæmdum skapar.

40. Innlendur sparnaður hlýtur framvegis, eins og hingað til, að vera meginuppsetta fjár til fjármunamyndunar. Eigi að síður mun Ísland verða að halda áfram að leita erlends fjármagns til fjárfestingar að einhverju leyti. Af þessu leiðir, að áætlunargerðin verður að miða að því að halda áfram að styrkja fjárhagsstöðu landsins og vernda lánstraust þess erlendis. Þar sem íslenski markaðurinn er lítill og efnahagur landsins byggist að miklu leyti á útflutningi fisks og fiskafurða, er einnig þörf á að stefna að hagræðingu í iðnaði og landbúnaði og að því

að opna markaði erlendis fyrir æ fleiri tegundir íslenzkrar framleiðslu. Þar sem á Íslandi er blandað hagkerfi og starfsemi einkafyrirtækja öflug, verður áætlunargerðin að nota verðmyndunarkerfið sem mest og beita hvatningum og öðrum óbeinum aðgerðum til þess að stuðla að sjálfkrafa framtaki atvinnurekenda í samræmi við markmið áætlunargerðarinnar.

41. Á því er lítill vafi, að áætlunargerð, nýtt til stefnumótunar, getur komið að miklu gagni við leiðréttingu efnahagslegs jafnvægisleysis. Hér er margra kosta vól. Sem dæmi má nefna, að of mikil fjárfesting í hraðfrystihúsum gerir það æskilegt að framkvæma endurskipulagningu þessarar iðngreinar með sameiningu, samruna og samvinnu á milli fyrirtækja, ásamt tæknilegum umbótum í sumum fyrirtækjum. Nauðsyn þess að auka fjölbreytni framleiðslunnar krefst víðeigandi stefnu bæði í tollamálum og öðrum málum, rannsókná á sviði framleiðslu- og markaðsmála, athugana á útflutningshorfum iðnaðarvöru, sem Ísland gæti framleitt, og á þeim aðferðum, sem unnt væri að beita til þess að bæta undirbúning verka í atvinnugreinum. Að því er landbúnað snertir, var í skýrslu, sem skrifuð var á vegum Alþjóðabankans árið 1966, komið að þeirri niðurstöðu, að verðmæti framleiðslu á mann í landbúnaði væri að öllum líkindum minna en einn þriðji framleiðsluverðmætis á mann í sjávarútvegi, færi matið fram á heimsmarkaðsverði. Þar að auki var í skýrslunni komið að þeirri niðurstöðu, að miklu færri bændur en nú væru starfandi gætu framleitt núverandi framleiðslumagn. Í skýrslunni var einnig bent á, að þrátt fyrir mikinn kostnað við aðstoð við landbúnaðinn, væri landið mjög háð innflutningi matvæla, fódurbætis og áburðar. Að því er bæði landbúnað og iðnað snerti, mætti í sambandi við áætlunargerðina kanna, og setti að kanna, víðeigandi skipulagshætti, sem ríkisstjórn, hagsmunarsamtök, rannsóknarstofnanir og fjármálastofnanir gætu hagnýtt til þess að vinna betur saman að þeim markmiðum, sem talin eru æskileg frá félagslegu sjónarmiði.

42. Það er að sjálfsögðu rétt, að félags-

leg og stjórnómálaleg tillit munu þrengja að þeim hagrænu kostum, sem vól er á til aukningar framleiðslu og tekna. Með því að kanna þessi tillit og bera þau saman og með því að reikna út þær félagslegu hagsbætur og þann kostnað, sem sérhver kostur felur í sér, getur áætlunargerð skapað stærra svigrúm í valinu og lyft töku ákvarðana yfir þröng sérhagsmunasjónarmið til víðari sjónhrings almannaheilla.

43. Fjármunamyndun er þýðingarmikil fyrir áframhaldandi vöxt, en rétt stefna í efnahagsmálum skiptir þó mestu, vegna þess að hún gerir kleift að nota fjármagnið á sem hagkvæmastan hátt. Fjármunamyndunin sem slík getur skapað vöxt, en stefnan í efnahagsmálum beinir fjármagninu og vextinum í ákveðnar áttir. Stefnan í efnahagsmálum og stefnan í félagsmálum geta stutt hvora aðra eða, eins og stundum vill verða, unnið hvor gegn annarri. Hvort þær styðja hvor aðra eða vinna hvor gegn annarri er undir því komið, hversu skýrt efnahagsleg og félagsleg markmið hafa verið skilgreind og flokkuð í samræmi við almenna þýðingu þeirra. Það er ekki auðvelt að fá meiri hluta þjóðar til þess að verða sammála um almenn markmið, af því að þau snerta viðkvæma hagsmuni einstakra hópa og málefni, sem þeir bera fyrir brjósti. Þetta skýrir, hvers vegna almenn markmið eru svo sjaldan rædd. En hvort sem þessi markmið eru rædd eða ekki, er þýðingarmikið, að þeir, sem við áætlunargerð fást, hafi fulla þekkingu á þessum markmiðum, þar sem góð áætlunargerð felur í grundvallaratriðum í sér val þjóðarinnar á milli kosta til þess að ná tilteknum markmiðum.

44. Góð áætlunargerð er auðveldari en ella, þegar almenn markmið og þýðing þeirra er kunn. Þá reynist unnt að velja víðeigandi stefnu, bæði almenna stefnu í efnahagsmálum og stefnu fyrir einstakar greinar atvinnulífs og framkvæmda, og setja upp almenna hagræna og félagslega mælikvarða á val verka og áætlana. Af þessum sökum er skilgreining almennra markmiða í samræmi við þýðingu þeirra í raun og veru fyrsta og þýðingarmesta verkefni áætlun-

argerðar, enda þótt hér sé hún talin síðust og sé oft vanrækt í framkvæmd.

45. Í greinunum hér að framan hefur það verið rætt, hverja þýðingu áætlunargerð hefur haft á Íslandi, en ekki hefur verið gefið til kynna, hvers konar áætlunargerð ætti bezt við aðstæður og þarfir landsins. Ísland á við sérstaka örðugleika að etja í sambandi við áætlunargerð til langs tíma, vegna þess að efnahagur þess, og þar með upphæð fjármunamyndunar, er mjög kominn undir útflutningi fisks og fiskafurða. Landsmenn sjálfir hafa hins vegar takmarkað vald yfir því, hversu mikið magn og verðmæti þessarar framleiðslu verður. Aflamagnið getur breytzt og breytist verulega frá ári til árs, ekki sízt vegna þess, hversu háð landið hefur orðið síldveiðum á síðustu árum, en um þær veiðar er sérstaklega erfitt að segja fyrir. Svipuðu máli gegnir um heimsmarkaðsverð þeirra sjávarafurða, sem Ísland flytur út.

46. Áætlanir til marga ára, þar sem sett eru fram fastmóluð markmið um fjármunamyndun og framleiðslu, hljóta að vera óskadraumur frekar en grundvöllur athafna, meðan Ísland er svo mjög háð útflutningi sjávarafurða. Meðan svo háltar, hlýtur mikil óvissa að ríkja um magn og verðmæti útflutningsins á sama tíma og ákveða á markmið áætlunarinnar mörg ár fram í tímann. Þegar til lengdar lætur, getur áætlunargerð lagt fram þýðingarmikinn skerf til þess að draga úr óvissunni með því að auka fjölbreytni atvinnulífsins og móta stefnu í efnahagsmálum, er miði að því að jafna þær sveiflur, sem útflutningi sjávarafurða fylgja. En lítið er hægt að gera yfir skamman tíma séð til þess að jafna hagsveiflur, nema á velgengnisárum. Þá reynist á hinn bóginn erfitt að gera ráðstafanir til að búa í haginn fyrir mögru árin, þar sem mönnum hættir þá við að gleyma því, að velgengnin geti orðið skammæ. Ráðstafanir, eins og sú verðjöfnun sjávarafurða, sem íslenszka ríkisstjórnin hefur nú til athugunar, geta, þegar tímar líða fram, skapað grundvöll að því að jafna þessar miklu verðsveiflur. Heppilegasta leiðin til þess að mæta óvissunni, hvort sem lítið er yfir

lengri eða skemmri tíma, er þó að viðurkenna nauðsyn þess að gera ráð fyrir óvissu, hvort sem vel eða illa árar, með því að beita liprum aðferðum, er geri kleift að laga fjármunamyndun og stefnuna í efnahagsmálum að breyttum aðstæðum með sem minnstum kostnaði og óhagræði. Þetta krefst þess, að settar séu fram mismunandi leiðir, sem til greina geta komið, og að komið sé á kerfi áætlunargerðar, sem geri það fært að auka fjármunamyndun eða draga úr henni, eins og aðstæður segja til um. Slík kerfi áætlunargerðar eru til.

D. *Áætlunargerð í öðrum löndum.*

47. Í þessu sambandi er lærdómsríkt að kynna sér reynslu annarra landa, sem leitast hafa við að beita áætlunargerð í efnahagsþróun sinni. Eftir síðari heimsstyrjöldina reyndu mörg lönd að beita áætlunargerð, er miðuð var við tíu ár. Þetta átti einkum við um þróunarlöndin, en Japan setti einnig fram áætlun til tíu ára. Undantekningarlaust varð að falla frá þessum áætlunum löngu áður en tími þeirra var útrunninn, vegna þess að rás atburðanna gerði þær úreltar, stundum skömmu eftir að frá þeim hafði verið gengið. Reynsla þeirra landa, sem reynt hafa áætlunargerð til aðeins fjögurra eða fimm ára, er ekki miklu betri en þetta. Flest þeirra landa, sem stuðzt hafa við fjögurra eða fimm ára áætlanir, hafa annað hvort orðið að endurskoða þær í grundvallaratriðum, stundum oft en einu sinni (eins og Pakistan), orðið að hætta við framkvæmd þeirra (eins og átti sér stað um áætlun Japans fyrir árin 1964—1968, fjórðu fimm ára áætlun Indlands og áætlun Ráðstjórnarríkjanna fyrir yfirstandandi áætlunartímabil), eða hafa neyðzt til að fara ekki eftir þeim að meira eða minna leyti, en það á við um flest lönd, sem hafa hagnýtt sér slíkar áætlanir.

48. Það er gott að hafa áreiðanlega viðmiðun, er tekur til allra þátta hagkerfisins fjögur til fimm ár fram í tímann, sem leiðarvísí við stjórn efnahagsmála, jafnvel þótt slíkar áætlanir verði að endurskoðast að einhverju leyti við hagstæðustu aðstæður. Á meðan efnahagshorfur eru nokkurn veginn

traustar, er sennilegt, að þau atriði, sem endurskoða þarf, séu fá og þýðingarlítil og notkun áætlana til miðlungi langs tíma þar af leiðandi réttlætunleg. En séu horfur óvissar, ekki sé hægt að segja fyrir um fjáröflun til framkvæmda, búast megi við verulegum breytingum í efnahagsaðstæðum innan lands eða utan, eða skorti áreiðanleg gögn og þjálfað starfslið, getur undirbúningur áætlunar til miðlungi langs tíma verið í senn sóun og sýndarmennska. Þess vegna getur verið ráðlegt fyrir land að gera áætlanir til aðeins eins eða tveggja ára í senn, ef óvissa er ríkjandi í efnahagsmálum, órar efnahagsbreytingar eiga sér stað eða alvarlegur skortur er á fjármagni eða öðrum gæðum, þar sem landið er þá hreint og beint ekki fært um að gera raunhæfar áætlanir fyrir lengri tímabil.

49. Lönd, sem hafa langa reynslu af áætlunargerð, snúa sér oft að árlegum áætlunum, þegar skjótar eða ófvirrsjáanlegar breytingar eru framundan eða þau eiga að mæta mikilli óvissu af öðru tagi, sem gerir margra ára áætlanir óáreiðanlegar. Sem dæmi má nefna Júgóslavíu, sem hefur iðnæðzt mjög skjótt og náð miklum árlegum vexti í lengri tíma á grundvelli áætlunargerðar, en notfærði sér nýlega árlegar áætlanir, þegar óvissar aðstæður gerðu það óframkvæmanlegt að ganga frá áætlun til miðlungi langs tíma. Indland styðst nú við árlegar áætlanir, eftir að hafa í reynd hætt við fjórðu fimm-ára áætlunina, vegna þess að breyttar efnahagsaðstæður gerðu ókleift að ná þeim markmiðum, sem sú áætlun hafði sett fram. Japan leggur nú meiri áherzlu en áður á árlegar áætlanir sínar, þar sem efnahagsaðstæður hafa breytt svo skjótt, að ekki hefur reynzt unnt að fylgja fimm-ára áætluninni fyrir árin 1964—1968.

50. Að því er Júgóslavíu snertir, er notkun árlegra áætlana ekki ný. Á árunum 1952—1956, þegar breytingar í stjórnmálum og efnahagsmálum torvelduðu áætlunargerð til lengri tíma en eins árs, náði Júgóslavía mjög góðum árangri með því að sameina árlegar áætlanir og áætlanir um einstakar greinar fyrir lengri tímabil (t. d. 10-ára áætlun um landbúnað). Í Mexíkó

hefur reynzt hagkvæmt að beita árlegum fjárlögum sem áætlunartæki, vegna þess að undirbúningur vandlegra áætlana um einstakar greinar framkvæmda er þar kominn lengra áleiðis en víðast hvar annars staðar (t. d. ágæt 11-ára áætlun um menntamál).

51. Árlegar áætlanir hafa í sjálfu sér takmarkað gildi til þess að stuðla að efnahagsbreytingum, vegna þess að þær skortir yfirsýn og lítið er unnt að gera á einu ári til þess að koma áleiðis breytingum í grundvallaratriðum. En árlegar áætlanir ásamt áætlunum um einstakar greinar atvinnulífs og framkvæmda til sjö ára eða lengri tíma skapa þann sveigjanleika og þá yfirsýn, sem á þarf að halda til þess að hafa áhrif á almennar breytingar efnahagslífsins.

52. Megintilgangur áætlana um einstakar greinar er að móta þróunarstefnu og velja arðbær verk á grundvelli samræmdra hagrænna og félagslegra sjónarmiða. Undirbúningur verka á heilbrigðum grundvelli tekur oft miklu lengri tíma en undirbúningur áætlana til miðlungi langs tíma, jafnvel þeirra sem eru víðtækastar og best samræmdar. Þess vegna er þýðingarmikið að hefja áætlunargerð fyrir einstakar greinar og athuganir þær, sem eru undanfari fjárfestingar í einstökum verkum, eins fljótt og kostur er. Að öðrum kosti getur framkvæmd áætlunar mætt óyfirstíganlegum örðugleikum. Þar eð oft tekurlengri tíma að undirbúa góð verk en að undirbúa allsherjaráætlanir, útheimtir góð áætlunargerð það, að áætlanir um einstakar greinar séu undirbúnar, áður en allsherjaráætlun er gerð. Sé þessa ekki gætt, getur af því leitt það þversagnarkennda ástand, að framkvæmd illa undirbúinnar áætlunar sé undanfari fullmótaðrar áætlunargerðar.

IV. Tillögur um áætlunargerð á Íslandi.

A. Árlegar þjóðhagsáætlanir.

53. Ísland getur lært af reynslu annarra þjóða í áætlunargerð, ekki sízt að því leyti sem reynsla Íslands hefur verið svipuð reynslu annarra þjóða. Þannig hefur óvissan um framtíðina og nauðsyn þess að fást við aðkallandi skammæ vandamál þegar leitt

Ísland eins og mörg önnur lönd að þeirri niðurstöðu, að eins og sakir standi sé ekki gerlegt að semja trausta og nothæfa allsherjaráætlun mörg ár fram í tímann. Þar að auki krefst óvissan þess á Íslandi, eins og hún gerir í öðrum löndum í svipaðri aðstöðu, að beitt sé sveigjanlegri áætlunargerð, þannig að skjótt sé hægt að breyta fyrirætlunum, eftir því sem brýnar þarfir segja til um. Kerfi margra ára áætlana fyrir einstakar greinar atvinnulífs og framkvæmda, tengdar árlegu yfirliti, virðast vel fallnar til þessa.

54. Jafnframt krefst skipan efnahagsmála og stjórnarfrars á Íslandi þess, að það áætlunarkerfi, sem lýst var í kaflanum hér að framan, sé lagað að sérstökum þörfum landsins. Það virðist þannig henta betur við íslenskar aðstæður, að við ákvörðun stefnunnar í efnahagsmálum haldi ríkisstjórnin áfram að styðjast við þær þjóðhagsáætlanir til eins eða tveggja ára, sem Efnahagsstofnunin hefur undirbúið, heldur en að tekin sé upp gerð árlegra heildaráætla- ana. Þessar þjóðhagsáætlanir fela í sér áætlun um þjóðartekjurnar og hafa að geyma yfirlit um fyrirsjáanlegar hreyfingar fjármagns, fjármunamyndun, neyztu, stefnuna í fjármálum ríkisins, utanríkisviðskipti og gjaldeyrisforða. Þær hafa einnig að geyma yfirlit um peningamál, sem samin eru í samvinnu við Seðlabankann, og gera grein fyrir mismunandi úrræðum, sem til greina koma, þegar áætlanirnar benda til þess, að óbreytt stefna geti leitt til sérstakra vandamála. Í viðbót við heildaryfirlit og áætlanir um opinbera fjárfestingu og einkafjárfestingu eru samdar sérstakar áætlanir fyrir opinberar framkvæmdir, bæði þær, sem eru á fjárlögum, og þær, sem eru utan fjárlaga.

55. Á grundvelli þjóðhagsáætlana semur Efnahagsstofnunin skýrslur til Hagráðs um þróun og horfur í efnahagsmálum. Með þessu fæst það árlega yfirlit, sem nauðsynlegt er til þess að fjalla um hagræn vandamál líðandi stundar, og jafnframt verða nán tengsl á milli þessa yfirlits og árlegra fjárlaga ríkisins.

B. Þýðing fjárlaganna.

56. Síðastnefnda atriðið (þ. e. tengslin milli hagþróunaryfirlits og fjárlaga) hefur meginþýðingu. Því aðeins er hægt að gera ráð fyrir, að hin árlega áætlun um opinberar framkvæmdir nái fram að ganga, að samræmi sé á milli hennar og fjárlaga. Til þess að tryggja það nána samræmi á milli áætlunar og fjárlaga, sem er nauðsynlegt, til þess að áætlunin sé framkvæmd, þarf flokkun fjárlaga og aðferðir við undirbúning fjárlaga og við bókhald ríkisins að vera með þeim hætti, að auðvelt sé að breyta hinni árlegu áætlun um opinberar framkvæmdir í fjárlagastærðir. Jafnframt er nauðsynlegt að koma á eftirliti með útgjöldum fjárlaga, þannig að unnt sé að fylgjast með gangi áætlanna nægilega tímanlega og með nægilegu öryggi.

57. Útgjöld til þróunar efnahagslífsins fela ekki aðeins í sér útgjöld til fjármunamyndunar, heldur einnig til rekstrar. Sumar tegundir rekstrarútgjalda, eins og t. d. til að þjálfar starfsmenn og stjórnendur vegna verks, sem er í framkvæmd, geta meira að segja ráðið úrslitum um það, hvort það beri árangur. Góð áætlunargerð krefst þess, að rekstrarútgjöld séu samræmd útgjöldum til fjármunamyndunar. Þetta felur í sér, að fjárveitingar til rekstrar séu í fjárlögum tengdar útgjöldum til fjármunamyndunar fyrir sérhvert verk, þannig að nægilegt eftirlit skapist með verkinu og nægilegar upplýsingar séu fyrir hendi til þess að meta framgang þess. Það er einnig gagnlegt fyrir áætlunargerð um framkvæmdir og fjáröflun að fá fullkomið yfirlit um þau áhrif, sem fjárlögin geta haft á efnahagsþróunina.

58. Nýleg lög gera íslensku ríkisstjórninni kleift að koma á miklum endurbótum á fjárlögum. Þegar hefur verið hafizt handa um að bæta undirbúning og framkvæmd fjárlaga. Nýrri flokkun hefur verið komið á, tæmandi yfirlit hefur verið gert um öll opinber útgjöld og sérstök skýrsla hefur verið samin um þær þarfir opinberra útgjalda, sem ætlunin er að afla fjár til með lánum. Með þessari byrjun hefur góður grundvöllur verið lagður að umbótum á fjárlagakerfinu á Íslandi.

C. *Áætlanir um einstakar greinar og undirbúningur verka.*

59. Eins og þegar hefur verið bent á, veita árlegar áætlanir og fjárlög í sjálfu sér ekki það yfirlit og sveigjanleika, sem á þarf að halda við áætlunargerð, sem hefur efnahagsþróun sem markmið. Á hinn bóginn er hægt að bæta upp það, sem á vantar í árlegum áætlunum og fjárlögum, með því að tengja þau margra ára áætlunum um einstakar greinar atvinnulífs og framkvæmda, sem undirbúnað eru á grundvelli almennrar viðmiðunar áætlunarstofnunarinnar við þróun þjóðartekna, fólksfjöldgum og skiptingu hennar eftir landshlutum, neyzlu, sennilegar breytingar á útflutningi og svo framvegis.

60. Fæst lönd undirbúa góðar áætlanir um einstakar greinar, hvort sem þau styðjast við áætlunargerð yfirlitt eða ekki. Það, sem fyrst og fremst felst í áætlunum um einstakar greinar efnahagslífs eða þjóðfélags, er í raun og veru rammi, sem nota má til þess að samræma og jafna fyrirsjáanlega þróun eftirspurnar í greininni við það framboð, sem um getur verið að ræða. Þær fela í sér greinargerð um þá grundvallarstefnu og aðferðir, sem á að fylgja við þróun greinarinnar, þær skipulags- og stjórnunarþarfir, sem framkvæmd áætlunarinnar felur í sér, og yfirlit um þau einstöku verk, sem á að fullgera í samræmi við ákveðna forgangsröðun. Oftast nær eru þó svokallaðar áætlanir um einstakar greinar í raun og veru ekki annað en handahófskennt samsafn fyrirætlana, sem oft eru ósamstæðar innbyrðis.

61. Góð áætlun um einstaka grein felur hins vegar í sér allsherjaryfirlit um greinina. Á grundvelli vandlega skilgreindra almennra markmiða fyrir greinina er gert yfirlit um alla þá þætti, sem geta stuðlað að því, að þessi markmið náist með skynsamlegum aðferðum. Séu raforkumál tekin sem dæmi, myndi áætlunin, að gefinni áætlaðri eftirspurn eftir raforku, kanna mismunandi kosti við raforkuframleiðslu, þar á meðal hagkvæmstu samstillingu vatns- og hitaorku, þörfina á aðalleiðslum og dreifikerfum og þá röðun, sem fara á eftir í tengingu

kerfa, bæði fyrir landið allt og fyrir einstök héruð. Áætlun um samgöngumál getur náð til allra tegunda samgangna, þar á meðal vega, járnbrauta, siglingaskurða og flugleiða. Ef aðeins ein undirgrein samgangna er tekin til meðferðar, eins og til dæmis vegir, verður þó jafnframt að taka tillit til þarfa annarra undirgreina samgöngumála.

62. Þar sem yfirlit hafa þegar verið gerð í sumum greinum og undirgreinum þjóðarbúsins og sum hagstæð verk hafa þegar verið ákveðin, ef ekki þegar hafin, er eðlilegt að hefja undirbúning áætlana um einstakar greinar með því að gera yfirlit yfir allar þær athuganir, yfirlit og kannanir, sem geta varpað ljósi yfir greinina eða hluta hennar. Á grundvelli þessara gagna er reynt að fylla í eyðurnar með nýjum upplýsingum, er geta gefið eins fullkomið yfirlit yfir greinina og unnt er. Þar sem viðbótaryfirlits eða rannsókna er þörf, verður að gera ráð fyrir þeim í áætluninni. Reynslan sýnir, að unnt er að ganga frá flestum áætlunum um einstakar greinar á sex til tólf mánuðum, eftir því hvaða gögn eru fyrir hendi í upphafi.

63. Þýðingarmikil niðurstaða áætlana um einstakar greinar er samning skrár yfir hagkvæm verk, sem hægt er að geyma og velja til framkvæmda, þegar aðstæður leyfa. Þegar slíkur forði einstakra verka er fyrir hendi, er unnt að velja á milli kosta án langrar tafar. Þegar slíkur forði er ekki fyrir hendi, er valið oft takmarkað við eitt eða tvö verk í hverri grein. Þegar þannig stendur á, hafa ríkisstjórnir stundum neyðzt til að hefja verk, hvernig sem sennilegt hlutfall var á milli kostnaðar og hagsbóta af þeim, þar sem ekki var um annað að ræða en að hefja þau eitt eða tvö verk, sem undirbúin höfðu verið, eða láta framkvæmdir í greininni falla niður um skeið.

64. Gerð áætlana um einstakar greinar er aðferð til þess að líta með yfirvegun fram á við í því skyni að tryggja sem hagkvæmasta þróun greinarinnar. Tímabil slíkra áætlana geta verið mismunandi löng eftir aðstæðum eða eftir því stigi, sem efnahagsþróun landsins hefur náð. Í iðnaði, raforku eða samgöngum geta þær náð yfir

fimm til sjö ár, en þær geta verið lengri í menntamálum. Það er auðveldara að gera áætlanir til langs tíma fyrir einstakar greinar eða hluta þeirra heldur en fyrir allt þjóðarbúið, vegna þess að vandamálin við að tryggja samræmi eru tæknilega auðleystari innan einstakra greina heldur en sams konar vandamál eru í áætlunargerð fyrir allt þjóðarbúið.

65. Innan hvernar áætlunar til langs tíma um einstakar greinar eða hluta þeirra er unnt að semja svokallaðar keðjuáætlanir, til dæmis til þriggja ára. Þriggja ára keðjuáætlun er þannig gerð, að í lok hvers árs er bætt við hana einu ári og eitt ár dregið frá, þannig að sífellt er um þriggja ára tímabil að ræða. Þriggja ára keðjuáætlun getur greint með aukinni nákvæmni þau verk, sem framkvæma á með tilgreindri forgangsröðun, fjáröflun og svo framvegis. Slík áætlun, sem endurnýjast fram á við hvert ár til þriggja ára, er ekki aðeins gagnlegt tæki við undirbúning fjárlaga og árlegra framkvæmdaáætlana opinberra aðila, heldur hefur einnig þýðingu við að gera sér grein fyrir þeirri fjáröflun, sem á þarf að halda við framkvæmd heildaráætlunar fyrir greinina.

66. Þriggja ára áætlun getur orðið enn þá gagnlegri, ef hún er sett fram sem tveir mismunandi kostir um upphæð fjármunamyndunar, annar hærri og hinn lægri, sem framkvæmdir eru, eftir því um hvað mikla fjáröflun innan lands og utan getur verið að ræða eða eftir öðrum ástæðum. Það er einnig hugsanlegt að setja áætlanir um einstakar greinar eða hluta þeirra fram án tímatakmarks. Með þessum hætti verður kleift að flýta fjárfestingu eða hægja á henni í hverri grein eða hlutum hennar, eftir því sem aðstæður leyfa eða krefjast. Það eru takmörk fyrir því, hversu mikið er unnt að auka fjárfestingu eða draga úr henni, án þess að það hafi í för með sér óhæfilegan kostnað. Séu áætlanir um einstakar greinar framkvæmdar með þessar takmarkanir í huga, ætti þó ekki að reynast of örðugt að skilgreina þau efri og neðri mörk, sem ekki mundi svara kostnaði að fara út fyrir á tilteknu ári.

67. Það er að sjálfsögðu einnig nauðsynlegt, að tengja saman áætlanir um einstakar greinar, t. d. áætlanir um vegi og áætlanir um þróun landbúnaðar. Þetta þarf þó ekki að gera með þeim nákvæmu útreikningum, sem vanalega þarf á að halda til þess að koma á innbyrðis samræmi í almennri áætlun til miðlungi langs tíma. Það er oft hægt að tryggja samræmi með því að bera áætlanirnar saman og breyta þeim, þar sem ósamræmi kemur fram. Nánari samræming fer einnig fram í þeirri tegund áætlunargerðar, sem hér um ræðir, í sambandi við undirbúning árlegra áætlana um opinberar framkvæmdir.

V. Skipulag áætlunargerðar.

A. Efnahagsstofnunin.

68. Efnahagsstofnunin var sett á fót árið 1962, að nokkru leyti til þess að ganga frá undirbúningi þjóðhagsáætlunar fyrir árin 1963—1966, sem norskir sérfræðingar, sem komið höfðu til Íslands í þessu skyni, höfðu hafið undirbúning að árið 1961. Efnahagsstofnunin tók einnig við undirbúningi þjóðhagsreikninga af Hagdeild Framkvæmdabanka Íslands. Stofnunin tók einnig fljótlega að sér stöðuga og skipulega ráðgjafarstarfsemi fyrir ríkisstjórnina, í stað þess að áður höfðu sérfræðingar, sem sérstaklega voru til þess kallaðir í hvert skipti, haft þessa starfsemi með höndum. Seinna var stofnuninni einnig falinn undirbúningur byggðaáætlana. Þjónusta stofnunarinnar hefur einnig í vaxandi mæli verið hagnýtt í sambandi við lausn deilna um tekju-skiptingu, einkum í sambandi við ákvörðun fiskverðs.

69. Þrátt fyrir síaukið álag á stofnunina og þá miklu ábyrgð, sem á henni hvílir, starfa við hana aðeins um tíu sérfræðingar. Til þess að stofnunin geti leyst af hendi þau verkefni, sem henni hafa verið falin, mun reynast nauðsynlegt að auka starfslid hennar, en ef til vill verður þetta að gerast hægar en æskilegt væri vegna skorts manna með nægilega menntun og sérþjálfun.

70. Aukins starfslíðs er til dæmis þörf,

til þess að unnt sé að ráða við vandamál í sambandi við gerð byggðaáætlana. Dreifing opinberrar fjárfestingar á milli sveitarstjórna og ríkisins og á milli hálf-sjálfstæðra stofnana um allt landið skapar brýna nauðsyn þess, að opinberar framkvæmdir og áætlanir um opinberar framkvæmdir séu vel undirbúnar og samræmdar, þannig að hægt sé að ná sem bestum árangri með sem minnstum kostnaði. Í stóru landi mundi það þykja sjálfsagt að setja á fót áætlunardeildir eða skipa starfsmenn til þess að sinna áætlunargerð hjá sérhverri sveitarstjórn og í sérhverri þeirri stofnun, sem fæst við fjárfestingu innan tiltekings byggðarlags. Þetta er ekki framkvæmanlegt í litlu landi eins og Íslandi. Í litlum löndum hefur gefizt bezt, að áætlunarstofnunin veitti sveitarstjórnnum og öðrum aðilum, er fást við framkvæmdir í byggðunum, tæknilega aðstoð til þess að hjálpa þeim að undirbúa verk og áætlanir á heilbrigðum grundvelli. Þetta er það, sem Efnahagsstofnunin hefur í hyggju, og sú leið, sem vænlegust er til árangurs. Vonandi reynist unnt að fá brátt aukið starfslið til þess að sinna þessu verkefni.

71. Efnahagsstofnunin á einnig fulltrúa í sérstakri nefnd, sem sett var á fót fyrr á þessu ári til þess að athuga leiðir til endurskipulagningar hraðfrystiiðnaðarins. Í þessari nefnd eiga sæti fulltrúar ríkisstjórnarinnar ásamt fulltrúum iðnaðarins sjálfs, og framkvæmir nefndin athuganir sínar með aðstoð tæknilegra starfshópa. Stungið hefur verið upp á að skipa tvær aðrar nefndir af svipuðu tagi, aðra til þess að athuga leiðir til aukinnar hagræðingar í landbúnaðarframleiðslu, hina til þess að athuga hið sama fyrir iðnað, er framleiðir fyrir innlandan markað. Atvinnugreinarnar sjálfar myndu eiga fulltrúa í þeirri nefnd, er fjallaði um þeirra málefni, og sömuleiðis það ráðuneyti og þær opinberu stofnanir, sem hlut eiga að máli, auk Efnahagsstofnunarinnar. Þar að auki virðist æskilegt, að fulltrúi frá fjárlaga- og hagsýslustofnuninni ætti sæti í þeirri nefnd, er um landbúnaðinn fjallar, vegna þeirra miklu opinberu útgjalda, sem til landbúnaðarins ganga. Von-

andi reynist unnt að setja bráðlega á fót þessar nefndir um landbúnað og iðnað.

72. Í starfi Efnahagsstofnunarinnar hafa vandamál líðandi stundar setið í fyrir-rúmi fyrir langæjum vandamálum og markmiðum, og hjá þessu hefur sjálfsagt ekki verið unnt að komast. Þar sem búast má við, að á þessu verði áframhald, og einnig til þess að auðveldara sé fyrir stofnunina að leysa hlutverk sitt af hendi, hefur verið stungið upp á að endurskipuleggja stofnunina þannig, að hún starfaði í tveimur megindeildum. Önnur deildin mundi fást við efnahagsvandamál líðandi stundar og stefnuna í efnahagsmálum og semja þjóðhagsáætlanir og þjóðhagsreikninga, ásamt skýrslum til Hagráðs og alþjóðastofnana. Hin deildin mundi fást við áætlanir til langs tíma fyrir þjóðarþúð allt, fyrir einstakar greinar atvinnulífs og framkvæmda og fyrir byggðarlög. Einnig hefur verið stungið upp á því að losa núverandi forstjóra stofnunarinnar undan daglegu eftirliti með störfum í stofnuninni og undan stöðugum önnur við efnahagsvandamál líðandi stundar, þannig að hann geti einbeitt sér að meginatriðum stefnunnar í efnahagsmálum, einkum þeim, sem snerta langæ vandamál. Æskilegt virðist, að þessar tillögur geti komið til framkvæmda sem fyrst.

B. *Ráðuneyti, stjórnardeildir og stofnanir.*

73. Eigi Efnahagsstofnunin að hafa það hlutverk að undirbúa árlegar þjóðhagsáætlanir og áætlanir til langs tíma, fylgjast með framkvæmd þeirra og að auki hafa mörg önnur störf með höndum, ætti hún ekki að þurfa að sjá um undirbúning einstakra verka eða áætlana um einstakar greinar. Þessi verkefni heyra réttilega tæknilegum deildum og stofnunum til, og þær verða að komast upp á lag með að leysa þau vel af hendi, ef landið á að geta hagnýtt mannafla sinn sem bezt til aukinnar efnahagsþróunar. Reynsla flestra landa hefur sýnt, að stjórnardeildir og stofnanir eru ekki nægilega vel undir það búnað að velja einstök verk, meta kostnað þeirra og hagsbætur, undirbúa framkvæmdina, framkvæma verkin í sam-

ræmi við vel undirbúnar kostnaðar- og tíma-áætlanir og reka fyrirtækin eða sjá um að halda fjármununum við, þegar verki lýkur. Reynslan hefur einnig sýnt, að það, sem á þarf að halda, til þess að áætlunargerð geti orðið árangursrík, — en með áætlunargerð er þá átt við undirbúning og framkvæmd verka og áætlana fyrir einstakar greinar —, er hvorki meira né minna en að umskapa ráðuneyti, stjórnardeildir og stofnanir, sem að mestu hafa staðnað í hefðbundnum venjum og afgreiðslum, í framtakssamar og virkar stofnanir, sem geta haft hugkvæmar lausnir á vandamálum fram að færa.

74. Við íslenskar aðstæður felur þetta í sér nauðsyn þess að styrkja starfslið ráðuneyta, bæði að því er snertir fjölda og gæði, svo að ráðuneytin geti látið deildum sínum og stofnunum í té virka forystu með því að móta og framkvæma þá framþróunarstefnu, sem við á. Ísland er of lítið land til þess að geta haldið uppi miklu starfsliði í ráðuneytum sínum, en það er ekki nógu stórt né nægilega efnum búið til þess að hafa ráð á því að halda uppi faliðuðum ráðuneytum, sem eru sniðin við hæfi liðins tíma, þegar breytingar voru hægar, og sem þar af leiðandi eru illa til þess fallin að fást við vandamál nýjunga og breytinga. Það er ekki auðvelt að koma þeirri ummyndun til leiðar, sem hér um ræðir, né er það heldur unnt á skömmum tíma. En það er umfram allt nauðsynlegt að byrja, ef gerð áætlana um einstakar greinar á að geta þróast á grundvelli skýrrar stefnumörkunar.

75. Reynslan hefur sýnt, að æskilegt er að koma á fót innan tæknilegra stjórnardeilda og stofnana sérstakri áætlunardeild með einum starfsmanni í litlum stofnunum, en fleirum í stærri stofnunum. Hvort sem um einn eða fleiri starfsmenn er að ræða, er tilgangurinn að sjá tæknilegum stjórnardeildum og stofnunum fyrir nauðsynlegri aðstöðu til þess að geta: a) sett reglur og mælikvarða um undirbúning og framkvæmd einstakra verka, b) samið framkvæmda- og fjárhagsáætlanir fyrir þær greinar eða

undirgreinar, sem undir stofnunina heyra, c) sett upp kerfi til þess að fylgjast með og gefa skýrslur um framkvæmd einstakra verka og áætlana um einstakar greinar og d) leyst af hendi önnur nauðsynleg verkefni, sem góð áætlunargerð krefst.

76. Það er komið undir stærð hlutaðeigandi stofnunar og umfangi og eðli þeirra framkvæmda, sem hún fæst við, hvort æskilegra er, að stjórnardeild eða stofnun hafi einn mann starfandi að áætlunargerð eða starfræki áætlunardeild með tveimur eða fleiri starfsmönnum. Einnig fer þetta að sjálfsögðu eftir þeim sérþjálfuðu starfskröftum, sem völ er á. Það skiptir hins vegar minna máli, hvort einn starfsmaður eða sérstök deild leysa verkið af hendi, samanborið við það, að forstjóri þeirrar stjórnardeildar eða stofnunar, sem hlut á að máli, skilji þau markmið, sem áætlunarstarfið stefnir að, og kunni að meta þau, þ. e. a. s. að hann geri sér grein fyrir þýðingu þess að undirbúa og framkvæma einstök verk og áætlanir með þeim aðferðum, sem eru líklegastar til þess að gefa sem mest í aðra hönd miðað við tilkostnað.

77. Þar sem sérfræðingar, er starfað geta að áætlunargerð, eru fáir hvarvetna í heiminum, hefur það einnig áhrif á það, hvort einum starfsmanni er fallið að vinna að áætlunargerð eða sérstök deild sett á stofn, hvort völ er á slíkum mönnum. Reynslan hefur sýnt, að yfirleitt þarf ekki á sams konar hæfni að halda í þeirri stofnun, sem hefur almenna umsjón með áætlunargerð, og við áætlunarstarf í einstökum stjórnardeildum og stofnunum. Yfirleitt eru hagfræðingar valdir til að starfa að áætlunargerð í almennum áætlunarstofnunum, en á hinn bóginn eru tæknimenntaðir menn, sem öðlazzt hafa hæfni í að reikna út kostnað og hagsbætur verka, teknir fram yfir hagfræðinga við áætlunargerð stjórnardeilda og stofnana. Reynslan sýnir, að unnt er að kenna verkfræðingum og öðrum tæknimenntuðum mönnum á stuttum tíma þá tækni, sem beitt er til þess að ákveða hlutfallið á milli kostnaðar og hagsbóta. Þess

vegna er ástæða til að mæla með því, að námskeið í mati verka verði haldið á Íslandi eins fljótt og auðið er. Þar sem mjög erfitt mundi reynast að bæta aðferðir við áætlunargerð í öllum stjórnardeildum og stofnunum á sama tíma, er æskilegt, að fyrstu tilraunum í þessu skyni sé einbeitt að samgöngumálum og menntamálum, þar sem unnt ætti að vera að ná skjótum árangri af bættri áætlunargerð. Þegar sá árangur hefur náðst, að áætlunargerðin geti staðið á eigin fótum í þessum greinum, ætti að beina athyglinni að öðrum greinum og undirgreinum opinberra framkvæmda.

78. Það ætti að vera verkefni hagsýslustjóra og forstjóra Efnahagsstofnunarinnar að tryggja samræmi á milli almennra áætlana og fjárhagsáætlana annars vegar og áætlana ráðuneyta um einstakar greinar og undirgreinar hins vegar. Ráðuneytisstjórnar myndu starfa með þeim að þessu, hver fyrir sitt ráðuneyti, og þeir mundu einnig að sjálfsögðu ráðgast við forstjóra stjórnardeilda og stofnana og aðra, sem hlut ættu að máli, hvenær sem þetta teldist æskilegt.

C. Fjárlaga- og hagsýslustofnunin.

79. Nýju lögin, sem vísað er til í 58. grein, og þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið á grundvelli þeirra, gefa vonir um, að unnt muni reynast að framkvæma þær endurbætur í fjárlagagerð, sem vaxandi hagkerfi þarfnast. Ísland er lítið land, og enda þótt fjöldi þjálfaðra sérfræðinga sé hlutfallslega mikill, má búast við, að enn muni skorta hæfa menn til að sinna öllum þeim verkefnum, sem landið vill taka sér fyrir hendur. Þetta hlýtur að hafa það í för með

sér, að stjórnardeildir þurfi að komast af með færri þjálfaða menn heldur en æskilegt væri. Fjárlaga- og hagsýslustofnunin er hér engin undantekning, og það mundi ekki hafa neina þýðingu að mæla með því, að til hennar væru ráðnir allir þeir þjálfuðu menn, sem hún gæti notað með árangri. Eigi að síður þarf hún á að halda meira starfsliði heldur en hún hefur nú á að skipa, ef hún á að geta haldið áfram því gagnlega starfi sínu að færa fjárlagaundirbúning stjórnardeilda í nýttízkuhorf, áður en of langt um líður. Þar sem nútíma aðferðir við undirbúning fjárlaga geta stórlega dregið úr sóun og bætt hagnýtingu fjármuna, sem eru af skornum skammti, mundi það ekki vera raunhæfur sparnaður að láta fjárlaga- og hagsýslustofnunina skorta starfslið. Hér er þess vegna mælt með því, að tekið sé til athugunar, hvort unnt sé að bæta við fleiri fjárlagasérfræðingum við það starfslið, sem stofnunin hefur nú yfir að ráða.

VI. Niðurstaða.

80. Þessi skýrsla felur í sér tillögur til framkvæmda. Nánar tiltekið hafa í skýrslunni verið gerðar tillögur um ákveðnar starfsaðferðir og skipulag fyrir sérhverja tegund áætlunargerðar. Telji ríkisstjórn Íslands einhverjar þessara hugmynda þess virði, að þeim sé gaumur gefinn, og óski eftir að gera þær að sínum, verður að gera sérstakar ráðstafanir til þess að hrinda þeim í framkvæmd. Þar sem tillögur þessarar skýrslu snerta allar stjórnargreinar, er mælt með því, að skýrslunni sé vísað til stjórnar Efnahagsstofnunarinnar til athugunar og tillögugerðar um þær ráðstafanir, sem kunna að teljast viðeigandi.

Samgöngur

Inngangur — Farþegaflutningar innan lands — Vöruflutningar innan lands — Farþegaflutningar milli landa — Vöruflutningar milli landa — Kaupskipastóll — Bifreiðaeign — Flugfloti — Póstur og sími — Útvarp.
(Grein þessi er tekin saman af Valdimar Kristinssyni).

Inngangur.

Annað hvort ár hefur verið rituð grein um samgöngur í Fjármálatíðindi og lauslega rætt um þróun samgöngumálanna hér á landi. Þar sem Íslendingar hafa löngum lifað við einangrun og einhæfa framleiðslu, hefur þróun nútíma samgangna haft meiri áhrif hér, en víðast hvar annars staðar, enda hefur mikið áunnizt. Þannig er athyglisverð sú staðreynd, að í heiminum eru mjög fáar borgir á stærð við Reykjavík og nágrenni, sem hafa jafnörar flugsamgöngur við umheiminn. En hér þjóðast jafnvel margar ferðir á dag bæði til austurs og vesturs.

Veiki hlekkurinn í samgöngumálum Íslendinga er að sjálfsögðu þjóðvegakerfið. Lítið þarf þó að lengja vegakerfið, en því meiri nauðsyn að bæta það, og verður þörfin æ brýnni, eftir því sem bílum fjölgar og þeir stækka. Nú er verið að leggja grundvöllinn að stórframkvæmdum í varanlegri vegagerð á næstu árum. Bensín- og þungaskattar hafa verið hækkaðir í þessu augnamiði, og erlendir sérfræðingar vinna að samgöngumálaáætlun, sem meðal annars gæti lagt grundvöllinn að erlendum lántökum til varanlegrar vegagerðar.


Haustið 1968 er von á nýrri vegáætlun fyrir árin 1969—1972, og er þá að vænta áætlana um hraðbrautaframkvæmdir, sem legið hafa niðri síðan framkvæmdum við Keflavíkurveginna lauk.

Kortið á næstu síðu sýnir umferðar-

magnið á helztu þjóðvegum á Suðvesturlandi, frá Borgarfirði að Þjórsá, og einnig næst Akureyri. *Sýna tölurnar meðalumferð á sólarhring á tímabilinu júlí—október 1967.* Þarna er að finna mikilsverðan samburð milli einstakra vega, sem gefur til kynna, hvar mest er þörfin á að bæta vegakerfið.

Um veginn milli Reykjavíkur og Kópavogs fara um 21 þús. bílar á sólarhring. Þar hefði þurft að vera kominn skiptur vegur með fjórfaldri akbraut. En nú hillir undir mikla vegabót þarna, þar sem verið er að framlengja Kringlumýrarbrautina niður í Fossvogsdalinn og laga á veginn um Kópavogsháls. Milli Kópavogs og Hafnarfjarðar aka um 9—11 þús. bílar á sólarhring, og er þar einnig þörf á fjórfaldri akbraut, auk þess sem síðar verður lagður „bakvegur“ milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Um 2500 bílar eiga leið um veginn á Reykjanesbraut að Straumi og 1700 á Reykjanesbraut þar fyrir sunnan. Þarna er eini fullkomni þjóðvegur landsins og hefur komið í góðar þarfir. Milli Keflavíkur og Sandgerðis er venjulegur malarvegur, en þar er yfir 800 bíla umferð á sólarhring.

Milli Reykjavíkur og Hveragerðis er 1—2 þús. bíla umferð á sólarhring og 12—1300 milli Hveragerðis og Selfoss. Á þessari leið er orðin brýn þörf á fullkomnum vegi, og hlýtur hann að verða eitt fyrsta verkefnið í hraðbrautarframkvæmdum. Við Skeiðavegamótin, skammt fyrir vestan Þjórsárbrú,



má heita, að umferðin skiptist í tvo jafna hluta. En umferðarmagnið á nyrðri leiðinni minnkar sjálfsagt allverulega, þegar lokið er framkvæmdum við Búrfell. Þörfin á varanlegri vegagerð er augljóslega mun meiri vestan Skeiðavegamótanna heldur en austan þeirra.

Í Elliðaárbrekkunni við Reykjavík er yfir 13 þús. bíla umferð á sólarhring, og hefur aukizt mikið við byggingu Árbæjarhverfis. Þarna er knýjandi þörf á vegabótum, og hefur ný Elliðaárbrú verið teiknuð og gerðar áætlanir um vegagerð í framhaldi af

henni. Frá Grafarholti að Þingvallavegamótum er 2500—4500 bíla umferð, og er það fjölfarnasti þjóðvegur landsins. Hvergi í þjóðvegakerfinu er þörfin því meiri á varanlegri vegagerð.

Umferðin fyrir Hvalfjörð er nær 750 bílar, lækkar svo niður í 550 bíla undir Hafnarfjalli, en eykst aftur frá Hvítárbrú að Borgarnesi. Talið er líklegt, að í sambandi við varanlega vegagerð verði gerður garður og brú yfir Borgarfjörð gegnt Borgarnesi. Mun það án efa leiða til aukinnar umferðar milli Borgarness og Akraness, sem yroi

þá svipuð og umferðin fyrir austan Selfoss. Umferðin í Borgarfirði fyrir norðan vegamótin upp í Stafholtstungur er 555 bílar samkvæmt kortinu, sem er verulega meira en umferðin yfir Þjórsá, enda er þetta aðalleiðin norður í land og vestur á firði.

Umferðin kringum Akureyri er einnig sýnd á myndinni. Þar er 600 bíla umferð að vegamótum Öxnadals- og Dalvíkurvegur og 700 bíla umferð austur fyrir Eyjafjarðará. Hefur þarna því skapast grundvöllur fyrir varanlegri vegagerð.

Að lokum má svo minna á Þingvallavegin, en um 800 bíla umferð er ofarlega í Mosfellssveit á leið til Þingvalla. Um þennan veg er fyrst og fremst sumarumferð léttara bíla, og mætti því hugsa sér, að þar hentaði olíumöl. Talað hefur verið um, að bæta þyrfti veginn, hinn svokallaða Þingvallahring, fyrir 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar. Ef þetta ætti að takast, kemur áreiðanlega ekki annað en olíumöl til greina, sem yrði þá væntanlega lögð á núverandi veg nokkuð endurbættan.

Verulegar umbætur á þjóðvegakerfinu hefur mörgum virzt vera óleysanlegt verkefni í fyrirsjáanlegri framtíð fyrir svo fámenna þjóð sem Íslendinga. Og hafa menn þá sjálfsagt haft í huga 9—10 þús. km vegakerfi. En þegar betur er að gáð, kemur í ljós, að munurinn á umferðarmagninu á einstökum vegum er meiri en almennt er talið. Fyrir nokkrum árum var áætlað, að um 30% allrar umferðarinnar kæmi á 1½% vegakerfisins. Ekki þarf því að malbika mjög mikið, til þess að umskiptin verði afar mikil. Varanleg vegagerð á nokkrum helztu leiðum mundi gjörbreyta aðstöðunni. Það hefur sýnt sig í gatnagerð bæjanna, að hægt er að gera mikið á nokkrum árum með snörpu átaki. Vonandi fæst erlent lán, sem ásamt nýju sköttunum legði grundvöllinn að sams konar vinnubrögðum á helztu þjóðvegum landsins. En síðan yrði hægt að leggja olíumöl á miklu fleiri vegi.

Farþegaflutningar innan lands.

Farþegaflutningar hér á landi fara að langmestu leyti fram með bifreiðum. Fyrsta

1. tafla. Fólksflutningar á sérleyfisleiðum 1956—1967¹⁾.

	Ekin vegalengd þús. km	Tala farþega	Farþega- km í þús.
1956	5.431	684.357	34.996
1957	5.117	588.144	32.926
1958	5.219	684.410	34.974
1959	5.112	580.320	30.852
1960	5.302	635.317	31.852
1961	5.441	647.117	36.017
1962	5.468	647.124	34.631
1963	5.043	689.397	35.183
1964	5.576	580.694	23.773
1965	5.167	550.369	32.886
1966	5.342	483.142	38.495
1967	3.433	492.517	38.998

1) Fólksflutningar Landleiða h.f. eru ekki taldir með, sjá texta.

2. tafla. Innanlandsflug Flugfélags Íslands 1955—1967.

	Flogin vegalengd þús. km	Far- þega- fjöldi	Farþega- km í þús.	Flutn- ingar tonn tonn	Póstur tonn
1955	1.150	44.512	10.013	949	107
1956	1.230	54.850	12.419	1.171	137
1957	1.309	59.501	...	1.422	144
1958	1.079	56.045	11.737	1.478	144
1959	821	51.195	10.488	1.140	181
1960	868	51.593	10.879	1.053	151
1961	755	48.382	10.527	905	106
1962	907	68.091	14.976	1.120	127
1963	893	66.653	15.416	982	117
1964	965	74.598	17.236	1.054	128
1965	1.181	93.489	22.274	1.291	177
1966	1.433	111.724	27.082	1.925	351
1967	1.474	117.988	28.234	2.656	434

tafla sýnir fólksflutninga á sérleyfisleiðum 1956—1967. Er þar um að ræða almenningsvagna, sem eru í reglubundnum ferðum, aðra en strætisvagna Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar (Landleiðir h. f.) og Akureyrar. Hefur farþegum fækkað verulega á síðari árum, og voru þeir færri en 500 þús. 1966 og 1967. Stórfjölgun einkabíla mun eiga mestan þátt í þessu, en einnig aukning í flugsamgöngum. Ekki er hægt að fá nákvæmar upplýsingar um fjölda farþega hjá Strætisvögnum Reykjavíkur, en þeim hefur farið fækkandi á síðari árum, eða úr 18 millj. farþega 1962 í 14 millj.

3. tafla. Farþegaflutningar á helztu flugleiðum innan lands 1955—1967.

	Rvík- Akureyri- Rvík	Rvík- Vestm.eyj.- Rvík	Rvík- Ísafjörður- Rvík	Rvík- Egilsstaðir- Rvík
1955	13.330	9.177	5.520	4.078
1956	17.113	11.821	6.219	5.617
1957	18.525	12.366	6.481	6.678
1958	15.308	13.082	6.122	5.980
1959	15.064	12.740	4.850	6.235
1960	16.784	11.143	5.678	5.983
1961	15.555	10.851	5.467	5.950
1962	22.854	13.214	8.911	9.203
1963	22.381	12.228	7.258	10.643
1964	24.682	15.541	8.574	12.884
1965	31.701	16.166	11.696	17.170
1966	34.604	22.922	15.510	19.588
1967	38.438	25.848	15.092	18.632

4. tafla. Strandferðir 1955—1967.

	Farþegaflutningar		Vöruflutningar	
	Ríkis- skip	Borgarnes- Akranes- Rvík	Ríkisskip þús. tonna	Eimskip þús. tonna
1955	17.367	23.060	38,7	10,3
1956	18.743	41.022	38,9	13,1
1957	13.813	41.102	37,3	7,2
1958	18.748	47.553	38,3	9,6
1959	17.408	43.138	36,2	8,4
1960	24.301	42.602	40,0	5,9
1961	23.686	42.929	42,6	10,9
1962	22.674	36.540	45,4	18,2
1963	21.959	37.571	35,6	13,0
1964	19.935	38.940	40,0	29,3
1965	15.660	43.528	39,5	25,9
1966	12.713	48.387	42,2	38,7
1967	9.451	48.932	32,9	19,6

1967, samkvæmt áætlunum, sem gerðar hafa verið. Þar koma einkabílar einnig við sögu, þótt fleira komi til. Mikil endurnýjun hefur átt sér stað á Strætisvögnum Reykjavíkur í sambandi við hægri umferðina. Verða 30 nýir vagnar teknir í notkun, en 19 breytt, og eru þetta samtals 49 vagnar. Tekur hver þeirra allt að 80 farþega.

Innanlandsflugið heldur áfram að aukast, og er nú svo komið, að farþega fjöldinn á ári samsvarar mun meira en helmingi af íbúafjölda landsins. Er ekki ólíklegt, að þetta sé heimsmet. Á annarri töflu eru tölur um innanlandsflug Flugfélags Íslands. Far-

þega fjöldinn hefur farið upp í 118 þús. 1967, og vöruflutningar ásamt pósti hafa aukizt mikið. Á einstökum flugleiðum (sjá 3. töflu) hefur aukningin orðið mest í Vestmannaeyjafluginu síðustu tvö árin, en einnig hefur orðið veruleg aukning á Akureyrarleiðinni. Farþegum til Ísafjarðar fjölgaði mjög 1966, en heldur hefur þeim fækkað árið eftir. Eftir mikla aukningu farþega á flugleiðinni til Egilsstaða síðari árin, hefur heldur fækkað aftur 1967. Áhrif síldveiðanna eru þarna greinileg.

Auk Flugfélags Íslands halda þrjú félög uppi reglubundnu farþegaflugi innan lands, þ. e. Flugþjónustan, Flugsýn og Norðurflug. Þessi flugfélög fluttu um 6 þús. farþega í áætlunarflugi 1967, en auk þess halda þau uppi leiguflugi um allt land.

Á 4. töflu eru sýndir farþegaflutningar Skipaútgerðar ríkisins. Fer farþegunum stöðugt fækkandi, og eiga bætтар flugsamgöngur efalaust mikinn þátt í því, auk þess sem farþegaskipið Hekla hefur verið selt. Reglubundnum ferðum á sjó er haldið uppi með fimm skipum hér við land auk strandferða Skipaútgerðarinnar. Herjólfur fer til Vestmannaeyja og Hafnar í Hornafirði á vegum Skipaútgerðar ríkisins. Akraborgin fer milli Reykjavíkur og Akraness, en Borgarnesferðir hafa alveg lagzt niður. Flóabáturinn Baldur siglir um Breiðafjörð, Fagranesið um Ísafjarðardjúp og Drangur um Eyjafjörð og víðar.

Vöruflutningar innan lands.

Meginhluta af innflutningi til landsins er skipað upp í Reykjavíkurhöfn. Frá Reykjavík eru vörur því fluttar til allra landshluta. Strandflutningar Ríkisskips og Eimskips koma fram á 4. töflu. Drógust þeir verulega saman á árinu 1967, og mun það að miklu leyti eiga rætur sínar að rekja til erfiðleika í efnahagsmálum. Vöruflutningar með stórum vörubifreiðum hafa aukizt mjög á síðari árum. Erfitt hefur verið að afla upplýsinga um flutningsmagnið, enda standa fjölmargir aðilar að flutningunum. Smám saman er þó að komast betra skipulag á vörumóttökuna í Reykjavík, og er Vöruflutningamiðstöðin nú orðin langstærsti

aðilinn í þeim efnum. Frá Vöruflutningamiðstöðinni fóru vörur út á land sem hér segir: 1964 11 þús. tonn, 1965 15 þús., 1966 21 þús. og 1967 19 þús. tonn. Flutningsmagnið til Reykjavíkur er áætlað $\frac{1}{3}$ af þessum tölum.

Farþegaflutningar milli landa.

Farþegaflutningar milli Íslands og útlanda aukast með hverju ári, eins og sést á 5. töflu og línuriti á næstu síðu. Reyndar eru þar aðeins tölur um flutningana aðra leið, þ. e. til Íslands, þar sem talningin út úr landinu er ekki lengur talin áreiðanleg. Farþegaflutningurinn, sem fer með skipum er svipaður frá ári til árs, eða 6—8 þús. Aukningin er því öll í flugfarþegum, en þeir hafa meira en þrefaldast frá 1961 til 1967. Er aukningin svipuð hjá Íslendingum og útlendingum. Árið 1967 komu nær 38 þús. útlendingar til landsins, eða 3 þús. fleiri en árið áður. Flestir þessara útlendinga munu teljast ferðamenn, en mörkin á milli hreinnar ferðamennsku og annarra erindagjörða eru oft óljós. Yfir 26 þús. Íslendingar ferðuðust milli landa þetta ár, en 23 þús. árið áður.

Af útlendingum, sem komu hingað 1967 voru Bandaríkjamenn fjölmennastir eða 13.291. Næstir voru Danir og Færeyingar, (sem bera dönsk vegabréf), eða samtals 5.114. Næstir komu Bretar 4.515, þá Þjóðverjar 3.991, Svíar 2.098 og Norðmenn 1.352. Af fjarlægari þjóðum má nefna 613 Mexíkana og 247 Ástrali. Alls eru ferðamennirnir af um 70 þjóðernum og úr öllum heimshlutum. Tilboð Loftleiða til flugfarþegar um að skipta ferðinni með eins eða fleiri sólarhringa viðdvöl á Íslandi hefur mjög aukið ferðamannastrauminn, eins og sjá má af því, að þetta notuðu sér 244 farþega um að skipta ferðinni með eins eða 9.336 1966 og 10.240 árið 1967 (þar af var fjórðungur lengur en einn sólarhring). Það eru því ekki allir, sem hafa langa viðdvöl hér á landi. En það eru líka margir fleiri ferðalangarnir, sem koma hér við án þess að vera skráðir sem slíkir. Er þar um að ræða nokkur þús. manns með skemmtiferðaskipum, sem flestir eru aðeins í einn dag, og

5. tafla. Farþegaflutningar til Íslands 1950—1967.

Farþegar frá útlöndum:

	Með skipum			Með flugvélum		
	Útlendingar	Íslendingar	Samtals	Útlendingar	Íslendingar	Samtals
1950	1.734	2.631	4.365	2.649	1.681	4.330
1955	2.838	2.732	5.570	6.636	4.380	11.016
1956	2.990	3.002	5.992	6.527	5.749	12.276
1957	2.772	2.141	4.913	6.507	6.717	13.224
1958	2.785	2.282	5.067	7.326	5.957	13.283
1959	3.275	2.811	6.086	9.021	6.901	15.922
1960	2.894	2.772	5.666	9.912	6.719	16.631
1961	2.617	3.152	5.769	10.899	6.926	17.825
1962	2.672	3.251	5.923	14.577	7.976	22.553
1963	2.800	3.212	6.012	14.775	9.912	24.687
1964	3.157	3.635	6.792	19.812	13.111	32.923
1965	4.391	3.988	8.379	24.488	14.691	39.179
1966	4.160	4.018	8.178	30.573	19.129	49.702
1967	3.385	3.787	7.172	34.343	22.581	56.924

6. tafla Millilandaflug Flugfélags Íslands og Loftleiða 1950—1967.

	Flogin vegalengd þús.km	Farþega-fjöldi	Farþega km í þús.	Flutningar tonn	Póstur tonn
1950	708	5.702	11.776	172	15
1955	3.330	27.295	93.284	382	51
1956	4.025	36.943	119.611	555	64
1957	5.472	45.922	154.659	557	70
1958	4.750	49.129	162.789	706	72
1959	5.859	57.925	223.333	928	89
1960	6.043	64.851	250.558	529	91
1961	6.232	76.881	315.934	677	127
1962	8.347	103.520	474.633	831	213
1963	8.671	112.744	517.058	846	190
1964	9.488	144.179	652.942	1.052	271
1965	10.614	189.860	886.911	1.328	282
1966	10.967	227.494	1.019.172	2.148	502
1967	10.865	259.436	1.142.531	2.645	648


geysifjölmennur hópur flugfarþega, er aðeins hefur 1—2 tíma viðdvöl. Þetta sést best á því, að heildarfarþegaflutningur Loftleiða er farinn að nálgast 200 þús.

Á 6. töflu er sýndur farþegaflutningurinn í millilandaflugi Flugfélags Íslands og Loftleiða. Hafa farþegarnir nær tífaldast frá 1955. Flogin vegalengd allra vélanna hefur aftur á móti ekki nema rúmlega þrefaldast á sama tíma. Sýnir það betri nýtingu, en þó


einkum, hve flugvélnar hafa stækkað. Í þessum flutningum munar langmest um Loftleiðir. Bæði vegna farþegafjöldans, en einnig vegna langra flugleiða, þannig að um 90% farþegakm koma í þeirra hlut. Flugfélag Íslands flytur nokkuð af farþegum milli staða erlendis, þ. e. milli Þórshafnar í Færeyjum og Glasgow, og Glasgow og Kaupmannahafnar. Einnig er Grænlandsflug þáttur í starfsemi félagsins. Í línuriti á þessari síðu er gerður samanburður á vexti flugsins innan lands og milli landa.

Frá Keflavík eru fastar flugferðir til New York, Glasgow, London, Luxemburg, Osló, Gautaborgar og Kaupmannahafnar. Frá Reykjavík er enn fremur flogið til Þórshafnar í Færeyjum. Auk íslensku flugfélaganna halda tvö erlend flugfélög uppi föstum áætlunarferðum til landsins, þ. e. Pan American, sem í mörg ár hefur flogið hér um einu sinni í viku, og frá júní 1968 hefur SAS einnig tekið upp vikulegar ferðir, er munu mikið miðaðar við Grænlandsflug, sem Flugfélag Íslands mun annast.

Aðstaða til móttöku ferðamanna er nú



FARÞEGAFLUTNINGAR TIL ÍSLANDS 1958-1967



allt önnur hér á landi en áður var, eftir að reist hafa verið nokkur nýttizku hótél í Reykjavík og víðar um land. Einnig hafa sumargistihúsin í skólunum stórbætt aðstöðuna. Hótél Garður hefur lengi verið rekið í stúdentagörðunum við Háskólann, og sumarið 1968 verða rekin sjö „skólagistihús“ undir nafninu Edda á vegum Ferðaskrifstofu ríkisins. Það er að Reykholti, Reykjum í Hrútafirði, Akureyri, Fiðum, Skógum, Laugarvatni og í Reykjavík (í Sjómannaskólanum). Samtals eru 545 gistirúm á þessum stöðum. Sumargistihús í skólum eru enn fremur rekin á fleiri stöðum og þá af ýmsum aðilum.

Vöruflutningar milli landa.

Heildarflutningsmagn milli Íslands og útlanda, skipt á innflutning og útflutning, er sýnt á 7. töflu. Útflutningsmagnið hefur oft verið minna en þriðjungur á við innflutninginn, en mismunurinn hefur farið minnkandi, og var útflutningsmagnið komið upp í 64% af innflutningi 1966. Árið 1967 fór það svo niður í 46% vegna minni síldveiða. Innflutningur orkugjafa (kola, brennsluolu og bensíns) er sýndur í 8. töflu. Nemur hann að jafnaði 50—60% af heildarinnflutningsmagninu.

Vöruflutningar milli Íslands og útlanda

7. tafla. Heildarflutningsmagn milli Íslands og útlanda.

	Innflutningur		Útflutningur	
	Tonn	Hlutfall	Tonn	Hlutfall
1935	333.665	100,0	117.127	100,0
1940	226.928	68,0	186.317	159,1
1945	329.344	98,7	199.985	170,7
1950	488.825	146,5	148.914	127,1
1955	643.500	193,0	198.718	169,7
1956	718.400	215,3	241.179	205,9
1957	663.300	198,8	235.233	200,8
1958	673.000	201,7	255.203	217,9
1959	700.062	209,8	239.408	204,4
1960	666.111	199,6	296.173	252,9
1961	601.825	180,4	339.277	289,7
1962	677.000	202,9	395.781	337,9
1963	753.250	225,8	435.443	371,8
1964	763.993	229,0	437.228	373,3
1965	826.429	247,7	507.880	433,6
1966	838.953	251,4	539.663	460,7
1967	879.280	263,5	406.642	347,2

8. tafla. Innflutningur nokkurra vörutegunda (orkugjafa) í tonnum.

	Kol	Brennslu- olia	Bensín		% af heildar- innflutn.
			þotu- eldsn.	Samt. tonn	
1935	139.290	12.170	5.845	157.305	47,1
1940	132.864	10.555	2.554	145.973	64,3
1945	116.820	17.331	16.992	151.143	45,9
1950	94.860	141.350	42.410	278.620	56,0
1955	61.333	207.278	56.677	325.288	53,7
1956	42.692	237.145	52.333	332.170	51,4
1957	33.825	247.846	63.298	344.969	53,4
1958	30.290	285.601	53.367	368.673	54,8
1959	30.284	332.614	60.004	422.902	60,4
1960	21.476	313.786	56.079	391.341	58,8
1961	17.392	280.858	49.978	348.228	57,9
1962	16.136	311.765	56.927	384.828	56,8
1963	10.725	349.393	61.641	421.759	56,0
1964	12.695	351.725	61.753	426.173	55,8
1965	8.022	380.827	80.764	469.613	56,8
1966	5.006	409.956	73.139	488.101	58,2
1967	5.118	393.195	96.777	495.090	56,3

fara nær eingöngu fram með skipum, þar sem lítið munar um vöruflutninga í lofti hvað magn snertir. En ýmsar mikilvægar vörur, einkum varahlutir, koma loftleiðis. Samtals fluttu íslensku flugfélögin yfir 2.600 tonn milli landa árið 1967, sem er helmingi meira en 1965 (sjá 6. töflu). Í 9. töflu er sýnt flutningsmagnið, sem flutt er á vegum íslenskra skipafélaga. Flutningur þeirra á almennum vörum til landsins hefur aukizt lítið cilt, en með sölu Hamrafells eru olíuflutningarnir nú nær eingöngu með erlendum skipum. Hlutur íslenskra kaupskipa í heildarinnflutningnum fór þannig niður fyrir þriðjung 1967, en þau flytja dýrustu vörunnar, sem jafnframt er mest vinna við að skipa upp. Útflutningsmagnið með íslenskum skipum hefur verið nokkuð svipað undanfarin ár, og með minnkandi heildarútflutningi komst hlutur íslenskra skipa yfir 60% 1967. Þá er þess að geta, að skip Jökla h. f., sigla nú að miklu leyti á alþjóðaleiðum. Flutningsmagn með erlendum leiguskipum á vegum skipafélaganna er mjög misjafnt frá ári til árs, en hefur farið vaxandi. Svo eru ýmsir aðrir aðilar, sem taka erlend skip á leigu, og munar þar langmest um olíufélögin.

9. tafla. Vöruflutningar milli Íslands og útlanda á vegum íslenskra skipafélaga.

	Innflutningur Með íslenskum skipum					Hluttur ísl. kaupsk. í heildar- innflutn. %	Með erlendum leiguskipum skipafélaga þús. tonna	Samtals á vegum íslenskra þús. tonna
	Eimskip þús. tonna	S.Í.S. þús. tonna	Oliuflutn. þús. tonna	Önnur félög þús. tonna	Samtals þús. tonna			
1950	101,9	30,1	—	15,3	147,3	30,4	40,0	187,3
1955	134,5	57,7	—	21,0	213,2	33,1	90,1	303,3
1956	147,1	73,2	15,3	29,1	264,7	36,8	9,6	274,3
1957	128,1	75,0	141,8	33,1	378,0	56,2	39,1	417,1
1958	134,8	74,0	146,0	29,2	384,0	57,0	20,5	404,5
1959	133,4	72,0	159,0	25,0	389,4	55,6	11,6	401,0
1960	128,3	55,8	141,9	32,6	358,6	53,8	0,6	359,2
1961	128,4	45,0	142,3	27,3	343,0	57,0	3,0	346,0
1962	148,0	44,6	143,8	40,9	377,3	55,7	21,8	399,1
1963	142,8	59,8	142,6	50,2	395,4	52,5	36,1	431,5
1964	168,9	41,0	144,4	60,4	414,7	54,3	15,5	430,2
1965	151,7	64,5	94,6	71,2	382,0	46,2	21,4	403,4
1966	157,8	53,2	95,0	56,7	362,7	43,2	55,9	418,6
1967	151,7	59,7	4,1	53,8	269,3	30,6	28,8	298,1

	Útflutningur Með íslenskum skipum				Hluttur ísl. kaupsk. í heildar- innflutn. %	Með erlendum leiguskipum skipafélaga þús. tonna	Samtals á vegum íslenskra þús. tonna
	Eimskip þús. tonna	S.Í.S. þús. tonna	Önnur félög þús. tonna	Samtals þús. tonna			
1950	55,0	13,4	13,6	82,0	56,8	2,0	84,0
1955	74,4	32,5	20,9	127,8	64,3	3,8	131,6
1956	104,6	28,5	25,0	158,1	65,6	—	158,1
1957	79,6	24,1	31,0	134,7	57,3	14,1	148,8
1958	101,0	34,0	33,0	168,0	65,8	15,0	183,0
1959	103,8	35,0	40,0	178,8	74,7	13,0	191,8
1960	124,6	33,8	50,4	208,8	70,1	1,9	210,7
1961	120,9	34,9	49,2	205,0	60,4	3,8	208,8
1962	110,2	31,7	83,1	225,0	56,8	10,5	235,5
1963	129,2	34,2	93,8	257,2	59,1	6,5	263,7
1964	129,4	52,7	104,8	286,9	65,6	1,2	288,1
1965	132,0	31,5	97,5	261,0	51,4	34,2	295,2
1966	140,9	44,7	66,4	252,0	46,7	40,1	292,1
1967	132,0	36,4	78,9	247,3	60,8	19,7	267,0

Kaupskipastóllinn.

Kaupskipafloiti landsmanna hefur orðið stærstur í árslok 1965 eða 73,5 þús. tonn, en var tveimur árum seinna kominn niður í 58,5 þús. tonn. Lækkun á tonnátölunni stafar einkum af sölu olíuskipins Hamrafells árið 1966. Í 10. töflu er sýnd heildarstærð og fjöldi kaupskipa. Farþegaskip eru þau kölluð, sem mega flytja fleiri en 12 farþega á langleiðum. Öll íslensk farþegaskip eru jafnframt vöruflutningaskip. Síldarflutningaskip í eigu landsmanna eru skrásett sem „olíuskip“. Helztu félög, sem halda uppi

flutningum yfir hafið til Íslands, eru Eimskipafélag Íslands, Skipadeild SÍS og Hafskip. Jöklar stunda nú einkum flutninga milli hafna erlendis. Auk þess eru nokkur einstök skip í förum.

Ellefta tafla sýnir skipakomur í Reykjavíkurhöfn. Meginhluta, eða 80—90% af innflutningi landsmanna er skipað þar upp, en aðeins 20—25% af útflutningsvörum er skipað út í Reykjavík. Útflutningshlutfallið í Reykjavík lækkaði við hinar miklu síldveiðar fyrir austan.

10. tafla. Kaupskipaflotinn 1945—1967.

	Farþegaskip		Vöruflutninga- skip		Olíuflutninga- skip		Kaupskipafloti samts	
	Tala	Lestir brúttó	Tala	Lestir brúttó	Tala	Lestir brúttó	Tala	Lestir brúttó
Árslok 1945	6	5.330	7	4.263	—	—	13	9.593
Okt.lok 1950	6	8.622	17	23.343	2	1.106	25	33.071
— 1955	5	8.310	19	29.738	4	2.687	28	40.735
— 1956	6	8.668	18	28.963	4	13.839	28	51.470
— 1957	5	7.089	19	29.462	4	13.939	28	50.390
— 1958	5	7.089	20	31.802	4	13.839	29	52.730
— 1959	6	7.280	22	34.083	4	13.839	32	55.202
— 1960	7	7.796	23	36.260	4	13.839	34	57.895
— 1961	7	7.796	23	36.260	4	13.839	34	57.895
— 1962	7	7.796	24	39.268	5	13.987	36	61.051
— 1963	6	7.726	26	41.368	9	14.067	41	63.161
— 1964	7	7.870	30	42.287	10	14.962	47	65.119
Árslok 1965	7	7.870	33	48.128	11	17.467	51	73.465
— 1966	7	6.594	33	48.471	7	8.361	47	63.426
— 1967	7	6.594	30	43.576	7	8.361	44	58.531

11. tafla. Skipakomur í Reykjavíkurhöfn 1950—1967.


	Tala skipa			Lestir (nettó)* í þús.			Ísl. skip %	
	Íslenzk	Erlend	Skip alls	Íslenzk	Erlend	Samtals	Tala	Lestir
1950	2.567	618	3.185	517	223	740	81	70
1955	2.199	566	2.765	561	665	1.226	80	46
1956	2.374	545	2.919	625	570	1.195	81	52
1957	2.276	590	2.866	621	530	1.151	79	54
1958	2.231	642	2.873	656	536	1.192	78	55
1959	2.490	457	2.947	706	449	1.155	84	61
1960	2.589	386	2.975	688	481	1.169	87	59
1961	3.213	430	3.643	696	483	1.179	88	59
1962	2.990	492	3.482	1.666	822	2.488	86	67
1963	2.773	450	3.223	1.885	832	2.717	86	69
1964	3.454	443	3.897	1.877	914	2.791	89	67
1965	3.349	532	3.881	1.844	1.137	2.981	86	62
1966	3.113	541	3.654	1.809	1.211	3.020	85	60
1967	3.302	563	3.865	1.648	1.062	2.710	85	61

* Frá ársbyrjun 1962 fór Reykjavíkurhöfn að gefa upp brúttólestir skipa í stað nettó.

Bifreiðaeignin.

Bifreiðaeign landsmanna hefur aukizt mikið að undanfögnu. Bílar á öllu landinu voru yfir 42 þús. í árslok 1967 eða nær helmingi fleiri en 1960, sjá 12. töflu. Aukningin er nær öll í fólksbifreiðum, en almenningsbifreiðar voru orðnar 500 um síðustu ára-

mót og margar nýjar teknar í notkun í sambandi við umferðarbreytinguna. Vörubílar eru rúmlega 6 þús. og fjölgar ekki mikið, en hins vegar hafa þeir stækkað verulega. Nú eru tæplega 6 manns um hverja fólksbifreið á landinu. Er það álíka mikið og í Danmörku, en í Finnlandi eru þriðjung fleiri



um hvern bíl og í Svíþjóð þriðjungi færri. Í Noregi eru heldur færri fólksbílar að tiltölu heldur en hér á landi.

Meðalaldur bifreiða er einnig sýndur á 12. töflu. Er meðalaldurinn míðaður við smíðaár og reiknað með því, að allir bílar séu smíðaðir á miðju ári. Meðalaldur fólksbifreiða er kominn niður í 6,6 ár og hefur ekki verið lægri síðustu tvo áratuginna. Samkvæmt meðfylgjandi línuriti, er sýnir smíðaár þeirra bifreiða, sem voru í notkun 1. janúar 1968, er fjöldi þeirra frá hverju ári mjög misjafn. Enn eru í notkun um 750

12. tafla. Bifreiðakostur 1950—1967.

	Bifreiðafjöldinn				Meðalaldur		
	Fólks- bífr. ¹⁾	Alm.- bífr.	Vöru- bífr.	Bífr. alls	Fólks- bífr.	Alm.- bífr.	Vöru- bífr.
1950	6.038	289	4.389	10.716	7,1	6,9	8,2
1955	9.812	328	5.471	15.611	7,6	8,8	9,9
1956	10.793	317	5.473	16.583	7,7	8,9	10,5
1957	11.936	331	5.535	17.802	7,9	9,0	10,8
1958	12.939	321	5.547	18.807	8,1	9,6	11,4
1959	14.228	325	5.703	20.256	8,2	9,9	11,7
1960	15.358	337	5.926	21.621	8,5	9,9	12,0
1961	16.754	351	6.195	23.300	8,7	9,9	11,8
1962	18.815	395	6.275	25.485	8,3	9,8	11,6
1963	22.342	406	6.476	29.224	7,6	9,6	11,0
1964	25.228	417	6.279	31.924	7,3	9,8	10,7
1965	28.335	444	6.180	34.959	7,1	9,5	10,4
1966	32.515	466	6.297	39.278	6,7	9,6	9,4
1967	35.491	500	6.126	42.117	6,6	9,9	9,5

1) Með sætum fyrir 7 farþega eða færri.

bílar frá 1942 og yfir 1500 frá 1946. Sennilega eru þó margir þeirra lítið notaðir. Af árgærdinni 1955 eru rúmlega 3 þús. bílar í notkun, og hefur þeim fækkað um 400 á tveimur árum. Skráðir bílar 15 ára og eldri eru samtals 5.411 eða lítið eitt færri en fyrir tveimur árum.

Flugflotinn.

Flugfloti landsmanna verður fullkornari með hverju ári. Flugfélag Íslands á nú þotu (*Boeing-727*), sem tekur 113 farþega, eina Viscount-vél, sem tekur 50 farþega og er notuð allmikið í innanlandsflugi, tvær *Cloudmaster-vélar (DC-6B)*, sem taka 78 farþega hvor og hafa að undanförmu verið varavélar fyrir millilandaflug og fljúga jafnframt til Grænlands, tvær *Fokker Friendship-vélar*, sem taka 44 farþega hvor og eru notaðar í innanlandsflugi og að lokum tvær *Dakota-vélar*, sem taka 28 farþega hvor og eru nú varavélar fyrir innanlandsflugið. Samtals taka vélar flugfélagsins því 463 farþega.

Loftleiðir eiga fimm vélar af gerðinni *Rolls Royce 400*. Þar af eru fjórar lengdar og taka 189 farþega hver, en sú fimmta tekur 160 farþega. Félagið átti fimm *Cloudmaster-vélar*, en ein þeirra hefur verið seld,

og önnur er í sölu. Tvær eru svo í leigu erlendis, og ein er heima til vara. Hver þessara véla tekur 82 farþega. Ef reiknað er með þremur Cloudmaster-vélum taka flugvélar Loftleiða samtals 1162 farþega.

Í eigu minni flugfélaga og í einkaeign eru 61 flugvél, er samtals geta flutt yfir 200 farþega. Það geta því allt að 1% þjóðarinnar verið samtímis á lofti í íslenskum flugvélum.

Póstur og sími.

Póst- og símapjónustan er einn mikilvægasti þáttur samgöngukerfisins. Póstsendingar innan lands og milli Íslands og útlanda eru sýndar á 13. töflu. Allmiklar sveiflur eru á póstmagninu, en stöðug aukning á almennum bréfaþóstsendingum. Póstsendingar um landið fara með alls konar farartækjum. Ef skipt er eftir ferðalengdum 1967, koma 46% í hlut mjólkurbíla, 31% í hlut sérleyfisbífra, 14% í hlut flugvéla, 5% í hlut landpósta og 4% í hlut skipa.

Fjöldi símskeyta er sýndur á 14. töflu, og þar eru einnig skráðar telexritanir. Telexsambandi við umheiminn var komið á 1962, og er það notað af stofnunum og fyrirtækjum, er hafa mikil skipti við útlönd. Í árslok 1967 voru 59 telexnotendur hér á landi.

Langlínusímtöl eru sýnd á 15. töflu, en

13. tafla. Póstsendingar.

	1964	1965	1966	1967
	þús.	þús.	þús.	þús.
<i>Innan lands:</i>				
Alm. bréfaþóstsend. ...	5.286	6.059	6.797	6.847
Ábyrgðarbréf	440	475	506	536
Verðbréf	9	9	8	8
Bögglar	173	192	216	234
Póstávisanir	334	350	367	371
Innr. blöð og tímarit ..	4.454	4.880	4.907	4.493
<i>Frá útlöndum:</i>				
Alm. bréfaþóstsend. ...	2.305	3.007	3.083	3.319
þar af í flugpósti	1.251	1.698	1.866	2.005
Ábyrgðarbréf	101	113	121	121
Bögglar	55	66	79	77
<i>Til útlanda:</i>				
Alm. bréfaþóstsend. ...	1.262	1.585	1.571	1.685
þar af í flugpósti	1.160	1.405	1.439	1.447
Ábyrgðarbréf	107	123	131	133
Bögglar	21	24	24	25

14. tafla. Símskeyti og telexritanir.

	Fjöldi símskeyta til útlanda	Innanlands- frá skeytiönnur útöndum en veðursk.	Telexritanir til frá útöndum		
1950	81.569	64.735	312.607	—	—
1955	104.781	84.763	324.393	—	—
1956	103.720	87.044	333.119	—	—
1957	102.670	84.923	312.620	—	—
1958	97.875	80.868	298.968	—	—
1959	101.886	87.821	352.467	—	—
1960	97.472	90.368	278.546	—	—
1961	97.239	90.146	278.939	—	—
1962	86.385	79.770	277.723	4.494	5.946
1963	85.765	77.384	279.570	11.440	14.326
1964	87.316	80.104	306.166	15.684	21.159
1965	95.545	87.046	316.155	20.541	28.500
1966	98.754	94.149	323.027	21.541	27.663
1967	97.761	92.356	320.638	23.018	28.800

15. tafla. Langlínusímtöl og símtöl við útlönd.

	Langlínusímtöl innan lands		Símtöl við útlönd	
	Alls	Þar af sjálfvirk %	Til útlanda	Frá útöndum
1950	1.192.226	—	3.823	1.808
1955	1.641.242	—	5.655	4.053
1956	1.734.595	—	5.816	3.976
1957	1.752.953	—	5.837	3.933
1958	1.840.475	—	6.299	4.259
1959	2.005.724	—	5.919	4.002
1960	2.218.600	13,7	5.594	4.533
1961	2.556.761	24,7	5.488	5.109
1962	2.880.315	26,5	18.828	13.269
1963	3.157.078	27,7	23.555	17.676
1964	3.689.146	41,2	29.442	21.785
1965	4.789.713	53,1	38.163	29.000
1966	5.925.890	62,4	44.921	32.100
1967	6.326.669	66,9	48.640	36.400

þeim fjölgað mikið árlega. Aukning sjálfvirkra símkerfisins og tenging þess innbyrðis á mestan þátt í þessu. Tveir þriðju hlutar af langlínusímtölum fer nú um sjálfvirkar stöðvar. Á árunum 1966 og 1967 hafa eftirtaldar stöðvar orðið sjálfvirkar:

Siglufjörður	Hvolsvöllur
Selfoss	Vík
Eyrarbakki og	Hveragerði
Stokkseyri	Stykkishólmur
Þorlákshöfn	Grundarfjörður
Hvalfjörður	Hella
Ólafsfjörður	Vogar

16. tafla. Staðarsímtöl í Reykjavík og nágrenni 1950—1967.


	Símanotendur	Talfæri	Símtöl þús.
1950	9.605	12.741	33.723
1955	10.669	15.845	38.218
1956	10.708	16.395	38.709
1957	16.800	20.763	36.988
1958	17.860	21.668	48.604
1959	18.353	22.631	53.169
1960	18.466	73.417	52.198
1961	20.445	25.287	51.320
1962	21.863	26.833	53.491
1963	24.259	29.145	63.936
1964	26.493	32.724	70.885
1965	27.280	35.009	...
1966	27.941	35.379	...
1967	31.030	39.508	...

Fyrri hluta árs 1968 hafa svo stöðvarnar að Brú, Brúarlandi, Sauðárkróki, Hvamms-tanga, Laugarvatni og Patreksfirði orðið sjálfvirkar.

Símtöl við útlönd koma einnig fram á 15. töflu. Hafa þau aukizt mjög að undanfögnu. Á 16. töflu eru sýnd staðarsímtöl í Reykjavík og nágrenni, og er þá meðtalinn Hafnarfjörður og byggðin á milli. Símanotendur á svæðinu eru 31 þús. og hefur fjölgað um nær 4 þús. á tveimur árum. Talfærin á Reykjavíkursvæðinu eru nær 40 þús., eða 8500 fleiri en skráðir símanotendur. eru flest aukatalfærin frá fyrirtækjum og stofnunum. Í árslok 1967 voru 51.670 símanotendur á öllu landinu og 62.698 talfæri. Hafði símanotendum fjölgað um 6 þús. og talfærum um 7 þús. á tveimur árum. Um síðustu áramót voru 82,5% símanúmera tengd sjálfvirkum stöðvum og 84,6% allra talfæra í landinu.

Útvarp.

Þegar rætt er um samgöngur í víðustu merkingu, er eðlilegt, að vikið sé að þjónustu útvarpsins. Um hljóðvarpið er það að



segja, að það hefur nú í nær fjóra áratugi náð til alls landsins. En vegna æ stærri stöðva erlendis hafa hlustunarskilyrði á síðari árum oft verið verri en þau voru fyrir stríð. Hefur þó margt verið gert til að bæta úr, og er nær stöðugt unnið að stækkun og fjölgun endurvarpsstöðva. Útvarpsviðtæki eru fyrir löngu komin á hvert heimili og í samræmi við nýjustu tækni raunar í vasa hvers manns, sem kærir sig um.

Íslenska sjónvarpið hefur starfað frá því í septemberlok 1966. Nokkur þúsund sjónvarpstæki munu þá hafa verið í landinu vegna Keflavíkursjónvarpsins, en nú (maí 1968) eru þau orðin allt að 25 þús., sem verður að teljast mikil útbreiðsla á stuttum tíma.

Sjónvarpið nær nú frá Breiðafirði og

austur á Síðu, en ekki er auðvelt að afmarka útbreiðslusvæðið nákvæmlega. (Sjá meðfylgjandi kort.) Sjónvarpið nær því, eða er að ná til, 140—150 þús. manna eða 70—75% þjóðarinnar. Sjötti hver hugsanlegur notandi hefur því sjónvarpstæki. Í Svíþjóð og Bretlandi mun fjórði hver maður hafa sjónvarpstæki og enn færri eru um hvert tæki í Bandaríkjunum. Vegna stærri fjölskyldna hér á landi en í þessum löndum er talið, að eftirspurnin yrði nokkurn veginn mettuð hér með einu tæki fyrir hverja fimm íbúa. Þannig mætti reikna með, að þegar sjónvarpið væri komið út um allt land og þjóðinni hefði fjölgað nokkuð, þá yrðu hér allt að 50 þús. sjónvarpstæki. Við erum með öðrum orðum þegar komin hálf leið að því marki.

Innlánsstofnanir 1967

Í greininni er fjallað um viðskiptabanka og sparisjóði og einnig er vikið að starfsemi innlánsdeilda. Grétar Áss Sigurðsson tók greinina saman.

Með innlánsstofnunum er hér átt við viðskiptabanka, sparisjóði, innlánsdeildir kaupfélaga og Söfnunarsjóð Íslands, en allar þessar stofnanir taka við fé til ávöxtunar með almennum skilmálum, sem Seðlabankinn á þátt í að móta með ákvörðunum sínum, m. a. um vaxtakjör, en hann hefur einnig eftirlit með starfsemi þeirra.

Eins og getið var í greininni um „Innlánsstofnanir 1966“, sem birtist í síðasta hefti Fjármálatíðinda, koma þessar greinar að nokkru í stað þeirra, sem borið hafa heitið „Peningamál“ á liðnum árum. Í þeim verður þó lítið sem ekkert fjallað um starfsemi Seðlabankans og peningamálin almennt, þar sem þeim þáttum eru gerð ítarleg skil í ársskýrslu bankans. Hins vegar verður leitast við að skýra starfsemi innlánsstofnana og þá einkum með töflum.

Ítarlegri grein verður nú gerð fyrir ýmsum þáttum hjá bönkum og sparisjóðum, enda þótt ekki verði fjallað jafnítarlega um sparisjóðina og gert hefur verið á undanförunum árum í sérstökum greinum um þá. Hlutur innlánsdeilda kaupfélaga og Söfnunarsjóðs Íslands er tiltölulega lítill, og þeim verða því lítil skil gerð.

Liðir efnahags viðskiptabanka og sparisjóða.

Í fyrstu fimm töflunum er sýndur efnahagur viðskiptabankanna annars vegar og sparisjóðanna hins vegar í árslok 1962 til ársloka 1967, efnahagur einstakra banka í

árslok 1967 og fjögurra stærstu sparisjóðanna, svo og samandreginn efnahagur þeirra sparisjóða, sem hafa heildarinnlán 20—60 millj. kr., og hinna með heildarinnlán allt að 20 millj. kr. Í 3. töflu er sýndur samandreginn efnahagur þeirra sparisjóða, sem bankarnir hafa yfirtekið á árunum 1962—1967, í árslokin síðustu, áður en yfirtakan fer fram. Samvinnusparisjóður er þar þó ekki talinn með, enda kemur efnahagur hans með viðskiptabönkum í þessum töflum.

Ekki er ástæða til að skýra einstaka liði efnahagsyfirlitanna, en nokkur grein var gerð fyrir þeim í greininni um „Innlánsstofnanir 1966“ í síðasta hefti Fjármálatíðinda. Rétt er þó að benda á, að tölurnar um innlánsfé hjá viðskiptabönkum eru að meðtöldum innstæðum þeirra innbyrðis, svo og innstæðum sparisjóða hjá þeim, en þær eru hins vegar undanskildar í töflunum hér aftast í ritinu um inn- og útlán banka og sparisjóða. Visast einnig nánar til þeirra, svo og taflna um efnahag banka og sparisjóða, sem sýna m. a. stöðuna í lok einstakra mánaða.

Í 6. töflu eru sýndar hreyfingar helztu reikningsliða í efnahagi viðskiptabanka og sparisjóða á árinu 1967. Í þeirri töflu er þó ekki tekin með hækkun hjá bönkum og lækkun hjá sparisjóðum vegna yfirtöku bankanna á tveimur sparisjóðum á því ári. Rétt er einnig að benda á, að í samræmi við lög um Fiskveiðasjóð Íslands o. fl., sem

1. tafla. Efnahagur viðskiptabankanna í árslok.

Í millj. kr.	1962	1963	1964	1965	1966	1967
<i>Eignir:</i>						
Sjóður	42,1	59,4	50,3	72,7	67,3	88,1
Seðlabankinn:						
Innstæður á viðskiptar.	219,5	92,7	221,4	324,5	98,6	119,1
Bundið v/alm. bindisk.	476,3	621,8	879,8	1.122,6	1.379,2	1.500,5
Aðrar innstæður	197,9	179,3	196,3	0,1	—	1,0
Erlendar eignir	87,8	103,8	110,7	134,0	193,1	171,9
Gr. óinnleystar ábyrgðir	144,3	184,2	173,9	210,7	249,0	290,4
Yfirdráttarlán	1.241,6	1.516,4	1.663,5	1.817,2	2.234,1	2.319,5
Afurðalán	2.270,9	2.523,6	941,7	1.427,6	1.642,2	1.689,0
Innlendir víxlar			1.990,4	2.501,3	2.765,6	3.167,9
Endurlánað erlent lánsfé	171,4	166,2	166,5	155,0	276,2	384,6
Vaxtabréf og skuldabréf	561,6	703,3	885,0	1.259,7	1.464,6	1.558,6
Ýmislegt	140,1	145,9	248,0	300,6	402,5	479,6
Alls	5.553,5	6.296,6	7.527,5	9.326,0	10.772,4	11.770,2
<i>Skuldir:</i>						
Veltiinnlán:						
Almennir hlaupareikn.	857,5	744,2	1.007,3	1.186,0	1.199,1	1.003,5
Geymslufé v/innflutn.	70,9	70,7	68,6	76,4	79,5	84,7
Sparisjóðsávísanareikn.	253,8	289,7	353,8	476,7	500,7	543,4
Spariinnlán:						
Almennar innstæður	1.899,2	2.266,3	2.746,2	3.409,1	3.826,3	4.060,4
Bundnar í 6 mánuði	376,8	501,4	606,1	769,0	842,0	922,9
" " 12 "	337,2	464,4	618,0	805,1	1.101,8	1.299,4
" " 10 ár	62,1	78,7	91,5	101,2	125,8	141,1
Seðlabankinn:						
Skuld á viðskiptareikn.	4,2	2,0	13,9	—	52,3	239,7
Endurseld afurðalán	682,3	746,6	777,0	1.165,1	1.312,8	1.304,0
Önnur lán	—	—	5,3	—	24,2	173,0
Erlendar skuldir:						
Til skamms tíma	312,0	323,8	317,4	283,9	506,8	645,4
Til langs tíma	—	9,3	19,2	20,3	63,0	106,5
Ýmislegt	165,7	197,5	234,1	280,0	286,9	303,6
Stofnfé og hlutfé	32,6	35,9	38,9	39,4	42,7	60,9
Annað eigið fé	499,2	566,1	630,2	713,8	808,5	881,7
Alls	5.553,5	6.296,6	7.527,5	9.326,0	10.772,4	11.770,2
Ábyrgðir = Ábyrgðatryggingar	901,1	1.041,3	1.197,5	1.257,2	1.303,1	1.490,8

komu til framkvæmda í ársbyrjun 1967, voru fluttar 80 millj. kr. af innstæðu sjóðsins á hlaupareikningi í Útvegsbankanum yfir til Seðlabankans og jafnframt yfirfærð til bankans skuldabréf, sem því nam, þannig að hjá viðskiptabönkum varð útlánaaukning í rauninni 848 millj. kr. og lækkun veltiinnlána 71 millj. kr.

Í 7. og 8. töflu kemur fram skipting útlánaaukningar banka og þriggja stærstu sparisjóða, en slíkar upplýsingar liggja ekki fyrir um aðra sparisjóði. Í útlánatölum við-

skiptabankanna felast einnig þau lán, sem veitt eru á grundvelli endurkaupa Seðlabankans á afurðalánum, en þau ná til landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar.

Athyglisvert er, að iðnaðurinn fékk á árinu 1967 í fyrsta sinn stærstan hlut af útlánaaukningu bankanna á einu ári eða 210,6 millj. kr., en til hans og annarra aðalvinnuvega þjóðarinnar, þ. e. sjávarútvegs, landbúnaðar og verzlunar fór nálægt 77% útlánaaukningar viðskiptabankanna. Hafa verður þá í huga, að lán bankanna til pen-

2. tafla. Efnahagur einstakra viðskiptabanka í árslok 1967.

Í millj. kr.	Lands- banki	Útvegs- banki	Bínaðar- banki	Íðnaðar- banki	Verzlunar- banki	Samvinnu- banki	Samtals
<i>Eignir:</i>							
Sjóður	22,5	21,0	24,7	6,4	3,7	9,8	88,1
Seðlabankinn:							
Innstæður á viðskiptar.	119,1	—	—	—	0	—	119,1
Bundið v/alm. bindisk.	671,3	197,4	300,3	118,2	126,2	87,1	1.500,5
Aðrar innstæður	—	—	1,0	—	—	—	1,0
Erlendar eignir	139,9	32,0	—	—	—	—	171,9
Gr. óinnleystar ábyrgðir	236,4	54,0	—	—	—	—	290,4
Yfirdráttarlán	1.042,9	555,3	354,5	111,2	99,5	156,1	2.319,5
Afurðalán	1.106,2	253,6	324,5	4,7	—	—	1.689,0
Innlendir víxlar	1.077,1	700,5	551,9	322,5	361,2	154,7	3.167,9
Endurlánað erlent lánsfé	384,6	—	—	—	—	—	384,6
Vaxtabréf	155,7	21,4	33,3	26,9	3,7	3,9	244,9
Skuldabréf	618,6	166,9	279,7	60,7	85,3	102,5	1.313,7
Ýmislegt	158,0	84,0	97,3	35,0	65,9	39,4	479,6
Alls	5.732,3	2.086,1	1.967,2	685,6	745,5	553,5	11.770,2
<i>Skuldir:</i>							
Veltiinnlán:							
Almennir hlaupareikn.	409,5	229,9	217,7	68,0	47,6	30,8	1.003,5
Geymslufé v/innflutn.	51,9	32,8	—	—	—	—	84,7
Sparisjóðsávísanareikn.	190,8	49,0	159,8	35,9	54,9	53,0	543,4
Spariinnlán:							
Almennar innstæður	1.785,6	581,1	808,6	282,4	366,1	236,6	4.060,4
Bundnar í 6 mánuði	380,3	107,9	148,4	97,3	125,5	63,5	922,9
" " 12 "	480,5	232,3	269,3	146,7	92,6	78,0	1.299,4
" " 10 ár	85,3	26,7	20,2	2,1	2,7	4,1	141,1
Seðlabankinn:							
Skuld á viðskiptareikn.	—	192,1	7,8	13,3	0,6	25,9	239,7
Endurseld afurðarlán	875,1	185,0	236,7	7,2	—	—	1.304,0
Önnur lán	60,0	50,0	18,0	—	—	45,0	173,0
Erlendar skuldir:							
Til skamms tíma	462,9	182,5	—	—	—	—	645,4
Til langs tíma	106,5	—	—	—	—	—	106,5
Ýmislegt	179,3	85,8	22,7	6,2	6,4	3,2	303,6
Stofnfé eða hlutafé	—	7,3	—	14,6	30,0	9,0	60,9
Annað eigið fé	664,6	123,7	58,0	11,9	19,1	4,4	881,7
Alls	5.732,3	2.086,1	1.967,2	685,6	745,5	553,5	11.770,2
Ábyrgðir = Ábyrgðatrygg- ingar	930,2	457,2	33,7	39,0	5,8	24,9	1.490,8

ingastofnana renna frá þeim að mestu leyti einnig til atvinnuveganna. Enn fremur skal á það minnt, að lánaflokkunin verður aldrei nákvæm.

Útlánaaukning allra sparisjóðanna nam 134,4 millj. kr. og þar af um 28% hjá þremur stærstu sparisjóðunum. Á árinu 1966 nam hlutur þeirra um 36%, á árinu 1965 39% og 1964 nam hann 43%. Útlán þriggja

stærstu sparisjóðanna fara að langmestu leyti til bygginga, og má ætla, að sama gildi um hina minni sparisjóði.

Í 9. töflu kemur fram sundurliðun á aukningu innlána innlánsstofnana á árunum 1963—1967. Innlánin eru nettóinnlán, þ. e. að frádregnum innstæðum banka innbyrðis og sparisjóða hjá bönkum. Enn fremur eru öll árin þeir sparisjóðir taldir með bönkum,

3. tafla. Efnahagur sparisjóða, sem bankarnir hafa yfírtekið 1962—1967.
(Samvinnusparisjóður ekki meðtalinn).

Í millj. kr.	Í árslok				
	1962	1963	1964	1965	1966
<i>Eignir:</i>					
Sjóður	4,9	2,0	0,9	0,6	0,8
Viðskiptabankar og sparisjóðir	10,4	6,7	1,9	1,6	0,5
Seðlabankinn:					
Innstæður á viðskiptareikn.	19,0	9,5	2,0	2,1	2,4
Aðrar innstæður	25,3	24,6	4,8	2,4	3,2
Yfirdráttarlán	8,4	6,6	1,5	0,8	1,2
Innlendir vixlar	72,4	69,5	16,1	5,9	7,1
Vaxtabréf og skuldabréf	67,1	61,7	8,6	0,6	1,3
Ýmislegt	3,4	2,3	0,5	0	0,1
Alls	210,9	182,9	36,3	14,0	16,6
<i>Skuldir:</i>					
Veltiinnlán:					
Almennir hlaupareikn.	24,8	20,0	3,2	3,5	3,7
Sparisjóðsávisanareikn.	1,7	—	—	—	—
Spariinnlán:					
Almennar innstæður	118,5	102,6	19,3	8,2	9,7
Bundnar innstæður	49,2	43,6	10,2	1,9	2,8
Viðskiptabankar og sparisjóðir	—	—	—	—	—
Ýmislegt	2,6	2,9	1,0	0	0
Stofnfé	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2
Annað eigið fé	13,9	13,6	2,4	0,2	0,2
Alls	210,9	182,9	36,3	14,0	16,6

4. tafla. Efnahagur sparisjóða ma í árslok 1962—1967.

	1962	1963	1964	1965	1966	1967
<i>Eignir:</i>						
Sjóður	17,8	16,0	13,4	16,8	20,9	21,0
Viðskiptabankar og sparisjóðir	56,2	43,1	47,3	59,3	47,9	45,3
Seðlabankinn:						
Innstæður á viðskiptareikn.	62,2	54,5	47,9	89,8	79,9	55,0
Aðrar innstæður	97,9	140,1	161,7	208,3	269,6	312,7
Yfirdráttarlán	33,0	39,3	36,4	43,7	75,7	85,8
Vixlar	357,3	396,3	388,8	448,9	531,9	611,0
Vaxtabréf og skuldabréf	348,8	374,4	374,9	424,1	474,9	510,7
Ýmislegt	31,9	34,1	44,8	46,8	54,7	71,5
Alls	1.005,1	1.097,8	1.115,2	1.337,7	1.555,5	1.713,0
<i>Skuldir:</i>						
Veltiinnlán:						
Hlaupareikningar	68,3	66,7	64,9	75,0	87,6	105,9
Sparisjóðsávisanareikn.	24,8	30,7	36,1	48,1	56,9	56,7
Spariinnlán:						
Almennar innstæður	652,9	668,7	621,6	745,2	857,8	905,1
Bundnar innstæður	177,3	240,4	299,9	365,2	429,4	488,6
Seðlabankinn	0,1	0,1	1,2	2,6	3,3	15,8
Viðskiptabankar og sparisjóðir	0,4	0,2	1,7	1,2	0,2	0,1
Ýmislegt	11,8	13,5	13,0	12,0	16,4	18,5
Stofnfé	1,5	1,7	1,8	1,8	1,9	2,0
Annað eigið fé	68,0	75,8	75,0	86,6	102,0	120,3
Alls	1.005,1	1.097,8	1.115,2	1.337,7	1.555,5	1.713,0

5. tafla. Efnahagur sparisjóða í árslok 1967.

Í millj. kr.	Spsj. Rvík. og nágrennis		Spsj. Hafnar- fjarðar		Samtals (4)	Spsj. með heildarinnlán		Spari- sjóðir alls (55)
	Spsj. í Keflavík	Spsj. í Mýrasýslu	20—60 m. kr. (15)	0—20 m. kr. (36)				
<i>Eignir:</i>								
Sjóður	1,2	1,2	0,7	0,4	3,5	9,0	8,5	21,0
Viðskiptabankar og sparisj.	3,2	—	—	3,5	6,7	24,2	14,4	45,3
Seðlabankinn:								
Innstæður á viðskiptar.	—	8,6	0,1	8,2	16,9	24,2	13,9	55,0
Aðrar innstæður	55,0	40,2	31,6	24,1	150,9	114,1	47,7	312,7
Yfirdráttarlán	—	11,2	—	—	11,2	61,2	13,4	85,8
Vixlar	20,8	30,1	102,6	69,7	223,2	280,5	107,3	611,0
Vaxtabréf og skuldabréf ...	215,9	131,8	19,4	15,0	382,1	78,2	50,4	510,7
Ýmislegt	19,9	0,9	21,3	1,3	43,4	25,6	2,5	71,5
Alls	316,0	224,0	175,7	122,2	837,9	617,0	258,1	1.713,0
<i>Skuldir:</i>								
Veltiinnlán:								
Hlaupareikningar	—	19,4	9,6	14,3	43,3	49,0	13,6	105,9
Sparisjóðsávisanareikn. .	14,4	9,1	7,8	4,3	35,6	16,6	4,5	56,7
Spariinnlán:								
Almennar innstæður	127,6	120,1	98,0	63,5	409,2	341,9	154,0	905,1
Bundnar í 6 mánuði ..	71,5	12,5	20,5	7,7	112,2	58,2	25,0	195,4
„ „ 12 „ ..	74,7	28,0	19,1	21,1	142,9	89,3	34,1	266,3
„ „ 10 ár	3,3	3,3	3,0	2,0	11,6	10,1	5,2	26,9
Seðlabankinn:								
Skuld á viðskiptareikn. ...	6,2	—	1,8	—	8,0	7,7	0,1	15,8
Önnur lán	—	—	—	—	—	—	—	—
Viðskiptabankar og sparisj.	—	—	—	—	—	—	0,1	0,1
Ýmislegt	0,5	3,4	3,9	2,7	10,5	6,1	1,9	18,5
Stofnfé	0,1	—	—	—	0,1	1,4	0,5	2,0
Annað eigið fé	17,7	28,2	12,0	6,6	64,5	36,7	19,1	120,3
Alls	316,0	224,0	175,7	122,2	837,9	617,0	258,1	1.713,0

sem þeir hafa yfirtekið, þannig að tölurnar sýna aukninguna miðað við skiptinguna í banka og sparisjóði í árslok 1967.

Taflan sýnir ljóslega þann geysilega samdrátt, sem varð í aukningu spariinnlána, einkum hjá bönkum, og beinan samdrátt í veltiinnlánunum viðskiptabankanna, þótt 80 millj. kr. stafi af flutningi hlaupareikningsinnstæðu, eins og áður segir. Þessi þróun endurspeglar lækkun þjóðartekna og minnkandi framleiðslu á árinu 1967. Athyglisvert er þó, að áhrifin koma vart fram í veltiinnlánunum sparisjóðanna.

Í 10. töflu er sýnd hlutfallsleg aukning heildarinnlánsfjár hjá sparisjóðunum á ár-

inu 1967. Meðalaukning nam 8,2%, en hjá 8 sparisjóðum var um enga aukningu að ræða eða beina lækkun. Aukning allt að 10% varð hjá 18 sparisjóðum, og hjá jafnmörgum nam aukningin 10—20%, en hjá 11 sparisjóðum jukust heildarinnlánin meira en 20%.

Í 11. töflu er sýnd skipting heildarinnstæðna á innlánsstofnanir í árslok 1964—1967. Í töflunni er miðað við bankakerfið, eins og það er á hverjum tíma, og hefur yfirtaka banka á sparisjóðum því áhrif á hlutfallstölurnar. Hlutfallsleg skipting er þó samt sem áður mjög svipuð þessi fjögur ár. Hluttur viðskiptabankanna er 78—79%,

6. tafla. Helztu reikningsshreyfingar viðskiptabanka og sparisjóða 1967.

Í millj. kr.	Viðskipta- bankar	Spari- sjóðir	Alls
<i>Útborganir:</i>			
Almennar innstæður í Seðlabanka	18,1	÷ 22,5	÷ 4,4
Aðrar innstæður í Seðlabanka	119,1	46,3	165,4
Útlán	768,7	134,6	903,3
Ýmislegt, nettó	80,2	13,3	93,5
Alls	986,1	171,7	1.157,8
<i>Innborganir:</i>			
Lausaskuldir í Seðlabanka	336,2	12,5	348,7
Veltiinnlán	÷ 151,4	21,8	÷ 129,6
Sparifé	515,4	119,0	634,4
Endurkeyptir vixlar	÷ 8,8	—	÷ 8,8
Erlendar skuldir	203,3	—	203,3
Eigið fé	91,4	18,4	109,8
Alls	986,1	171,7	1.157,8

7. tafla. Útlánaaukning viðskiptabankanna 1962—1967.

Í millj. kr.	1962	1963	1964	1965	1966	1967
<i>Útlán:</i>						
1. Landbúnaður og vinnsla landbúnaðar- afurða	+ 65,6	+ 124,4	+ 42,5	+ 268,4	+ 49,4	+ 85,2
2. Sjávarútvegur og sjávarvöruiðnaður ..	+ 29,8	+ 74,8	+ 91,9	+ 351,3	+ 408,8	+ 162,5
3. Verzlun	+ 158,4	+ 214,7	+ 104,4	+ 241,8	+ 274,7	+ 131,7
4. Iðnaður	+ 74,5	+ 126,5	+ 95,0	+ 158,2	+ 193,6	+ 210,6
5. Byggingar	+ 39,6	+ 36,6	+ 63,7	+ 59,3	+ 49,8	+ 38,1
6. Samgöngur	+ 11,5	+ 13,3	+ 27,7	+ 41,3	+ 14,5	+ 5,7
7. Opinberir aðilar	+ 29,3	+ 20,5	+ 114,9	+ 121,8	+ 129,4	+ 5,9
8. Peningastofnanir	+ 1,0	+ 7,0	+ 2,9	+ 193,6	+ 52,3	+ 42,5
9. Ýmislegt	+ 54,5	+ 74,1	+ 72,1	+ 94,8	+ 86,9	+ 98,0
Samtals	+ 464,2	+ 691,9	+ 615,1	+ 1.530,5	+ 1.259,4	+ 768,4

sparisjóðanna 14—15%, innlánsdeilda kaupfélaga um 6% og Söfnunarsjóðs Íslands 0,4—0,2% og fer heldur minnkandi.

Í 12. töflu er sýnd lausafjárstaða viðskiptabanka og sparisjóða í árslok 1962—1967, en í töflunni er hún látin ná til sjóðseignar, innstæðna á viðskiptareikningi í Seðlabanka að frádregnum stuttum skuldum við hann, svo og erlendra eigna að frádregnum stuttum erlendum skuldum. Liðurinn „lausar eignir í viðskiptabönkum, nettó“ í yfirlitinu um sparisjóði er ekki tekinn með í heildaryfirliti banka og sparisjóða, þar sem hann ætti að

koma fram sem stuttar skuldir viðskiptabankanna og jafnast því út í samantekt. Svipaða aðferð ætti að nota varðandi tékkæign banka og sparisjóða á þá innbyrðis, en þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um skiptingu tékkæignarinnar í tékka á banka, sparisjóði og Seðlabankann, er farið með þá alla sem tékka á Seðlabankann og þeir taldir með í lausum eignum. Fleiri eigna- og skuldaliði en hér koma fram mætti einnig taka með við útreikning lausafjárstöðu.

Í B hluta töflunnar er sýnd breyting lausafjárstöðu viðskiptabanka og sparisjóða á árunum 1963—1967, og kemur þar fram

8. tafla. Útlánaaukning sparisjóðanna 1962—1967.

Í millj. kr.	1962	1963	1964	1965	1966	1967
<i>A. Lánaflökkun 3 stærstu sparisjóðanna:</i>						
1. Landbúnaður	0	+ 1,8	0	0	÷ 0,3	÷ 0,1
2. Sjávarútvegur	+ 0,8	÷ 0,1	+ 1,0	÷ 0,4	+ 0,1	+ 0,5
3. Verzlun	+ 1,9	+ 0,4	+ 0,8	+ 1,1	0	+ 0,9
4. Iðnaður	+ 1,8	+ 3,0	+ 0,8	+ 3,0	+ 2,0	÷ 2,8
5. Byggingar	+ 40,3	+ 19,0	+ 41,1	+ 50,7	+ 47,8	+ 43,9
6. Samgöngur	+ 1,2	+ 0,6	÷ 0,1	+ 0,1	+ 0,6	+ 0,1
7. Opinberir aðilar	+ 1,5	+ 1,6	+ 4,5	+ 0,3	+ 8,6	÷ 3,0
8. Peningastofnanir	÷ 0,5	0	—	+ 0,7	+ 0,9	+ 0,7
9. Ýmislegt	+ 7,2	+ 4,5	÷ 3,7	÷ 2,9	+ 0,8	÷ 3,1
Samtals	+ 54,2	+ 30,8	+ 44,4	+ 52,6	+ 60,5	+ 37,1
<i>B. Útlánaaukning annarra sparisjóða</i>	+ 67,6	+ 44,9	+ 58,0	+ 83,9	+ 106,6	+ 97,3
Alls	+ 121,8	+ 75,7	+ 102,4	+ 136,5	+ 167,1	+ 134,4

9. tafla. Aukning innlánsfjár við innlánsstofnanir 1963—1967.

Í millj. kr.	1963	1964	1965	1966	1967
<i>Spariinnlán:</i>					
Viðskiptabankar	616,3	625,1	1.001,3	808,1	525,5
Sparisjóðir	100,4	129,1	208,3	174,4	119,0
Innlánsd. kaupfélaga	47,1	57,1	78,1	57,8	50,0*
Söfnunarsjóður Íslands	1,3	1,5	1,6	2,2	2,3*
Samtals	765,1	812,8	1.289,3	1.042,5	696,8*
<i>Veltiinnlán:</i>					
Viðskiptabankar	÷ 74,6	301,7	296,1	59,5	÷ 155,6
Sparisjóðir	10,8	20,4	21,8	21,2	21,8
Innlánsd. kaupfélaga	—	—	—	—	—
Söfnunarsjóður Íslands	—	—	—	—	—
Samtals	÷ 63,8	322,1	317,9	80,7	÷ 133,8
<i>Heildarinnlán:</i>					
Viðskiptabankar	541,7	926,8	1.297,4	867,6	369,9
Sparisjóðir	111,2	149,5	230,1	195,6	140,8
Innlánsd. kaupfélaga	47,1	57,1	78,1	57,8	50,0*
Söfnunarsjóður Íslands	1,3	1,5	1,6	2,2	2,3*
Samtals	701,3	1.134,9	1.607,2	1.123,2	563,0*

* Bráðabirgðatölur

hin óhagstæða efnahagsþróun, sem hófst á árinu 1966 og hélt áfram á árinu 1967, en þau tvö ár versnaði lausafjárstaðan um 842,4 millj. kr. Útlánaaukning viðskiptabanka og sparisjóða nam á sama tímabili 755,4 millj. kr. umfram innlánaaukningu, og til þeirrar þróunar má rekja hina rýrðu lausafjárstöðu. Náin tengsl eru

aftur á móti milli breytinga inn- og útlána og efnahagsþróunar.

Í 13. töflu er sýnt eiginfjárlutfall viðskiptabanka og sparisjóða í árslok 1961—1967, en það er fundið með þeim hætti að reikna út, hversu stór hundradshluti eiginfjárreikningarnir eru af öðrum skuldaliðum, og eru þá endurseld afurðalán meðtal-

10. tafla. Hlutfallsleg aukning heildarinnlánsfjár hjá sparisjóðunum 1967.

Heildarinnstæður:	Hlutfallsleg aukning (%)						Meðal- aukning %
	Undir 0%	0-10%	10-20%	20-30%	30-40%	Yfir 40%	
Yfir 50 millj. kr.	1	4	1	-	1	-	8,2
25-50 " "	2	3	2	1	-	1	6,5
10-25 " "	1	3	5	-	-	2	12,6
5-10 " "	2	6	1	1	-	-	5,3
1-5 " "	1	2	7	3	1	-	14,4
Undir 1 " "	1	-	2	-	1	-	7,2
Samtals	8	18	18	5	3	3	8,2

11. tafla. Skipting innstæðufjár á innlánsstofnanir í árslok 1964-1967.

	1964		1965		1966		1967	
	Millj. kr.	%	Millj. kr.	%	Millj. kr.	%	Millj. kr.	%
Bankar	5.444,5	78,4	6.761,0	79,1	7.626,0	78,8	8.011,7	78,3
Sparisjóðir	1.022,5	14,7	1.233,5	14,4	1.431,7	14,8	1.556,7	15,2
Innlánsseildir kaupfélaga .	454,0	6,5	532,1	6,2	589,9	6,1	640,0*	6,3
Söfnunarsjóður Íslands ...	22,3	0,4	23,9	0,3	26,1	0,3	28,4*	0,2
Samtals	6.943,3	100,0	8.550,5	100,0	9.673,7	100,0	10.236,8	100,0

*Bráðabirgðatölur

12. tafla. Lausafjárstaða viðskiptabanka og sparisjóða í árslok 1962-1967.

Í millj. kr.	1962	1963	1964	1965	1966	1967
A. Staða í árslok:						
<i>Viðskiptabankar:</i>						
1. Seðlar, mynt og tékkar	42,1	59,4	50,3	72,7	67,3	88,1
2. Lausar eignir í Seðlabanka, nettó ..	215,3	90,7	202,2	324,5	22,1	÷ 293,6
3. Lausar erl. eignir, nettó	÷ 52,8	÷ 64,3	÷ 77,8	÷ 24,3	÷ 106,5	÷ 220,2
Samtals	204,6	85,8	174,7	372,9	÷ 17,1	÷ 425,7
<i>Sparisjóðir:</i>						
1. Seðlar, mynt og tékkar	17,8	16,0	13,4	16,8	20,9	21,0
2. Lausar eignir í Seðlabanka, nettó ..	62,1	54,4	46,7	87,2	76,6	39,2
3. Lausar eignir í viðskiptab., nettó ..	55,8	42,9	45,6	58,1	47,7	45,2
Samtals	135,7	113,3	105,7	162,1	145,2	105,4
<i>Viðskiptabankar og sparisjóðir:</i>						
1. Seðlar, mynt og tékkar	59,9	75,4	63,7	89,5	88,2	109,1
2. Lausar eignir í Seðlabanka, nettó ..	277,4	145,1	248,9	411,7	98,7	÷ 254,4
3. Lausar erl. eignir, nettó	÷ 52,8	÷ 64,3	÷ 77,8	÷ 24,3	÷ 106,5	÷ 220,2
Samtals	284,5	156,2	234,8	476,9	80,4	÷ 365,5
B. Breyting á árinu:						
<i>Viðskiptabankar og sparisjóðir:</i>						
1. Seðlar, mynt og tékkar		+ 15,5	÷ 11,7	+ 25,8	÷ 1,3	+ 20,9
2. Lausar eignir í Seðlabanka, nettó ..		÷ 132,3	+ 103,8	+ 162,8	÷ 313,0	÷ 353,1
3. Lausar erl. eignir, nettó		÷ 11,5	÷ 13,5	+ 53,5	÷ 82,2	÷ 113,7
Samtals		÷ 128,3	+ 78,6	+ 242,1	÷ 396,5	÷ 445,9

13. tafla. Eiginfjárhlutfall viðskiptabanka og sparisjóða í árslok.

	1961 %	1962 %	1963 %	1964 %	1965 %	1966 %	1967 %
Landsbanki	13,4	13,5	14,6	13,7	12,7	12,6	13,1
Útvegsbanki	9,3	9,8	8,8	8,3	7,3	6,9	6,7
Búnaðarbanki	6,4	5,3	4,6	3,9	3,5	3,1	3,0
Iðnaðarbanki	7,2	7,3	7,1	6,9	5,8	4,7	4,0
Verzlunarbanki	6,0	5,1	4,5	4,0	3,6	4,8	7,1
Samvinnubanki	1,2	5,2	4,3	2,9	2,3	2,8	2,5
Bankar alls	10,7	10,6	10,6	9,8	8,8	8,6	8,7
Sparisjóðir alls	7,8	7,4	7,6	7,4	7,1	7,2	7,7

14. tafla. Aðsetur viðskiptabanka og sparisjóða í árslok 1967.

	Vesturland			Norðurland			Austurland			Suðurland			Samtals			Reykjavík	Alls	
	Kaupstaðir	Kauptún	Sveitir	Kaupstaðir	Kauptún	Sveitir	Kaupstaðir	Kauptún	Sveitir	Kaupstaðir	Kauptún	Sveitir	Kaupstaðir	Kauptún	Sveitir	Útibú	Aðalbankar	
Landsbanki	2	-	-	2	-	-	-	1	-	-	4	-	4	5	-	5	1	15
Útvegsbanki	1	-	-	2	-	-	-	1	-	-	2	-	6	-	-	1	1	8
Búnaðarbanki	-	2	-	2	1	-	-	1	-	-	2	-	2	6	-	5	1	14
Iðnaðarbanki	-	-	-	1	-	-	-	-	-	1	-	-	2	-	-	1	1	4
Verzlunarbanki	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1	-	-	1	-	-	1	1	3
Samvinnubanki	1	2	-	2	1	-	-	-	-	2	-	-	5	3	-	-	1	9
Bankar samtals	4	4	-	9	2	-	1	2	-	6	6	-	20	14	-	13	6	53
Sparisjóðir	-	11	9	4	7	12	1	2	-	4	1	-	9	21	21	-	4	55
Alls	4	15	9	13	9	12	2	4	-	10	7	-	29	35	21	13	10	108

in hjá viðskiptabönkum, en ábyrgðir undanskildar. Eigið fé er metið eftir þeim upplýsingum, sem fram koma í efnahagi stofnananna, en vegna viðtekinna varúðarsjónarmiða við ársuppgjör banka og sparisjóða eru eignir þeirra frekar metnar of lágu en of háu verði, og því kann raunverulegt eigið fé og eiginfjárhlutfall að vera mun hærra en taflan ber með sér. Eiginfjárhlutfallið er mjög svipað í árslok 1967 og 1966, en þó hefur það hækkað um 0,5% hjá Landsbanka og um 2,3% hjá Verzlunarbanka, en þar gætir framlags nýs eiginfjár á árinu 1967.

Dreifing innlánsstofnana.

Í 14. töflu er sýnt, hvar bankarnir og sparisjóðirnir höfðu aðsetur í árslok 1967, skipt á kaupstaði, kauptún og sveitir eftir landsfjórðungum. Vesturland er hér talið frá Reykjavík að Hrútafirði, Norðurland þaðan að Bakkaflóa, Austurland suður fyrir Hornafjörð og Suðurland allt til Reykjavíkur að meðtöldum Kópavogi, Hafnarfirði og Keflavík.

Í töflunni koma ekki fram þær afgreiðslur eða umboðsskrifstofur bankanna, sem eru reknar sem deild í útibúi eða aðalbanka.

15. tafla. Dreifing viðskiptabankanna eftir staðsetningu og heildarinnlánsfé í árslok 1967.

Heildarinnlán í millj. kr.	Útibú						Aðal- bankar	Alls
	Akur- eyri	Kaup- staðir	Kaup- tún	Samtals	Reykja- vík	Samtals		
Yfir 900	—	—	—	—	—	—	1	1
800—900	—	—	—	—	—	—	1	1
700—800	—	—	—	—	—	—	1	1
600—700	—	—	—	—	—	—	1	1
500—600	—	—	—	—	—	—	1	1
400—500	—	—	—	—	—	—	—	—
300—400	—	—	—	—	1	1	1	2
200—300	1	1	1	3	—	3	—	3
150—200	—	—	—	—	1	1	—	1
100—150	—	2	—	2	—	2	—	2
75—100	1	2	1	4	2	6	—	6
50—75	1	2	1	4	2	6	—	6
25—50	1	6	7	14	4	18	—	18
Undir 25	—	3	4	7	3	10	—	10
Alls	4	16	14	34	13	47	6	53
Heildarinnlán	437	952	761	2.150	969	3.119	4.935	8.054
Meðaltal	109	60	54	63	75	66	823	152

16. tafla. Dreifing sparisjóðanna eftir staðsetningu og heildarinnlánsfé í árslok 1967.

Heildarinnlán:	Reykja- vík	Kaup- staðir	Kaup- tún	Sveitir	Alls
Yfir 100 millj. kr.	1	2	1	—	4
25—100 „ „	1	7	5	—	13
10—25 „ „	2	—	7	1	10
5—10 „ „	—	—	5	5	10
1—5 „ „	—	—	3	11	14
Undir 1 „ „	—	—	—	4	4
Alls	4	9	21	21	55
Heildarinnlán	384	665	425	83	1.557
Meðaltal	96	74	20	4	28

Landsbankinn hefur slíkar afgreiðslur í Keflavík, Þorlákshöfn og Raufarhöfn, Útvegsbankinn á Raufarhöfn, Verzlunarbankinn í Umferðamiðstöðinni í Reykjavík og Samvinnubankinn á Stöðvarfirði.

Eins og fram kemur af töflunni, voru í árslok 1967 51 sparisjóður og 34 bankaútibú utan Reykjavíkur, og séu fyrrnefndar 5 afgreiðslur og umboðsskrifstofur taldar

með, verða bankaafgreiðslur utan Reykjavíkur alls 39 og með sparisjóðunum samtals 90. Innlánsdeildir kaupfélaga voru alls 50 í árslokin og þar af ein í Reykjavík. Afgreiðslur innlánsstofnana utan Reykjavíkur voru því samtals 139, í Reykjavík 25 auk Söfnunarsjóðs Íslands, eða alls 165 í árslok 1967.

Á árinu tók Búnaðarbankinn við rekstri

17. tafla. Helztu liðir efnahags sparisjóða í árslok 1967, skipt eftir staðsetningu þeirra.

	Reykjavík	Kaupstaðir	Kauptún	Sveitir	Alls
Fjöldi sparisjóða	4	9	21	21	55
Spariinnlán	354,4	588,1	369,9	81,3	1.393,7
Sparisjóðsávísanareikn.	24,4	23,5	7,4	1,4	56,7
Hlaupareikningur	4,8	53,3	47,8	—	105,9
Heildarinnlán	383,6	664,9	425,1	82,7	1.556,3
Heildarútlán	303,6	519,3	319,5	64,8	1.207,5
Stofnfé og varasjóður	20,8	61,2	31,5	8,8	122,3
Niðurstöðutölur efnahagsr.	412,2	746,3	462,2	92,3	1.713,0

tveggja sparisjóða. Sparisjóður Fljótsdals-héraðs sameinaðist útibúi bankans á Egilsstöðum hinn 1. janúar, og útibú var stofnað í Hveragerði hinn 11. ágúst, sem tók þá jafnframt við starfsemi sparisjóðs Hveragerðis. Sparisjóður Alpýðu tók til starfa í Reykjavík hinn 29. apríl. Sparisjóðir voru því 55 í árslok, en voru 56 að tölu í árslok 1966. Eitt útibú var opnað auk útíbús Búnaðarbankans í Hveragerði, Múlaútibú Landsbankans við Lág múla í Reykjavík, sem opnað var hinn 11. nóv. Í árslok ráku bankarnir 47 útibú, þar af 13 í Reykjavík, og auk þess 6 afgangslur eða umboðsskrifstofur og þar af 1 í Reykjavík. Innlánsdeildum kaupfélaga fækkaði um þrjár á árinu, allar utan Reykjavíkur.

Í 15. töflu er útibúum og aðalafgreiðslum viðskiptabankanna skipt eftir upphæð heildarinnlána og staðsetningu á landinu. Meðalinnstæða í útibúum utan Reykjavíkur nam 63 millj. kr. og í Reykjavík 75 millj. kr., en meðalinnstæða í aðalbönkum 823 millj. kr. og fyrir útibú og aðalbanka 152 millj. kr. Athyglisvert er, að í 28 útibúum, og þar af 7 í Reykjavík, eru heildarinnlán á útibú undir 50 millj. kr.

Í 16. töflu er sýnd hliðstæð skipting sparisjóðanna í árslok 1967. Aðeins 17 þeirra hafa heildarinnlán yfir 25 millj. kr. og 28 eru með heildarinnlán undir 10 millj. kr., og eru 20 þeirra í sveitum og 8 í kauptúnum. Meðalinnlán sparisjóða í sveitum eru aðeins 4 millj. kr., í kauptúnum 20 millj. kr. og í kaupstöðum 74 millj. kr. og á öllu landinu 28 millj. kr. Störfin við hina minni sparisjóði eru yfirleitt unnin sem hjáverk starfsmannanna.

Í 17. töflu eru sýndir helztu liðir í efnahagi sparisjóðanna, skipt eftir staðsetningu þeirra í árslok 1967, og kemur þar einnig fram, hversu smáir sparisjóðirnir í sveitunum eru.

Í XVIII. töflu hér aftarlega í ritinu koma fram innlán innlánsdeilda kaupfélaga og Söfnunarsjóðs Íslands ásamt útlánunum hans í árslok 1961—1967. Tölurnar í árslokin 1967 eru þó áætlaðar. Meðalinnlán við innlánsdeild eru 13 millj. kr. í árslokin 1967. Eins og kunnugt er, renna innlánin til viðkomandi kaupfélags sem rekstrarlán að frádregnum þeim hluta, sem fer inn á reikning í Seðlabankanum vegna almennrar bindiskyldu.

Gjaldeyrisviðskipti 1967

Í grein þessari, sem tekin er saman af Ólafi Tómassyni, er fjallað um gjaldeyrisviðskipti og skipulag gjaldeyris- og innflutningsmála.

Þróun útflutningsframleiðslu og utanríkisviðskipta varð mjög óhagstæð á árinu 1967. Er áætlað að verðmæti sjávarafurða hafi lækkað um nálægt 30% á árinu, og er það bæði vegna rýrnunar aflamagns og lækkunar á útflutningsverði miðað við fyrra ár. Álíka rýrnun varð á verðmæti útflutnings, en verðmæti útflutningsvörubirgða lækkaði um 38 millj. kr. á árinu, þegar miðað er við verðlag í ársbyrjun annars vegar og verðlag í árslok hins vegar, en óbreytt gengi. Í heild jókst innflutningur um tæp 4% á árinu, ef frá er talinn innflutningur vegna álbræðslu. Gjaldeyrisviðskipti bankanna urðu því mjög óhagstæð, þrátt fyrir mikinn fjármagnsinnflutning, og nam rýrnun gjaldeyrisstöðunnar 1.070 millj. kr. miðað við það gengi krónunnar, sem gildi fyrir 24. nóvember 1967. Er þetta fyrsta árið síðan 1959, sem gjaldeyrisstaða bankanna hefur rýrnað. Á árinu 1966 batnaði gjaldeyrisstaðan að vísu aðeins um 3 millj. kr., en frá ársbyrjun 1960 til ársloka 1966 batnaði gjaldeyrisstaðan samtals um 2.060 millj. kr. eða um tæpar 300 millj. kr. að meðaltali á ári.

Stofngengi íslensku krónunnar var frá ársbyrjun til 24. nóvember 1967 43,00 kr. í einum bandarískum dollar eða óbreytt síðan 4. ágúst 1961. Hinn 18. nóvember 1967 var gengi sterlingspunds lækkað um 14,3%. Daginn eftir, þ. e. 19. nóvember, ákvað Seðlabankinn að fella niður skráningu erlends gjaldeyris og að stöðvuð skyldu gjald-

eyrisviðskipti bankanna á meðan athuguð væru áhrif af fellingu sterlingspundsins.

Á næstu dögum eftir lækkun sterlingspundsins breyttu allmargar þjóðir gengi á gjaldmiðli sínum gagnvart bandarískum dollar. Varð því brátt ljóst, að breyting á gengi krónunnar yrði ekki umflúin, því að annað myndi valda útflutningsatvinnuvegunum óbærilegri tekjurýrnun.

Hinn 24. nóvember 1967 ákvað Seðlabankinn, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að nýtt stofngengi íslenskrar krónu skyldi vera 57,00 kr. hver bandarískur dollar, en það er 24,6% lækkun frá því stofngengi, sem áður gildi.

Um nánari upplýsingar varðandi framkvæmd gengisbreytingarinnar og þeirra ráðstafana, sem í kjölfar hennar fylgdu, vísast til sérstakrar greinar þar að lútandi, sem birtist í 1. hefti Fjármálatíðinda 1968.

Þar sem gengisbreytingin var þetta seint á árinu, fór meginhluti utanríkisviðskipta og gjaldeyrisverzlunar fram á eldra genginu, og í því, sem hér fer á eftir, er miðað við eldra gengið, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Greiðslujöfnuður.

Greiðslujöfnuðurinn við útlönd gefur bezt yfirlit um heildarviðskipti þjóðarbúsins við umheiminn. Um greiðslujöfnuð ársins 1967 í heild eru enn þá ekki fyrir hendi haldgóðar upplýsingar. Einkum vantar upp-

1. tafla. Greiðslujöfnuður 1967.
(Bráðabirgðayfirlit í millj. kr.)

	Gjöld	Tekjur
A. Vörur:		
Innflutt skip og flugvélar (f.o.b.) ..	800	—
Innflutt v/virkjunar við Búrfell (f.o.b.)	150	—
Innflutt v/byggingar álbræðslu (f.o.b.)	120	—
Aðrar innfluttar vörur (f.o.b.) ...	5.550	—
Útfluttar vörur (f.o.b.)	—	4.300
Vöruskiptajöfnuður	—	2.320
Alls	6.620	6.620
B. Þjónusta:		
Ferðalög	610	125
Samgöngur	1.570	1.750
Tryggingar	680	600
Vextir	285	95
Varnarliðið	50	620
Ýmislegt	335	310
Þjónustujöfnuður	—	30
Alls	3.530	3.530
A+B Vörur og þjónusta, samtals	10.150	7.800
Viðskiptajöfnuður	—	2.350
Alls	10.150	10.150
C. Framlag án endurgjalds, nettó ...	60	—
D. Fjármagnshreyfingar:		
Löng lán einkaaðila	390	620
Löng lán opinberra aðila	250	560
Erlent einkafjármagn til atvinnureksturs	—	300
Aðrar fjármagnshreyfingar, nettó	—	400
Fjármagnsjöfnuður	1.240	—
Alls	1.880	1.880
E. Skekkjur og vantalið, nettó	—	100
F. Heildargreiðslujöfnuður (=breyting á gjaldeyrisstöðu)	—	1.070

lýsingar um ýmsa þjónustuliði og stuttar fjármagnshreyfingar á vegum einkaaðila. Í 1. töflu er sýnt bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuðinn 1967, og ber að hafa í huga, að sumar tölur geta breytzt verulega, þegar fullkomnari upplýsingar fást. Yfirlitið sýnir, að vöruskiptajöfnuðurinn í heild

varð óhagstæður um 2.320 millj. kr., og er þá reiknað með f. o. b. verðmæti bæði á útflutningi og innflutningi. Árið áður varð viðskiptajöfnuðurinn á sama hátt óhagstæður um 274 millj. kr. Hefur því vöruskiptajöfnuðurinn í heild orðið tæpum 2.050 millj. kr. óhagstæðari 1967 en árið áður.

Verðmæti útflutnings 1967 varð, eins og áður er getið, nálægt 30% lægra en árið áður. Innflutningur, annar en innflutningur vegna byggingar álbræðslu, jókst í heild um tæp 4%, en sú aukning varð eingöngu vegna aukins innflutnings skipa og flugvéla og innflutnings vegna virkjunarframkvæmda við Búrfell. Ef þessi sérstaki innflutningur, þ. e. skip og flugvélar og innflutningur vegna virkjunar við Búrfell og byggingar álbræðslu, er dreginn frá bæði árin 1966 og 1967, verður vöruskiptajöfnuðurinn um 1.760 millj. kr. óhagstæðari 1967 en árið áður.

Halli á þjónustujöfnuði er áætlaður 30 millj. kr., og eru þar meðtaldar tæpar 50 millj. kr. vegna álbræðslu. Helztu liðir þjónustujafnaðarins eru sýndir í 1. töflu, en eins og fyrr segir, ber að hafa í huga, að allmikið skortir á, að fullar upplýsingar séu þar fyrir hendi um einstaka liði.

Viðskiptajöfnuðurinn, þ. e. jöfnuður fyrir vörur og þjónustu í heild, er þá áætlaður 2.350 millj. kr., en samkvæmt endanlegu uppgjöri fyrir árið 1966 varð viðskiptajöfnuðurinn þá óhagstæður um 321 millj. kr. Framlög án endurgjalds, en það eru rekstrarframlög til alþjóðastofnana og eignayfirfærslur einstaklinga eru áætluð 60 millj. kr., en voru 51 millj. kr. 1966. Fjármagnsjöfnuðurinn að undanskildri breytingu á gjaldeyrisstöðu er áætlaður hagstæður um 1.240 millj. kr., en heildargreiðslujöfnuðurinn, eins og hann kemur fram í breytingu á gjaldeyrisstöðu bankanna, 1.070 millj. kr. Liðurinn skekkjur og vantalið, að upphæð 100 millj. kr., er það, sem á vantar, að fjármagnsjöfnuður ásamt breytingu á gjaldeyrisstöðu jafni hallann á viðskiptajöfnuði ásamt framlögum án endurgjalds.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir gjaldeyrisviðskiptum bankanna á árinu 1967.

Gjaldeyrisverzlun.

Yfirlit um gjaldeyrisviðskipti bankanna 1967 er sýnt í 2. töflu. Samkvæmt því var innkominn gjaldeyrir alls á árinu 6.581,3 millj. kr., en það er 15,9% minna en árið áður. Útlátinn gjaldeyrir nam 7.703,6 millj. kr., og er það 0,8% lækkun frá því, sem var 1966. Meginhluti innkomins gjaldeyris er andvirði útflutnings eða 4.720,3 millj. kr. Duldar tekjur námu 1.699,5 millj. kr., og erlend lán, sem komið hafa inn sem keyptur gjaldeyrir, námu 161,5 millj. kr. Af þeirri upphæð voru rúmlega 34 millj. kr. á vegum Landsvirkjunar, 30 millj. kr. vegna Kísliðjunnar, 20 millj. kr. á vegum Framkvæmdasjóðs, 20 millj. kr. vegna Hitaveitu Reykjavíkur og tæpar 20 millj. kr. vegna Reykjavíkurhafnar. Auk framangreindra 161,5 millj. kr. af erlendu lánsfé, sem innfalið er í gjaldeyriskaupum bankanna, nam notkun erlendra lána 1.020,0 millj. kr., sem gengið hafa beint til greiðslu á innflutningi, svo sem skipum, flugvélum o. fl. Hefur því notkun erlendra lána numið samtals 1.181,5 millj. kr. á árinu.

Seldur gjaldeyrir samkvæmt gjaldeyris-söluskýrslum bankanna nam 7.703,6 millj. kr., og er það 61,1 millj. kr. lægra en árið áður. Nam andvirði innflutnings 5.558,3

millj. kr., en duldar greiðslur 2.145,3 millj. kr.

Mismunur á keyptum og seldum gjald-eyri nam 1.122,3 millj. kr., sala umfram kaup. Gjaldeyriseign bankanna rýrnaði um 1.070,3 millj. kr.

Þegar breyting á gjaldeyrisstöðunni er borin saman við mismun kaups og sölu, þarf að taka tillit til breytinga á erlendum víxlum, þar sem erlendir víxlar eru taldir með í yfirliti um gjaldeyrisstöðu bankanna um leið og bankarnir kaupa víxlana, en í gjaldeyriskaupaskýrslum er gjaldeyrir ekki talinn keyptur um leið og banki kaupir erlendan víxil, heldur um leið og víxillinn fæst greiddur. Á árinu 1967 varð 11,9 millj. kr. aukning á víxileigninni nettó, eins og sýnt er í sérstökum lið í sundurliðun á mismuni kaups og sölu. Er þá eftir mismunur að upphæð 40,1 millj. kr., og er þar um að ræða gengismun og aðrar færslur, sem koma ekki fram í gjaldeyrisviðskiptum, en valda breytingu á gjaldeyrisstöðunni.

Utan við gjaldeyrisviðskipti bankanna í 2. töflu er innflutningur á ákveðnum vöru- tegundum frá Bandaríkjunum, en andvirði þeirra er lánað samkvæmt sérstökum samningi (P. L. 480). Innflutningur þessi nam 59 millj. kr. á árinu 1967.

Allmikill munur er oft á andvirði útflutnings, eins og hann er talinn í 2. töflu og í verzlunarskýrslum. Munurinn liggur í fyrsta lagi í verðmætishækkun vegna farmgjalda, sem koma fram í gjaldeyriskaupum, en ekki í verzlunarskýrslum, þar sem útflutningur er talinn f. o. b. Þó er ísfiskútflutningur talinn hærrí í verzlunarskýrslum, þar sem aðeins hluta af söluandvirðinu er skilað til bankanna, en hitt fer til greiðslu á kostnaði erlendis og nemur að jafnaði mun hærrí upphæð en flutningsgjaldinu. Í öðru lagi getur það oft valdið miklum mun, að greiðslur koma inn á öðru ári en afskipun fer fram. Andvirði innflutnings verður einnig annað og jafnan lægra í gjaldeyrisskýrslum en í verzlunarskýrslum. Munurinn liggur aðallega í verðmæti farmgjalda, sem kemur fram í verzlunarskýrslum, þar sem innflutningur er talinn c. i. f., en hins vegar nær gjaldeyris-

2. tafla. Yfirlit um gjaldeyrisviðskipti bankanna 1967.

(Í millj. kr.)

<i>Innkomið:</i>	
<i>Keyptur gjaldeyrir:</i>	
a. Andvirði útflutnings	4.720,3
b. Duldar tekjur	1.699,5
c. Lán	161,5
<hr/>	
Innkomið alls	6.581,3
<i>Útlátið:</i>	
<i>Seldur gjaldeyrir:</i>	
a. Andvirði innflutnings ..	5.558,3
b. Duldar greiðslur	2.145,3
<hr/>	
Útlátið alls	7.703,6
<i>Mismunur:</i>	
Rýrnun gjaldeyrisstöðu	÷ 1.070,3
Breyting á víxileign, nettó	÷ 11,9
Annar mismunur	÷ 40,1
<hr/>	
Alls ÷	1.122,3

3. tafla. Kaup og sala bankanna á erlendum gjaldeyri mánaðarlega
1965—1967 og skipting á gjaldeyristegundir.
(Í millj. kr.)

	Keyptur gjaldeyri			Seldur gjaldeyri		
	1965	1966	1967	1965	1966	1967
Janúar	352,5	613,2	564,9	400,7	571,8	595,9
Febrúar	413,9	636,7	656,2	387,0	513,0	581,8
Marz	447,4	605,9	440,8	491,6	645,7	548,8
Apríl	515,1	512,0	583,5	511,2	543,7	604,2
Mái	669,9	634,3	506,1	601,3	675,0	728,5
Júní	694,8	682,7	514,8	621,4	735,2	741,3
Júlí	564,2	565,2	600,5	582,2	678,8	645,5
Ágúst	654,2	607,7	566,0	569,4	638,5	680,2
Septembar	538,1	581,6	498,3	573,5	803,8	677,0
Október	670,4	837,7	502,5	595,6	672,0	629,5
Nóvember	611,9	802,8	423,3	633,6	605,2	554,7
Desember	781,9	749,4	724,4	657,1	682,0	716,2
Samtals	6.914,3	7.829,2	6.581,3	6.624,6	7.764,7	7.703,6
Frjáls gjaldeyri	6.128,1	6.989,4	5.861,8	5.665,1	6.973,5	7.149,3
Vöruskiptagjaldeyri	786,2	839,8	719,5	959,5	791,2	554,3
Samtals	6.914,3	7.829,2	6.581,3	6.624,6	7.764,7	7.703,6

salan að jafnaði aðeins til f. o. b. verðs. Auk þess fara greiðslur fyrir nokkurn hluta innflutningsins ekki fram á sama ári og innflutningur er talinn í verzlunarskýrslum. Sérstaklega á þetta við um þann hluta innflutnings, sem byggist á erlendum lántökum og kemur því ekki til greiðslu hjá bönkunum fyrr en síðar og flokkast þá undir duldar greiðslur, þegar um afborganir af föstum lánnum er að ræða. Er þetta algengt í sambandi við kaup og innflutning á flugvélum, fiskibátum og öðrum skipum.

Kaup og sala bankanna á erlendum gjaldeyri eru sundurliðuð eftir mánuðum í 3. töflu, og einnig er þar sundurliðun í frjálsan gjaldeyri og vöruskiptagjaldeyri. Til vöruskiptagjaldeyris teljast allt tímabilið, sem taflan nær yfir, gjaldeyrisviðskipti við Rússland, A.-Þýzkaland, Rúmeníu og Brasilíu, við Pólland til ársloka 1966 og við Tékkóslóvakíu fram til 30. september 1966. Kaup á vöruskiptagjaldeyri minnkuðu um 120 millj. kr. á árinu, og námu 10,9% af heildarkaupum á móti 10,7% 1966. Sala á vöruskiptagjaldeyri minnkaði um 236,9 millj.

kr. 1967 miðað við fyrra ár og nam 7,2% af heildarsölunni á móti 10,2% 1966.

Í fjórðu töflu er nánari sundurliðun á heildarupphæð dulinna gjaldeyristekna, sem sýnd er í 2. töflu, og sundurliðun á gjaldeyrisölu fyrir öðru en innflutningi er sýnd í 5. töflu. Duldu greiðslum er enn fremur skipt í greiðslur gegn leyfum og án leyfa. Greiðslur án leyfa eru fyrir ýmsa opinbera aðila og erlend sendiráð. Í yfirfærslum ríkissjóðs er innifalinn kostnaður við utanríkisþjónustuna auk annarra útgjalda ríkissjóðs erlendis. Í liðnum bankar eru kaup á seðlum, sem íslenskir ferðamenn selja erlendis, langstærsti þátturinn.

Gjaldeyrisstaða.

Gjaldeyrisstaða bankanna, en það eru eignir og skuldir nettó í erlendum bönkum, verðbréfaeign, gulleign Seðlabankans, nettóstaða við Alþjóðagjaldeyrisjóðinn, seðlar og erlend mynt ásamt ávísunum og víxlum, sem greiðast eiga í erlendum gjaldeyri, er sýnd á eftirfarandi yfirliti, sem sýnir gjald-

eyrisstöðuna í árslok sl. þrjú ár í millj. kr., skipt á Seðlabanka og viðskiptabanka og enn fremur skipt á frjálsan gjaldeyri og vöruskiptagjaldeyri.

<i>Seðlabankinn</i>	1965	1966	1967
Frjáls gjaldeyri og gull			
Eignir	2.319	2.499	2.012
Skuldir	3	83	466
Frjáls gjaldeyri, nettó	2.316	2.416	1.546
Vöruskiptareikn. nettó	+248	+188	+30
Nettóst. Seðlabankans	2.068	2.228	1.516
<i>Viðskiptabankar, nettó</i>	+156	+313	+475
<i>Gjaldeyrisstaða bankanna</i>			
Frjáls gjaldeyri	2.160	2.103	1.071
Vöruskiptareikningar .	+248	+188	+30
Alls	1.912	1.915	1.041

Á framangreindu yfirliti eru tölurnar umreiknaðar í íslenskar krónur samkvæmt skráðu gengi í hver árslok. Sé gjaldeyrisstaðan í árslok 1967 umreiknuð í íslenskar krónur á því gengi sem gildi fyrir 24. nóvember 1967 verður heildarstaðan 844,9 millj. kr. og stöðubreyting á árinu því 1.070,3 millj. kr., ef miðað er við það gengi, sem gildi fyrir 24. nóvember og skiptist þannig, að í frjálsum gjaldeyri versnaði staðan um 1.222,4 millj. kr., en batnaði í vöruskiptagjaldeyri um 152,1 millj. kr.

Próun gjaldeyrisstöðunnar eftir mánuðum var þannig, að í janúar versnaði staðan lítilsháttar, en batnaði aftur í febrúar og hélzt því nær óbreytt í marz og apríl, en fór síðan stöðugt versnandi til ársloka, þegar miðað er við óbreytt gengi. Frekari sundurliðun á gjaldeyrisstöðu bankanna og mánaðarlegar breytingar er að finna í X. töflu í töflusafni aftast í þessu hefti.

Vegna hinnar geysimiklu lækkunar á útflutningstekjum á árinu 1967 og þar af leiðandi rýrnunar á gjaldeyrisstöðunni notfærði Ísland sér lántökumöguleika hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem standa þátttökuríkjum til boða, þegar útflutningstekjur hafa lækkað verulega á ákveðnu tímabili vegna skyndilegra og ófyrirsjáanlegra áfalla. Lán þessi nefnast jöfnunarlán (compensatory financing), og var samið um slíkt

4. tafla. *Gjaldeyriskaup bankanna fyrir annað en útflyttar vörur 1965—1967.*
(Í millj. kr.)

	1965	1966	1967
Umboðslaun	81,2	115,1	130,1
Erlend skip	35,2	42,7	44,6
Íslensk skip	36,7	44,4	21,0
Tryggingabætur og björgunarlaun	43,9	38,6	71,9
Tekjur innlendra flugfél. .	245,4	327,4	225,1
Flugþjónusta	47,8	41,7	54,3
Erlend flugfélög og Keflavíkurviðskipti	110,2	120,0	112,0
Sendiráð	25,1	29,4	37,6
Ferðamenn	82,1	94,5	97,4
Fríhöfnin í Keflavík	21,7	21,3	27,9
Varnarliðið og verktakar þess	239,6	341,1	479,6
Ýmsar fjármagnshreyfingar	—	52,5	262,5
Ýmislegt	99,7	97,1	135,5
Samtals	1.068,6	1.365,8	1.699,5

lán að upphæð 3.750 þús. dollara, sem samsvavar einum fjórða af framlagi Íslands til sjóðsins eða 161 millj. kr. á því gengi, sem gildi, þegar lánið var tekið, en það samsvavar 214 millj. kr. á núverandi gengi. Lántakan sjálf hefur hvorki áhrif á gjaldeyrisstöðuna nettó né hreyfingu gjaldeyrisstöðunnar, þar sem andvirði lánsins kemur inn í stöðuna, sem aukin gjaldeyriseign, en skuldin við sjóðinn færast aftur á móti til skulda og lækkar þannig nettóstöðuna gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem er innifalín í gjaldeyrisstöðu bankanna, eins og að framan er sagt.

Stutt vörukaupalán innflytjenda námu 743 millj. kr. í árslok 1967 á móti 673 millj. kr. í árslok 1966 og jukust þannig um 70 millj. kr. á árinu, en höfðu aukizt um 119 millj. kr. á árinu 1966.

Samningsbundnar erlendar skuldir opinberra aðila til eins árs eða lengri tíma jukust um 314 millj. kr. á árinu 1967, og samningsbundnar erlendar skuldir einkaaðila til eins árs eða lengri tíma jukust um 228 millj. kr. Nánari upplýsingar um samningsbundin erlend lán er að finna í sérstakri grein um erlend lán í þessu hefti Fjármála- tíðinda.

Verðmæti útflutningsvörubirgða nam 1.066 millj. kr. í árslok 1967, en 1.104 millj. kr. í árslok 1966. Miðað er við verðlag í lok hvors árs, en árslokátölur 1967 miðaðar við það gengi sem gildi fyrir 24. nóvember. Þannig uppgert hefur verðmæti útflutningsvörubirgða rýrnað um 38 millj. kr. á árinu.

Skipulag gjaldeyris- og innflutningsmála.

Á árinu 1967 var ekki um að ræða neinar meiri háttar breytingar á skipulagi gjaldeyris- og innflutningsmála, frá því sem verið hefur undanfarin ár.

Viðskiptaráðuneytið og Seðlabanki Íslands hafa með höndum yfirumsjón gjaldeyris- og innflutningsmála, og Seðlabankinn annast eftirlit gjaldeyrisviðskipta. Úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa fyrir vörum og gjaldeyrisgreiðslum annast Landsbankinn og Útvegsbankinn í samráði við viðskiptaráðuneytið, en þeir eru einu viðskiptabankarnir, sem rétt hafa til þess að verzla með erlend- an gjaldeyri.

Gjaldeyrisbankarnir gefa út þrens konar leyfi: A-leyfi, sem eru gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir vörum; B-leyfi, sem aðeins eru innflutningsleyfi fyrir vörum, enda hafi innflytjandinn gert grein fyrir gjaldeyri til greiðslunnar; og loks eru leyfi fyrir duldu greiðslum.

Úthlutun A-leyfa, sem eru gjaldeyris- og innflutningsleyfi, má skipta í tvennt: Annars vegar leyfi fyrir vörum, sem flytja má inn frá hvaða landi, sem viðskipti eru við í frjálsum gjaldeyri, og hins vegar leyfi fyrir vörum, sem aðeins má flytja inn frá vöruskiptalöndum. Í byrjun hvers árs ákveður ríkisstjórnin, að höfðu samráði við Seðlabankann og gjaldeyrisbankana, heildarupphæð leyfaúthlutunar í frjálsum gjaldeyri, og er þeirri upphæð skipt milli vöruflokka. Upphæð hvers flokks nefnist kvóti hans, og eru kvótarnir auglýstir. Vörum, sem úthlutað er eftir innflutningskvótum, er skipt í tvo kafla. Í I. kafla eru vörur, sem úthlutað er þrisvar sinnum á ári, í janúar-febrúar, júní og október. Í II. kafla eru vörur, sem úthlutað er á þeim tíma, sem nauðsynlegt er talið. Leyfaveitingar fyrir

5. tafla. Gjaldreyrissala fyrir öðru en innflutningi 1965—1967.
(Í millj. kr.)

	1965	1966	1967
<i>A. Gegn leyfum:</i>			
Námskostnaður	71,5	76,7	86,5
Ferða- og dvalarkostnaður	227,8	320,1	354,1
Sjúkrakostnaður	8,8	9,1	10,4
Vinnulaun til útlendinga	46,6	66,6	62,7
Áhafnagjaldeyrir skipa og flugvéla	36,8	45,0	53,1
Eignayfirfærsla	24,5	37,4	43,2
Skuldagreiðslur	127,7	169,4	225,1
Afborganir af skipum og flugvélum	184,7	171,2	182,6
Skipa og flugvélagj.	279,0	300,9	263,1
Skipaleiga	102,1	184,6	156,7
Skipa- og flugvéla viðgerðir	51,3	77,9	95,4
Tryggingar	54,4	42,9	48,8
Umboðslaun	17,1	22,7	13,3
Ýmislegt	92,4	124,4	94,7
Samtals	1.324,7	1.648,9	1.689,7
<i>B. Án leyfa:</i>			
Ríkissjóður	67,2	115,2	97,4
Framkvæmdasjóður	152,3	230,9	177,6
Bankar	118,1	136,7	155,8
Póstur og sími	27,9	21,4	19,6
Ýmislegt	8,6	8,1	5,2
Samtals	374,1	512,3	455,6
A+B alls	1.698,8	2.161,2	2.145,3

innflutningi frá vöruskiptalöndunum fara fram í samræmi við viðskiptasamninga, sem í gildi eru við hvert einstakt land.

Gjaldeyrisúthlutun bankanna vegna innflutnings á frílistavörum, svo og veiting á innflutningsleyfum 1966 og 1967. er sýnd í 6. töflu. Leyfi fyrir innflutningi vegna varnarliðsviðskipta og fríhafnar eru ekki talin með. Samkvæmt þessum tölum nam gjaldeyrisúthlutun bankanna fyrir frílistavörum rúmlega 85% 1966 og tæplega 88% 1967 af heildargjaldeyrisúthlutun vegna innflutnings.

Á árinu 1967 var enn dregið úr takmörkuðum innflutnings, með því að innflutningur var gefinn frjáls á nokkrum vörutegundum í janúar. Er nú um 89% af heildarinnflutningnum frjáls. Þar að auki er mikill hluti þess innflutnings, sem enn er háður leyfum, en þar eru bensín og brennsluólfur mikilvægustu vörutegundirnar, þó einungis

Erlend lán 1967

Í grein þessari er rætt um erlendar lántökur og afborganir og vaxtagreiðslur af erlendum lánum á árinu 1967 ásamt heildarupphæð fastra erlendra lána. Eiður H. Einarsson tók saman greinina.

Erlend innkomin lán 1967 námu samtals 1.181,5 millj. kr. Þar af var röskur helmingur á vegum einkaaðila eða 620,2 millj. kr.

Af innkomnu lánsfé var stærsta einstaka lántakan gerð af Flugfélagi Íslands í sambandi við kaup þeirra á Gullfaxa (Boeing 727 C). Stærsta umsamda lántakan á árinu var hins vegar á vegum Landsvirkjunar, sem samdi um lántöku hjá AEG í Vestur-Þýzkalandi að fjárhæð röskar 100 millj. kr. vegna kaupa á tveimur gastúrbínum. Fastar erlendar skuldir hækkuðu úr 4.570,0 millj. kr. í árslok 1966 í 5.111,7 millj. kr. í árslok 1967 eða um 11,9%. Afborganir af erlendum lánum, bæði opinberra aðila og einkaaðila, hækkuðu á árinu um 10,1%, og vaxtagreiðslur hækkuðu um 18,7%. Greiðslubyrðin hækkaði úr 8,7% 1966 upp í 11,4% 1967. Í því, sem hér fer á eftir, verður þessum atriðum og öðrum viðkomandi erlendum lánum gerð nánari skil. Miðað er alls staðar við það gengi, sem í gildi var, áður en gengisbreytingin 24. nóv. 1967 átti sér stað, nema annað sé tekið fram, enda fóru mestöll lánaviðskipti á árinu fram á því gengi.

Erlendar lántökur.

Erlendar lántökur 1967 námu samtals 1.181,5 millj. kr., og er þá átt við þau lán og hluta af lánum, sem talin eru innkomin á árinu. Af innkomnum lánum voru 1.020,0 millj. kr. fyrir utan gjaldeyrisverzlun bank-

anna. Lánanotkunin var að meiri hluta á vegum einkaaðila eða 620,2 millj. kr., en opinberir aðilar notuðu erlend lán að fjárhæð 561,3 millj. kr. Árið 1966 urðu erlendar lántökur alls 1.152,4 millj. kr. og hafa því hækkað 1967 um 29,1 millj. kr. eða 2,5%, miðað við árið áður. Lántökur einkaaðila hækkuðu um 5,1 millj. kr., en lántökur opinberra aðila um 24,0 millj. kr.

Innkomin lán, svo og vaxtagreiðslur og afborganir, eru sýnd í 1. töflu. Lánin eru að venju flokkuð á opinbera aðila og einkaaðila og skipt á gjaldeyristegundir. Af innkomnum lánum hafði verið samið um 579,1 millj. kr. fyrir ársbyrjun 1967, þar af á vegum opinberra aðila 222,8 millj. kr. og 356,3 millj. kr. á vegum einkaaðila. Lán, sem samið var um á árinu 1967, en ónotuð voru í árslok, námu samtals 268,5 millj. kr. Meiri hluti þessa lánsfjár fer til opinberra aðila eða 139,1 millj. kr.

Hér á eftir verður getið helztu lána, sem samið var um á árinu 1967.

Framkvæmdasjóður Íslands tók að tilhlutan ríkisstjórnarinnar lán að fjárhæð 500 þús. dollarar. Lánið er tekið hjá Viðreisnarsjóði Evrópu, og skal andvirði þess varið til framkvæmda á vegum Vestfjarða-áætlunarinnar. Vextir eru 6¾%, og endurgreiðsla fer fram á árunum 1971—1981. Lánið var allt notað 1967. Sams konar lán voru einnig tekin 1965 og 1966, 500 þús. dollarar í hvort skipti.

Ríkissjóður samdi á árinu við Banda-

6. tafla. Afgreiddar gjaldeyrisútsóknir vegna innflutnings 1966 og 1967.
(Í millj. kr.)

	1966			1967		
	Frjáls gjaldeyrir	Vörusk. gjaldeyrir	Samtals	Frjáls gjaldeyrir	Vörusk. gjaldeyrir	Samtals
Frillisti	4.713,8	257,3	4.971,1	4.994,7	105,4	5.100,1
A-leyfi	135,9	594,9	730,8	112,9	431,9	544,8
Önnur leyfi	140,1	—	140,1	152,1	—	152,1
Samtals	4.989,8	852,2	5.842,0	5.259,7	537,3	5.797,0

háðar leyfum til þess að tryggja viðskipti við vöruskiptalönd. Það er því lítill hluti heildarinnflutnings, sem er raunverulega takmarkaður með því að vera háður innflutningsleyfum.

Yfirfærslur fyrir duldam greiðslum eru að mestu leyti frjálsar og skiptast í eftirfarandi þrjá flokka:

- 1) Greiðslur, sem eru algerlega frjálsar, og leyfaveiting því eingöngu til þess að auðvelda eftirlit. Helztu greiðslur í þessum flokki eru: útgjöld íslenskra flugvéla og skipa vegna annars en skipaviðgerða, greiðslur fyrir leiguskip, umboðslaun, náms- og sjúkrakostnaður, ferðakostnaður vegna viðskiptaerinda, greiðslur vegna endurtrygginga og vörutrygginga í utanríkisviðskiptum. Enn fremur eru greiðslur ríkissjóðs, greiðslur vegna pósts og síma og erlendir kostnaður gjaldeyrisbankanna algerlega frjáls og undanþeginn leyfum.
- 2) Greiðslur, sem eru frjálsar upp að vissu marki, og eru þar helztar greiðslur vegna almennra ferðalaga.
- 3) Greiðslur, sem leyfi eru veitt fyrir með

tilliti til þarfa í hverju einstöku tilviki, t. d. skipaviðgerðir og greiðslur af beinum tryggingum.

Helzta breytingin á árinu varðandi duldar greiðslur var í sambandi við greiðslur vegna almennra ferðalaga, en hámark þeirrar upphæðar, sem veitt er hverjum einstökum ferðamanni var 1. september 1967 lækkuð úr 15.000 krónum í 10.000 kr., en hækkuð aftur eftir gengisbreytinguna í 11.400 kr. Þá var sú upphæð í íslenskum peningum, sem ferðamenn mega taka með sér út og inn í landið lækkuð í 1.500 krónur. Áður máttu innlendir ferðamenn taka með sér 2.500 krónur úr landi og jafnháa upphæð aftur inn í landið. Erlendir ferðamenn máttu áður koma með 5.000 krónur inn í landið, en taka með sér 2.500 krónur út úr landinu. Jafnframt þessu var bannað að flytja úr landi stærri seðla en eitt hundrað krónu seðla.

Allar greiðslur vegna fjármagnsflutninga eru takmörkunum háðar og leyfi aðeins veitt með tilliti til sérstakra þarfa í hverju einstöku tilviki.

1. tafla. Hreyfing fastra erlendra lána 1967.
(Í millj. kr.)

	Innkomin lán			Vaxtagreiðslur			Afborganir		
	Opinb. aðilar	Einka- aðilar	Samtals	Opinb. aðilar	Einka- aðilar	Samtals	Opinb. aðilar	Einka- aðilar	Samtals
Lán í dollurum	367,7	302,9	670,6	80,1	16,1	96,2	144,1	36,6	180,7
„ „ Bandar. í isl. kr. ...	—	—	—	11,0	—	11,0	2,5	—	2,5
„ „ Kanadadollurum ..	18,6	42,1	60,7	0,4	40,1	40,5	0,7	133,3	134,0
„ „ sterlingsp.	50,5	13,3	63,8	13,7	5,7	19,4	33,6	18,0	51,6
„ „ dönskum kr.	1,9	12,7	14,6	2,5	12,2	14,7	6,8	42,5	49,3
„ „ norskum kr.	11,0	149,3	160,3	4,4	26,4	30,8	17,5	88,7	106,2
„ „ sænskum kr.	59,5	0,6	60,1	1,8	1,9	3,7	16,1	7,5	23,6
„ „ frönskum fr.	—	—	—	1,1	—	1,1	—	—	—
„ „ belg. fr.	2,6	—	2,6	—	0,8	0,8	—	5,0	5,0
„ „ svissn. fr.	—	—	—	6,7	0,0	6,7	5,3	—	5,3
„ „ gyllinum	0,5	50,2	50,7	0,3	5,3	5,6	0,9	20,4	21,3
„ „ þýzkum mörkum ..	30,0	14,2	44,2	6,4	11,0	17,4	13,9	38,1	52,0
„ „ tékkn. krónum	—	—	—	—	—	—	—	—	—
„ „ lírum	2,9	—	2,9	—	—	—	—	—	—
„ „ írskum pundum ...	14,6	—	14,6	0,1	—	0,1	—	—	—
„ „ japönskum yen	1,5	—	1,5	—	—	—	—	—	—
„ „ Póllandi	—	—	—	0,2	0,4	0,6	0,6	0,7	1,3
„ „ A-Þýzkalandi	—	34,9	34,9	—	0,1	0,1	—	1,5	1,5
„ „ Rússlandi	—	—	—	0,5	—	0,5	5,5	0,0	5,5
Samtals	561,3	620,2	1.181,5	129,2	120,0	249,2	247,5	392,3	639,8

rikjastjórn um lántöku, að fjárhæð 1.252 þús. dollarar (PL 480, Title IV). Lán þetta er veitt vegna kaupa Íslendinga á landbúnaðarvörum frá Bandaríkjunum og er hliðstætt þeim lánunum, sem tekin hafa verið síðustu árin. Vextir eru 4½%, og nemur fyrsta afborgun 25% af lánsfjárhæðinni, en eftirstöðvar greiðast síðan með 17 árlegum afborgunum. Af lánsfénu voru notaðir 648.819 dollarar á árinu. Þá kom einnig inn á árinu 440.651 dollari af láni ríkissjóðs hjá Bandaríkjastjórn, sem samið var um 1966, að fjárhæð 2.202 þús. dollarar. Ónotað í árslok 1967 voru 503.061 dollarar, og verður það ekki notað.

Ríkissjóður notaði á árinu 2 millj. dollara af 6 millj. dollara bráðabirgðaláni, sem samið var um jafnhliða lántöku Landsvirkjunar hjá The Equitable Life Assurance Society o. fl. og nánar er frá sagt í 2. hefti Fjármálatíðinda 1967. Þetta bráðabirgðalán er tekið til fjáröflunar vegna framkvæmda við Búrfell og Straumsvíkurhöfn og endurgreiðist í einu lagi 1969, þegar 6

millj. dollara skuldabréfalán Landsvirkjunar hjá The Equitable Life Assurance Society o. fl. hefur verið notað til fulls, en af því láni hafa aðeins komið inn 450 þús. dollarar, og var ekkert notað af því á árinu 1967.

Landsvirkjun samdi á árinu um lántöku hjá fyrirtækinu AEG í Vestur-Þýzkalandi vegna kaupa á 2 gastúrbínum fyrir varastöðvar. Lánsfjárhæðin verður 9.344.080 þýzk mörk og endurgreiðist með 20 hálfársgreiðslum ásamt 6½% vöxtum. Lánið var ónotað 1967. Gert er ráð fyrir ríkisábyrgð á láninu.

Árið 1966 samdi Landsvirkjun um lántöku hjá Caterpillar Overseas S. A. í Genf vegna Fosskraft til kaupa á vinnuvélum. Lán þetta var fært á lánayfirliti 1966 í svissn. frönskum, en á hins vegar að endurgreiðast í dollurum og sterlingspundum. Lánið er með 6% vöxtum á árunum 1966—1969. Eftirstöðvar námu í árslok 1967 205.687 dollurum og 12.261 sterlingspundi, en lánsféð kom allt inn á árinu 1966.

2. tafla. Greiðslubyrðin af erlendum lánnum 1958—1967 í hlutfalli við tekjur af vörum og þjónustu.

	Hlutfallstölur		
	Opinb. lán	Einka-lán	Alls
1958	3,1	2,0	5,1
1959	5,6	3,1	8,7
1960	6,3	3,6	9,9
1961	6,8	4,2	11,0
1962	5,4	4,8	10,2
1963	4,8	3,7	8,5
1964	4,6	3,4	8,0
1965	4,3	3,4	7,7
1966	4,4	4,3	8,7
1967	4,8*	6,6*	11,4*

* Bráðabirgðatölur.

3. tafla. Meðalvextir af erlendum lánnum 1958—1967.

	Meðalvextir af:		
	Opinb. lánnum %	Einka-lánnum %	Erl. lánnum í heild %
1958	2,48	4,52	2,87
1959	3,33	4,90	3,60
1960	3,34	6,14	3,95
1961	3,66	6,42	4,33
1962	3,75	6,58	4,40
1963	4,06	6,03	4,50
1964	4,24	5,48	4,61
1965	4,31	6,32	5,05
1966	4,26	5,94	4,93
1967	4,58	5,94	5,15

Af láni Landsvirkjunar hjá Alþjóðabankanum að fjárhæð 18 millj. dollara, sem samið var um 1966, voru notaðir 5.118.795 dollarar 1967. Árið 1966 voru notaðir alls 1.122.227 dollarar, og var því óinnkomið af láninu í árslok 1967 11.758.978 dollarar. Gert var ráð fyrir, að lánsféð yrði allt komið inn árið 1970.

Síldarverksmiðjur ríkisins tóku lán hjá Alfa Laval A/B á árinu, að fjárhæð 322.170 sænskar krónur vegna kaupa á 5 skilvindum í S. R. á Reyðarfirði. Vextir eru 8%, og endurgreiðsla fer fram á 2½ ári. Annað

lán, sem Síldarverksm. ríkisins tóku á árinu, var hjá A/S Kampens Mek. Verksted í Oslo, að fjárhæð 192.915 norskar krónur. Lánið fer til kaupa á 3 síldarsjóðurum í S.R. á Reyðarfirði og Húsavík og endurgreiðist á 2 árum ásamt 7% vöxtum. Loks tóku Síldarverksmiðjur ríkisins lán í Þýzkalandi hjá Orenstein-Koppel und Lübecker Maschinenbau A. G., að fjárhæð 267.689 þýzk mörk, vegna viðgerða og breytinga á m/s Hafnerinum, sem keyptur var árið 1966. Endurgreiðslutími er 2 ár, vextir 7%.

Flugmálastjórnin tók 2 lán á árinu vegna kaupa á fjarskipta- og flugöryggistækjum. Lánin eru að fjárhæð 350 og 90 þús. dollarar og komu bæði inn 1967. Þau eru tekin í Bandaríkjunum og endurgreiðast á 5 árum með 6½% vöxtum.

Póstur og sími notaði á árinu hluta af láni, sem samið var um 1966, að fjárhæð 1.520.800 sænskar krónur. Ónotað í árslok 1967 nam 297.400 sænskum krónum. Upphaflega lánsfjárhæðin 1966 var 2.837.400 s. kr., og var notað á því ári 1.019.200. Lánsfé rennur til kaupa á sjálfvirkum útbúnaði og endurgreiðist á 2 árum, í fyrsta sinn ½ ári eftir síðustu afhendingu. Vextir eru 6%.

Rafmagnsveitur ríkisins sömdu um lán-töku 1967 að fjárhæð £ 29.450 vegna kaupa á dieselrafstöð. Lánið verður notað 1968 og endurgreiðist á 2 árum með 6% vöxtum.

Á árinu 1967 tók Hafnarsjóður Reykjavíkur lán að fjárhæð 465 þús. dollarar hjá Skånska Cementgjuteriet A/B í Svíþjóð vegna framkvæmda við Sundahöfn. Vextir eru 7¼%. Gert er ráð fyrir, að lánið endurgreiðist í einu lagi árið 1969, og ábyrgist Borgarsjóður Reykjavíkur endurgreiðslu.

Hitaveita Reykjavíkur tók lán hjá Hambros bank Ltd. á árinu að fjárhæð 500 þús. dollarar. Lánsféð rennur til framkvæmda á vegum Hitaveitunnar og endurgreiðist á 5 árum með 7¼% vöxtum. Borgarsjóður Reykjavíkur ábyrgist endurgreiðslu lánsins.

Loks tók Borgarsjóður Reykjavíkur lán hjá Volvo A/B vegna kaupa á 20 strætisvagngrindum. Lánsféð nam alls 843.200 s. kr. og endurgreiðist á 7 árum með 6% vöxtum.

Laxárvirkjunin samdi um 2 lán á ár-

inu. Annað verður tekið hjá Ass. Electrical Industries að fjárhæð £ 13.755 til 5 ára með 5½% vöxtum vegna kaupa á rafmagns-útbúnaði fyrir dieselvél. Hitt lánið verður tekið hjá Ruston og Hornsby Ltd. að fjárhæð £ 61.877 til kaupa á dieselvél. Vextir verða breytilegar (1% yfir „bank rate“) og lánið endurgreiðist á 5 árum. Bæði lánin voru ónotuð 1967.

Strætisvagnar Akureyrar tóku lán á árinu vegna kaupa á 2 strætisvagngrindum. Lánið, sem tekið er hjá D. A. F.-verksmiðjunum í Hollandi, er að fjárhæð 42.429 gyllini og endurgreiðist á 3 árum með 6% vöxtum.

Rafveita Hafnarfjarðar notaði á árinu hluta af tveimur vörukaupalánum, sem samið var um árið 1966. Heildarlánsfjárhæð er 526.622 d. kr., en innkomið 1967 nam 306.182 d. kr. og ónotað í árslok því 220.440 d. kr. (Ekkert notað 1966).

Á árinu 1966 samdi ríkissjóður um lán hjá Hambros Bank að fjárhæð 85 þús. sterlingspund v/Kísiliðjunnar h. f., og kom inn á því ári £ 37.731 af lánsfénu. Árið 1967 komu hins vegar inn £ 47.097 en afgangurinn £ 172, fellur niður og verður ekki notaður.

Lán, sem byggingarnefnd sildarleitarskips samdi um á árinu 1966 í Bretlandi vegna kaupa á skipi (Árni Friðriksson RE 100), var allt notað 1967, að fjárhæð £ 255.200. Lánveitandi er Ships Mortgage Finance Co., London, en lántakandi telst vera Hafrannsóknastofnun Íslands. Lánið endurgreiðist á 5 árum ásamt 5½% vöxtum. Ríkisábyrgð er á láninu.

Af umsömdu láni ríkissjóðs 1966 hjá Export-Import Bank vegna Kísiliðjunnar h. f., að fjárhæð 850 þús. dollarar, voru notaðir 769.365 dollarar á árinu 1967. Lánið endurgreiðist með 20 hálfársgreiðslum og 6% vöxtum. Ríkisábyrgð er á láni þessu. Ekkert var notað af láninu 1966.

Loks kom inn á árinu 1967, það sem eftir var ónotað af lánum Landsbankans hjá Svenska Handelsbanken frá 1966. Hér er um 2 lán að ræða, annað að fjárhæð s. kr. 4,0 millj. vegna tækjakaupa til Borgarsjúkrahússins og framkvæmda við hitaveitu, en

hitt að fjárhæð 4,5 millj. sænskar krónur vegna tækjakaupa í austur-þýzka fiskibáta. Báðum þessum lánum var breytt í dollarlán og endurgreiðast á árunum 1967—1972 með breytilegum vöxtum. Af fyrra láninu hafði verið notað í árslok 1966, sem svaraði 630.266 dollurum, og á árinu 1967 komu inn andvirði 144.202 dollara. Síðara lánið var einnig fullnotað á árinu 1967, og kom inn andvirði 485.913 dollara á árinu, en jafnvirði 388.723 dollara hafði verið notað á árinu 1966.

Ekki er vitað til, að fleiri lántökur hafi verið gerðar 1967 af opinberum aðilum.

Erlend lánanotkun einkaaðila nam á árinu 1967 620,2 millj. kr., en auk þess var samið um lán að fjárhæð 129,5 millj. kr., sem ónotuð voru í árslok. Af heildarnotkuninni hafði verið samið um 356,3 millj. kr. fyrir ársbyrjun 1967, að langmestum hluta vegna flugvélakaupa Flugfélags Íslands (Boeing 727 C). Ónotað erlent lánsfé einkaaðila nam í árslok alls 129,9 millj. kr.

Í eftirfarandi yfirliti er innkomnum einkalánum í heild skipt eftir notkun árin 1966 og 1967 (millj. kr.):

	1966	1967
Fiskiskip	138,1	230,6
Önnur skip	8,7	1,1
Flugvélar	349,3	309,3
Fiskvinnsluvélar og frystitæki	51,3	20,2
Aðrar vélar	23,5	9,1
Rekstrarlán	2,7	4,2
Ýmislegt	41,7	45,7
	615,3	620,2

Bæði árin er stærsti liðurinn vegna flugvélakaupa, og var svo einnig árin 1964 og 1965. Stærsta lántakan var vegna kaupa Flugfélags Íslands á Boeing 727C, samtals að fjárhæð 266,7 millj. kr., samkvæmt samningi frá 1966. Lántökur Loftleiða á árinu námu aðeins 42,1 millj. kr. vegna varahluta og lengingar á einni flugvél. Hafa lántökur Loftleiða vegna flugvélakaupa numið alls um 880 millj. kr. á árunum 1964—1967.

Annar stærsti liðurinn í töflunni að framman er lán vegna fiskiskipa, 230,6 millj. kr. Lántökur vegna fiskiskipa eru háðar miklum sveiflum frá ári til árs. Þannig námu þær aðeins 28,7 millj. kr. 1965, en námu

4. tafla. Fastar erlendar skuldir í árslok 1966—1967.
(Í millj. kr.)

	Skuld í árslok 1966			Skuld í árslok 1967*		
	Opinb. aðilar	Einkaaðilar	Samtals	Opinb. aðilar	Einkaaðilar	Samtals
Lán í dollurum	1.546,3	142,9	1.689,2	1.769,9	409,2	2.179,1
„ „ Bandar. í ísl. kr.	274,0	—	274,0	271,5	—	271,5
„ „ Kanadadollurum	6,8	751,3	758,1	24,7	660,1	684,8
„ „ sterlingsp.	362,1	100,1	462,2	379,0	95,4	474,4
„ „ dönskum kr.	49,4	179,1	228,5	44,5	149,3	193,8
„ „ norskum kr.	71,7	410,6	482,3	65,2	471,2	536,4
„ „ sænskum kr.	42,3	30,5	72,8	85,7	23,6	109,3
„ „ frönskum fr.	23,7	—	23,7	23,7	—	23,7
„ „ belg. fr.	—	14,3	14,3	2,6	9,3	11,9
„ „ svissn. fr.	103,3	0,5	103,8	98,0	0,5	98,5
„ „ gyllinum	5,8	83,3	89,1	5,4	113,1	118,5
„ „ þýzkum mörkum	141,7	188,3	330,0	157,8	164,4	322,2
„ „ tékkn. kr.	—	1,4	1,4	—	1,4	1,4
„ „ lírum	—	—	—	2,9	—	2,9
„ „ írskum pundum	1,9	—	1,9	16,5	—	16,5
„ „ japönskum yen	—	—	—	1,5	—	1,5
„ „ Póllandi	11,7	3,7	15,4	11,1	3,0	14,1
„ „ A.-Þýzkalandi	—	1,5	1,5	—	34,9	34,9
„ „ Rússlandi	21,6	0,2	21,8	16,1	0,2	16,3
Samtals	2.662,3	1.907,7	4.570,0	2.976,1	2.135,6	5.111,7
Á gengi í árslok 1967	3.369,9	2.488,1	5.858,0	3.781,6	2.794,5	6.576,1

* Á gengi fyrir 24. nóvember 1967.

árið áður 239,4 millj. kr. Lántökur vegna annarra skipa en fiskiskipa námu á árinu 1967 aðeins 1,1 millj. kr., og eru því, samkvæmt framansögðu, heildarlántökur vegna skipa og flugvéla 1967 samtals 541,0 millj. kr. á móti 496, 1 millj. kr. 1966. Heildarlántökur vegna skipa og flugvéla eru því nær 9/10 hlutar af lántökum einkaaðila í heild.

Í liðnum ýmislegt er innifalið lánsfé Kísiliðjunnar hjá Johns-Manville Corp., sem kom allt inn á árinu, en var umsamið 1966. Lánið nam 34,4 millj. kr.

Sem fyrr segir, hafði verið samið um lántökur einkaaðila að fjárhæð 129,5 millj. kr., sem ónotaðar voru í árslok 1967. Þar á meðal er lántaka, sem Loftleiðir h. f. samdi um á árinu í Bandaríkjunum. Lán þetta verður tekið hjá Flying Tiger Company Ltd. að fjárhæð 2.050 þús. dollarar og endurgreiðist á 60 mánuðum ásamt 6½% vöxtum. Lánsfé rennur til kaupa á flugvél

af gerðinni CL—44, sem kemur á árinu 1968. Sömuleiðis var samið um lántöku Flugfélags Íslands í Hollandi til kaupa á þriðju Fokker Friendship flugvélinni, að fjárhæð 3.298 þús. gyllini, sem endurgreiðast á 5 árum með 7% vöxtum. Hér að framman hefur verið skýrt frá helztu lántökum 1967, tekin upp öll ný opinber lán, en drepíð á þau stærstu meðal einkalána.

Afborganir af erlendum lánnum.

Eins og sjá má af 1. töflu, urðu afborganir af erlendum lánnum á árinu 1967 alls 639,8 millj. kr., en það er hækkun frá 1966 um 58,8 millj. kr. eða 10,1%. Afborganir af opinberum lánnum lækkuðu úr 291,4 millj. kr. í 247,5 millj. kr. eða um 43,9 millj. kr., en afborganir af einkalánnum lækkuðu úr 289,6 millj. kr. í 392,3 millj. kr. eða um 102,7 millj. kr.

Í 2. töflu er sýnd greiðslubyrði erlendra lána, en með henni er átt við heildargreiðslu afborgana og vaxta, reiknaða út sem hlutfall af tekjum af vörum og þjónustu samkvæmt greiðslujafnaðartölum. Tölurnar fyrir 1966 eru leiðréttar frá því, sem þær birtust í 2. hefti Fjármálatíðinda 1967, og er það gert í samræmi við endanlega niðurstöðu á greiðslujöfnuði. Tölurnar fyrir 1967 eru bráðabirgðatölur, sem gætu breytt eitt-hvað. Taflan sýnir, að greiðslubyrðin í heild 1967 er mun hærrí en árið áður, eða 11,4% í stað 8,7%. Þetta stafar að sjálf-sögðu af því, að tekjur af útfluttum vörum og þjónustu 1967 minnkuðu verulega, auk þess sem heildargreiðslur vaxta og afborgana hækkuðu. Greiðslubyrðin fór lækkandi á árunum 1962—1965, en hefur síðan farið hækkandi. Fyrir árið 1962 fór greiðslubyrðin hins vegar hækkandi ár frá ári og komst hæst 1961, 11,0%.

Vaxtagreiðslur af erlendum lánunum.

Árið 1967 urðu vaxtagreiðslur af erlendum lánunum samtals 249,2 millj. kr. Árið áður urðu vaxtagreiðslurnar 210,0 millj. kr., og var því hækkunin 39,2 millj. kr. eða 18,7%. Vaxtagreiðslur opinberra lána jukust úr 108,1 millj. kr. í 129,2 millj. kr., sem er 19,5% hækkun. Vaxtagreiðslur af einkalánunum jukust frá 1966 úr 101,9 millj. kr. í 120,0 millj. kr. eða um 17,8%. Í 3. töflu eru reiknaðir út meðalvextir af erlendum lánunum á árunum 1958—1967. Þetta er gert á þann hátt, að greiddir vextir eru reiknaðir út sem hlutfall af meðalupphæð erlendra lána í ársbyrjun og árslok. Taflan sýnir, að meðalvextir af erlendum lánunum eru 1967 tæplega 2,3% hærrí en 1958 eða 5,15% 1967 á móti 2,87% 1958. Meðalvextir af einkalánunum hafa hækkað um 1,42% á þessum 10 árum, en komust hæst í 6,58% 1962. Meðalvextir af opinberum lánunum hafa hækkað um 2,10% síðan 1958 og eru nú 4,58%.

Fastar erlendar skuldir.

Fastar erlendar skuldir í árslok 1966 og 1967 eru sýndar í 4. töflu, skipt á gjaldeyris-tegundir og flokkaðar á opinbera aðila og

5. tafla. Fastar erlendar skuldir í árslok 1958—1967.
(Í millj. kr.)

	Opinb. aðilar	Einkaaðilar	Samtals
1958	1.552,1	372,5	1.924,6
1959	2.036,2	455,3	2.491,5
1960	2.158,6	713,3	2.871,9
1961	2.158,2	694,9	2.853,1
1962	2.173,4	601,3	2.774,7
1963	2.446,7	725,9	3.172,6
1964	2.393,3	1.301,9	3.695,2
1965	2.416,3	1.525,2	3.941,5
1966	2.662,3	1.907,7	4.570,0
1967*	2.976,1	2.135,6	5.111,7

* Á gengi fyrir 24. nóvember 1967.

6. tafla. Fjöldi erlendra lána og meðal-fjárhæð þeirra 1958—1967.
(Í millj. kr.)

	Opinber lán		Einkalán		Samtals	
	Fjöldi láns-lána fjárhæð	Meðal-láns-fjárhæð	Fjöldi láns-lána fjárhæð	Meðal-láns-fjárhæð	Fjöldi láns-lána fjárhæð	Meðal-láns-fjárhæð
1958 ...	58	26,8	69	5,4	127	15,2
1959 ...	65	31,3	77	5,9	142	17,5
1960 ...	70	30,8	145	4,9	215	13,4
1961 ...	73	29,8	148	4,6	221	12,9
1962 ...	83	26,2	178	3,4	261	10,6
1963 ...	86	28,3	251	2,9	337	9,4
1964 ...	86	27,8	267	4,9	353	10,5
1965 ...	87	27,7	295	5,2	382	10,3
1966 ...	107	24,9	410	4,7	517	8,8
1967 ...	111	26,8	427	5,0	538	9,5

einkaaðila. Tölurnar fyrir 1966 eru nokkuð breyttar, frá því sem þær birtust í 2. hefti Fjármálatíðinda 1967, 136. bls., og er það vegna leiðréttinga, sem gerðar hafa verið í samræmi við betri upplýsingar, auk þess sem nokkur gengismunur verður alltaf milli ára. Sama er að segja um 2., 3. og 5. töflu.

Samkvæmt 4. töflu hafa heildarskuldbindingarnar hækkað úr 4.570 millj. kr. 1966 í 5.112 millj. kr., en það er hækkun um 542 millj. kr. eða 11,9%. Skuldir opinberra aðila hækkuðu um 314 millj. kr. eða 11,8%, en skuldir einkaaðila hækkuðu um 228 millj.

kr., sem er hækkun um rúm 11,9%. Með þessum tölum er aðeins átt við þann hluta lánanna, sem notaður hafði verið í lok hvors ársins um sig. Hér er einnig miðað við það gengi, sem gilti fyrir 24. nóv. 1967, en ef heildarskuldbindingar í árslok 1967 væru umreiknaðar til núverandi gengis, myndu þær nema samtals 6. 576 millj. kr., sem er 1.464 millj. kr. hærri upphæð en samkvæmt gamla genginu. Skuldir opinberra aðila 1967 nema á núverandi gengi 3.782 millj. kr. og einkaaðila 2.794 millj. kr., en það er hækkun vegna gengisbreytingarinnar um 27,1% og 30,8%, en í heild um 28,6%. Í árslok 1966 voru ónotaðar 1.478,8 millj. kr. af erlendum lánnum, sem þá hafði verið samið um. Samsvarandi upphæð í árslok 1967 var 1.019,7 millj. kr. (1.349,2 millj. kr. á núverandi gengi). Heildarskuldbindingar vegna fastra erlendra lána voru því, að óinnkomnu lánsfé meðtöldu, 6.131 millj. kr. á móti 6.049 millj. kr. 1966 og hækkuðu því á árinu um 82 millj. kr. eða um tæp 1,4%. Að óinnkomnu lánsfé meðtöldu hækkuðu skuldbindingar opinberra aðila úr 3.785 millj. kr. í 3.866 eða um 2,1%. Skuldbindingar einkaaðila hækkuðu úr 2.264 millj. kr. í 2.266 millj. eða um 0,1%. Í sambandi við þennan samanburð á skuldum milli ára ber að geta þess, að lán ríkissjóðs hjá Export-Import Bank, 850 þús. dollarar, vegna Kísiliðjunnar h. f. og sem ónotað var í árslok 1966, var talið með einkalánnum 1966, en er nú talið sem opinbert lán. (Notað 1967 rúmlega 769 þús. dollarar.)

Í 5. töflu eru sýndar fastar erlendar skuldir undanfarin 10 ár, flokkaðar á opinbera aðila og einkaaðila. Allar tölur í töflunni eru miðaðar við það gengi, sem í gildi var, áður en síðasta gengisbreyting var gerð, og ná aðeins til þess hluta lána, sem talin er notaður í hver árslok. Taflan sýnir,

